

**SKOÐUN** Katrín Jakobsdóttir hvetur stjórnvöld til samstarfs við ungt fólk um málefni sem tengjast þeim. 12



**MENNING** Tónlistarkonan Lay Low vann nýju plötuna sína, Talking About The Weather, nánast ein. 30



**SPORT** Eiður Smári Guðjohnsen segir íslenska landsliðið hafa alla burði til að slá út Króata og komast á HM. 26





# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

**Miðvikudagur**
13. nóvember 2013
267. tölublað 13. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012


**FRÉTTIR**



### Stríð gegn lúpínu tapað

Sérfræðingur telur lítið hægt að gera til að hindra útbreiðslu lúpínu. Kröftum skuli frekar beina að þeim tegundum sem enn hafa litla útbreiðslu. 8

**Skemmtilegt mótvægi** Tilkynnt var um sigurvegara í hönnunarsamkeppni um viðbyggingu við Sundhöllina. 2

**Tímasetning ekki aðalatriði** Ráðherra segir að tímaáætlun um náttúrupassann verði breytt gerist þess þörf, til að stefna ekki sátt í hættu. 4

**Matís með risafyrirtækjum** Stærsta alþjóðlega verkefni Matís er Mareframe sem skilar um einni milljón evra í tekjur. Samningar við Pepsico og Nestlé skila tugum milljóna. 6




12

| | | | |
|---|---|---|---|
| Bolungarvík | -1° | NA | 9 |
| Akureyri | -1° | A | 6 |
| Egilsstaðir | 1° | A | 10 |
| Kirkjubæjarkl. | 4° | NA | 6 |
| Reykjavík | 5° | N | 9 |

**ÚRKOMA VÍÐAST HVAR** Austan eða norðaustan 8-18 m/s og yfirleitt snjókoma eða slydda. Hlýnar með rigningu syðra. Hvöss NV-átt í kvöld og dregur úr úrkomu syðra. 4

**3 SÉRBLÖÐ**

Markaður | Fjáröflun | Fólk






**DANADROTTNING Á BESSASTÖÐUM** Margrét Þórhildur Danadrottning kom til Íslands í opinbera heimsókn í gær. Heimsóknin er í tilefni af 350 ára afmæli Árna Magnússonar handritasafnara. Drottning snæddi í gær hátíðarkvöldverð á Bessastöðum með Ólafi Ragnari Grímssyni forseta og ráðherrum ríkisstjórnar Íslands. Í dag bíður hennar þétt dagskrá viðburða í tengslum við afmælið. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Dómstólar taki afstöðu til handtöku

Handtökuskipun frá dönskum yfirvöldum á hendur Hjördísi Svan Aðalsteinsdóttur var tekin fyrir í héraðsdómi á mánudag. Niðurstöðu er að vænta á næstunni.

**DÓMSMÁL** Mál Hjördísar Svan Aðalsteinsdóttur sem flutti dætur sínar frá Danmörku gegn vilja föður þeirra var tekið fyrir af Héraðsdómi Reykjavíkur á mánudag. Deilt er um handtökuskipun sem barst frá Danmörku og kemur í hlut ríkissaksóknara að fullnusta, samkvæmt lögum um handtöku og afhendingu manna milli Norðurlandanna vegna refsiverðra verknaða. Hjördís mótmælti framsalinu til Danmerkur og fór málið því sjálfkrafa fyrir héraðsdóm en niðurstöðu þaðan er beðið.

Hjördís hefur verið í áralangri forsjárdeilu við danskan barnsföður sinn og voru dætur þeirra tvær meðal annars teknar af móðurinni með lögregluvaldi sumarið 2012 og fluttar til Danmerkur.

Danskur dómstóll dæmdi föðurnum svo fulla forsjá í september á síðasta ári og hefur Hjördís aðeins haft umgengnisrétt. Á grundvelli þess umgengnisréttar var Hjördís með stúlkurnar hjá sér í Danmörku í sumar þegar hún skilaði þeim ekki aftur á tilsettum tíma.

Fréttablaðið hefur heimildir fyrir því að Hjördís hafi fengið að dveljast hjá íslenskum presti í Noregi á meðan hún útvegaði flugvél til að fljúga með sig og dætur sínar til Íslands í gegnum Reykjavíkurflugvöll.

Faðir stúlknanna tilkynnti málið til lögreglunnar í Danmörku og hafa dönsk yfirvöld óskað eftir því að Hjördís verði framseld.

Ríkissaksóknari gaf út handtökuskipun á hendur Hjördísi sem síðan var afturkölluð á grundvelli mannúðarástæðna, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Handtökuskipunin var síðan endurútgefin og er nú tekist á um málið fyrir dómstólum.

Niðurstöðu má vænta fljótlega í málinu en kærufrestur til Hæstaréttar er einn sólarhringur þegar úrskurður héraðsdóms liggur fyrir.

Stúlkurnar dvelja nú með móður sinni á Íslandi og sækja skóla hérlendis.

Lögmenn Hjördísar vildu ekki tjá sig um málið þegar eftir því var leitað. - fbj

### Harðvítug forsjárdeila foreldranna

Í grein í tímaritinu Nýju lífi frá því í september er því lýst hvernig Hjördís flúði frá Danmörku með dætur sínar af ótta við barnsföður sinn.

Deilur þeirra hafa verið afar harðvítugar, ekki síst vegna ásakana Hjördísar um að maðurinn hafi beitt bæði hana og börn þeirra ofbeldi. Maðurinn hefur neitað þeim ásökunum alfarið.

Í tilkynningu frá Hjördísi frá því í september kemur fram að hún kvíði því ekki að mál hennar fari fyrir íslenska dómstóla, enda fái hún þar að leggja fram gögn í málinu og tryggja hagsmuni barna sinna. Hjördís segir ennfremur í tilkynningu sinni að fyrir liggi viðurkenning innanríkisráðuneytisins á ólögmæti aðgerða íslenskra stjórnvalda þegar stúlkurnar voru teknar af henni í fyrra.




Fjórir ráðherrar Framsóknarflokks með ellefu aðstoðarmenn:

## Siv Friðleifsdóttir aðstoðar Eygló

**STJÓRNMÁL** Siv Friðleifsdóttir, fyrrverandi ráðherra Framsóknarflokksins, hefur verið ráðin aðstoðarmaður Eyglóar Harðardóttur, félags- og húsnæðismálaráðherra.

Siv er ellefti aðstoðarmaður ráðherra Framsóknarflokksins en flokkurinn hefur fjóra ráðherra í ríkisstjórninni.

Til samanburðar eru ráðherrar Sjálfstæðisflokksins fimm talsins og hafa þeir samtals sjö aðstoðarmenn. Þá höfðu ellefu ráðherrar ríkisstjórnar Samfylkingar og Vinstri grænna fjórtán aðstoðarmenn undir lok síðasta kjörtímabils.



**SIV FRIÐLEIFSDÓTTIR**

Flestir aðstoða Sigmund Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra, en hann er með fjóra aðstoðarmenn. Sigurður Ingi Jóhannsson, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, hefur þrjá sér til aðstoðar.

Þrír ráðherrar Sjálfstæðisflokksins hafa aðeins einn aðstoðarmann. Það eru Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra, Kristján Þór Júlíusson heilbrigðisráðherra og Ragnheiður Elín Árnadóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra. Hanna Birna Kristjánsdóttir innanríkisráðherra og Illugi Gunnarsson mennta- og menningarmálaráðherra eru með tvo sér til aðstoðar. - fbj

### Aðstoðarmenn Framsóknarflokks

- **Sigmundur Davíð Gunnlaugsson:** Ásmundur Einar Daðason, Benedikt Árnason, Jóhannes P. Skúlason og Sigurður Már Jónsson
- **Eygló Harðardóttir:** Matthías Imsland og Siv Friðleifsdóttir
- **Sigurður Ingi Jóhannsson:** Benedikt Sigurðsson, Helga Sigurrós Valgeirsdóttir og Ingveldur Sæmundsdóttir
- **Gunnar Bragi Sveinsson:** Margrét Gísladóttir og Sunna Gunnars Marteinsdóttir



## SPURNING DAGSINS



„Dr. Gunni, er Alheimurinn! nokkuð algjört prump?

**„Þetta er ekki verri tilgáta en hver önnur. Nú vaknar spurningin: Úr hverju kom þetta prump?“**

Dr. Gunni og vinir hans hafa gefið út barnaplötuna Alheimurinn!. Vinsælasta lagið á síðustu barnaplötu hans var Prumpufólkið.

Tillögur hagræðingarhópsins ekki gott innlegg í kjaraviðræður að mati formanns Alþýðusambandsins:

# Gegn sjúkdómsvæðingu atvinnuleysis

**VINNUMARKAÐUR** „Það gefur augaleið að verkalýðshreyfingin er ekki til viðræðu um að stytta bótatímabil Atvinnuleysistryggingasjóðs. Við erum sömuleiðis ósátt við að það verði fallið frá lengingu fæðingarorlofs. Það þýðir að við verðum að taka málið upp í viðræðum við vinnuveitendur,“ segir Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ, um tillögur hagræðingarhóps ríkisstjórnarinnar. Gylfi segir að í tillögunum sé verið að leggja til að sameina stofnanir sem sinna öryrkjum og stofnanir sem þjóna atvinnulausum. „Við erum á móti því að sjúkdómsvæða atvinnuleysi. Atvinnuleysi á ekkert skylt við veikindi eða slys.“

Gylfi segir raunar margt óljóst í tillögum hagræðingarhópsins en segir augljóst að þetta sé ekki gott innlegg í kjaraviðræður.

„Það er klárt að það sem snýr að vinnumarkaðnum léttir ekki sporin. Verkalýðshreyfingin mun ekki binda sig í kjarasamning til að gefa ríkisstjórninni opið veiðileyfi með þessa 111 punkta sína,“ segir Gylfi - jme



**Við erum á móti því að sjúkdómsvæða atvinnuleysi. Atvinnuleysi á ekkert skylt við veikindi eða slys**

*Gylfi Arnbjörnsson, formaður ASÍ*

### VINNUMARKAÐSTILLÖGUR

Lengd greiðslutímabils atvinnuleysisbóta verði stytt.
Hætt verði við lengingu fæðingarorlofs.
Aðstoð við þá sem eru óvirkir á vinnumarkaði vegna atvinnuleysis og örorku verði endurskoðuð til að gera hana skilvirkari.
Tekið verði upp starfshæfnismat í stað örorkumats
Bóta- og skattkerfi verði byggð upp með þeim hætti að það borgi sig að vera á vinnumarkaði.



**SONJA SUDER** Tók þátt í hryðjuverkasamtökum í Þýskalandi á áttunda áratugnum. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Sonja Suder stundaði íkveikjur á áttunda áratugnum:

# Áttræð dæmd fyrir hryðjuverk

**ÞÝSKALAND, AP Hin áttræða Sonja Suder var í gærmorgun dæmd í þriggja og hálfs árs fangelsi fyrir þátttöku sína í þremur íkveikjum árin 1977 og 1978. Hún var hins vegar sýknuð af þátttöku í mannskæðri árás á höfuðstöðvar OPEC í Vínarborg árið 1975.**

**Suder tók þátt í starfsemi róttækra vinstri manna, í samtökum sem nefndu sig Byltingarsellurnar. Hún flúði til Frakklands árið 1978 en var framseld þaðan til Þýskalands árið 2011.** - gb

Umferðaróhapp í gær:

# Strætisvagn valt á hliðina

**SLYS** Strætisvagn á leið 79 til Húsavíkur fór á hliðina og út af veginum rétt fyrir klukkan 10 í gærmorgun.

Að því er fram kemur í tilkynningu frá Strætó bs. var einn farþegi um borð en hann sakaði ekki. Vagnstjórinn hlaut þó áverka og kalla þurfti til tækjabíl slökkviliðsins til að losa hann úr bílnum. Var hann færður í sjúkrabíl til aðhlynningar. Mikil hálka var á veginum þegar slysið varð og töluverður vindur.

Ferðinni frá Húsavík, sem átti að fara klukkan 10.30, var aflýst í kjölfarið. - bá

Staða flóttamanna rædd:

# Segir mannréttindi brotin

**STJÓRNMÁL** Umræða um stöðu flóttamanna fór fram á þingi í gær að frumkvæði Birgittu Jónsdóttur pírata. Þingmaðurinn spurði Hönnu Birnu Kristjánsdóttur innanríkisráðherra hvort vinnubrögð lögreglu hefðu verið ásættanleg þegar sérsveit með hunda handtók flóttamenn sem dvöldu í íbúð við Auðbrekku í Kópavogi í lok september. Birgitta taldi að mannréttindi hefðu verið brotin á fólkinu.

Hanna Birna kvaðst ekki tjá sig um einstakar aðgerðir lögreglu. Ráðherrann sagði jafnframt að ekki væri hægt að fullyrða neitt um það að mannréttindi hefðu verið brotin á fólkinu. - jme



**SUNDLAUGARGARÐURINN** „Útisvæði og allt fyrirkomulag umhverfis laugarker er mjög gott,“ segir dómnefndin.





**1. SÆTI** „Dómnefnd telur gagnsæi frá Barónsstíg góða hugmynd,“ segir um vinningstillöguna. MYNDIR/VA ARKITEKTAR

# Vinningstillaga sögð sérlega vel heppnuð

„Aðlögun að Sundhöllinni er einstaklega vel heppnuð þar sem gagnsæ viðbyggng myndar skemmtilegt mótvægi við þyngra yfirbragð Sundhallarinnar,“ er sagt um 1. verðlaun í hönnunarsamkeppni um viðbygginguna og útilaug við Sundhöllina.

**HÖNNUN** „Útgangspunkturinn var að sýna mikla tillitssemi við sjálfa Sundhöllina sem er ákaflega falleg og einstök bygging í borginni,“ segir Sigurður Björgúlfsson hjá VA arkitektum sem unnu 1. verðlaun í hönnunarsamkeppni um viðbygginguna við Sundhöllina.

Vinningstillöguna, sem unnin er af Hebu Hertvig, Karli Magnúsi Karlssyni og Ólafi Óskari Axelssyni, segir dómnefndin heilsteypta og aðlaðandi. Aðlögun að Sundhöllinni sé einstaklega vel heppnuð.

Í samkeppninni, sem Reykjavíkurborg stóð fyrir, átti að gera tillögu um viðbyggingu og 25 metra útisundlaug sem ekki myndi á nokkurn hátt rýra varðveislugildi Sundhallarinnar.

Sigurður segir um afar sérstakt verkefni að ræða sem aukið geti hróður þeirra sem að því koma. Alls bárust 23 tillögur. „Þær eru flestar mjög góðar þótt það séu einhverjar undantekningar á því,“ segir Sigurður aðspurður um tillögur keppninautanna.

Tillagan í 1. fyrsta sæti hlýtur 3,3 milljónir króna í verðlaun auk þess sem vinningshafarnir fá það verkefni að fullhanna nýja mannvirkið. Gert er ráð fyrir sú að vinna hefjist á næsta ári. Áætlaður kostnaður mun vera um 1,5 milljarðar króna. gar@frettabladid.is



**DAGUR B. EGGERTSSON OG SIGURÐUR BJÖRGÚLFSSON** Vinningstillagan útskýrð fyrir formanni borgarráðs. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA




Bætum Reykjavík með fagmannlegum rekstri!

Kjósum Sigurjón Arnórsson í 4.–6. sæti í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins 16. nóvember

- Lækkum kostnað
- Hættum við gæluverkefni
- Stöðvum síhækkandi skatta og gjöld
- Fjárfestum í grunnþjónustu og viðhaldi
- Mótum framtíðarstefnu fyrir flugvöll í Vatnsmýri
- Bætum aðgang aldraðra að hjúkrunarheimilum


Félag fasteignasala ekki talið sinna sterkum almannahagsmunum:

# Ekki hægt að skylda til aðildar

**DÓMSMÁL** Brynhildur Bergþórsdóttir, viðskipta- og hagfræðingur, sem starfar sem framkvæmdastjóri fasteignasölu þarf ekki að vera í Félagi fasteignasala þrátt fyrir lagaskyldu um slíkt.

Í dómi Héraðsdóms Reykjavíkur kemur fram að Brynhildur lauk prófi í verðbréfaviðskiptum 2008 og fékk löggildingu til að vera fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali árið 2009.

Samkvæmt lögum er fasteignasölum skylt að vera í Félagi fasteignasala. Brynhildur hafnaði því hins vegar og neitaði að greiða félagsgjöld. Vísaði hún meðal annars til ákvæðis stjórnarskrárinnar um að engan megi skylda til aðildar að félagi.

Þrátt fyrir umrætt stjórnarskrárákvæði segir héraðsdómur að setja megi lög um skylduaðild að félagi ef það sé „nauðsynlegt til að félag geti sinnt lögmæltu hlutverki vegna almannahagsmuna eða réttinda annarra“. Á móti komi að Félag fasteignasala sé aðeins óverulegur hluti eftirlitskerfis með fasteignaviðskiptum og tengsl félagsins við almannahagsmuni séu svo veik að ekki sé nauðsynlegt að skerða grundvallarréttindi Brynhildar. - gar



**FASTEIGNIR** Hlutverk Félags fasteignasala í eftirliti er óverulegt, segir héraðsdómur. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Þetta verður OZom!

Hvar verður þú á föstudaginn kl. 19:00 þegar flautað er til leiks? Fylgstu með í beinni í Nova snjallsímanum eða spjaldtölvunni. Skráðu þig til leiks frítt á oz.com og sæktu síðan OZ appið í App Store eða á Google Play.




Stærsti skemmtistaður í heimi!

NOVA

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, á Selfossi og á Glerártorgi Akureyri
Þjónustuver 519 1919 | **www.nova.is** | Facebook | Twitter

Brandenburg

4G styður yfir 100 Mb/s hraða. Algengur hraði til notenda er um 20–40 Mb/s. Til samanburðar má nefna að hraði ADSL er um 6 Mb/s og 3G um 2–4 Mb/s.

## SVONA ERUM VIÐ



**5-6%** **íbúa Norðurlandanna, fyrir utan Finnland, nota reiðufé sem greiðslumáta, sem er minnst allra þjóða.**

Bandaríkjamenn eru sú þjóð sem hlutfallslega notar mest af reiðufé í greiðslum eða rúmlega 50% þeirra. Næst á eftir kemur Hong Kong þar sem hlutfallið er um 35%.

*Skýrsla Seðlabanka Noregs um greiðslukerfi í Noregi.*

Lönd „arabíska vorsins“ standa ekki undir væntingum um réttindi kvenna samkvæmt nýrri könnun:

# Staða kvenna í Írak verri en í tíð Saddams

**EGYPTALAND** Hvergi í arabaheiminum er staða kvenna verri en í Egyptalandi, ef marka má nýja könnun Thomson-Reuthers stofnunarinnar á réttindum kvenna í arabalöndunum.

Staða kvenna hefur reyndar versnað í löndum „arabíska vorsins“ svonefnda, þar sem vonir höfðu vaknað um að byltingar myndu bæta ástandið. Þá er staða kvenna í Írak verri nú en á tímum Saddams Husseins, en Írak er í næstneðsta sætinu, Sádi-Arabía í því þriðja og Sýrland í því fjórða.

Í Sádi-Arabíu eru formleg réttindi kvenna einna minnst, en ástæða þess að Egyptaland lendir í neðsta sæti er útbreitt kynferðisofbeldi og áreitni, sem nánast hver einasta kona í Egyptalandi verður fyrir.

„Eins og þessar ömurlegu niðurstöður sýna, þá þurfum við konurnar tvöfalda byltingu: Eina gegn einræðisherrunum sem hafa eyðilagt löndin okkar, og hina gegn hinni eitruðu blöndu menningar og trúarbragða sem hafa eyðilagt líf okkar sem kvenna,“ segir egypski pistlahöfundurinn Mona Eltahaví.

Smáríkið Comoros-eyjar stendur sig best hvað varðar stöðu og réttindi kvenna. Næstbest er ástandið í Oman og þar á eftir í Kúveit. - gb



**MÓTMÆLI Í EGYPTALANDI** Konur komu saman á Tahrir-torgi í Kaíró í febrúar til að mótmæla kynferðisofbeldi. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Sáttinni ekki fórnað fyrir tímasetningu

Ragnheiður Elín Árnadóttir stefnir að gjaldtöku með náttúrupassa á sumri komanda. Á nýafstöðnu Umhverfisþingi var passinn hins vegar eindregið gagnrýndur. Ráðherra segir að tímaáætlun um passann verði breytt gerist þess þörf.

**UMHVERFISMÁL** Efasemdir um gjaldtöku á ferðamannastöðum með náttúrupassa voru áberandi á nýafstöðnu Umhverfisþingi. Frumvarpssmíð stendur yfir í iðnaðar- og viðskiptaráðuneytinu með gjaldtöku í sumar sem markmið. Ráðherra segir þó að sáttinni um málið „verði ekki fórnað fyrir tímasetninguna“.

Þær Anna Dóra Sæþórsdóttir, dósent í ferðamálafræði við Háskóla Íslands, og Ásborg Ásþórsdóttir, ferðamálafulltrúi í Árnessýslu, fluttu erindi á Umhverfisþingi 2013 um gjaldtöku á ferðamannastöðum og spurðu margra áleitinna spurninga varðandi hana. Aðrir sem kvöddu sér hljóðs á þinginu ítrekuðu áhyggjur sínar. Svo rammt kvað að gagnrýni að sérstaklega þótti ástæða til að koma skilaboðum til viðkomandi fagráðuneytis um gagnrýnina.

Fréttablaðið innti Ragnheiði Elínu Árnadóttur, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, eftir því hvort gagnrýni á málið væri ekki það mikil að ástæða væri til að stíga varlega til jarðar.

Í skriflegu svari ráðherra segir að unnið sé að útfærslu og frumvarpssmíð vegna náttúrupassans í samstarfi við alla helstu hagsmunaaðila. Stefnt er að því að frumvarpið verði lagt fyrir þingið strax í ársbyrjun og „að það verði vonandi að lögum fyrir sumarið með hugsanlegri gjaldtöku fyrir næsta sumar“.

„Ég hef hins vegar alls staðar ítrekað að fyrst og síðast verði vandað til verks og að „afurðinni“ og sáttinni um hana verði ekki fórnað fyrir tímasetninguna. Ef það reynist ekki fært að hefja gjaldtöku næsta sumar þá einfaldlega endurskoðum við þá tímaáætlun. Málið er hins vegar afar brýnt og ég tel mikilvægt að halda okkur við efnið og ljúka vinnunni. Að sjálfsögðu munu allar athugasemdir, þar á meðal þær sem fram komu á Umhverfisþingi, verða teknar til meðferðar,“ segir Ragnheiður Elín og bætir við að rætt hafi verið í áratugi um gjaldtöku í ferðaþjónustu og fjölmörgum leiðum verið stillt upp í gegnum tíðina.

„Þessi leið varð ofan á, ekki síst vegna mikillar samstöðu sem um hana virðist vera í greininni sjálfri [...] Það sem er líka breytt frá því sem áður var er að landsmenn virðast jákvæðari en áður til sérstakrar gjaldtöku af ferðamönnum,“ segir Ragnheiður Elín.

svavar@frettabladid.is



**VIÐ GULLFOSS** Skoðanakönnun Fréttablaðsins í nóvember sýndi að tæplega 70% landsmanna vilja gjaldheimtu af ferðamönnum. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



**Ef það reynist ekki fært að hefja gjaldtöku næsta sumar þá einfaldlega endurskoðum við þá tímaáætlun.**

*Ragnheiður Elín Árnadóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra*



**STJÓRNARRÁÐIÐ** Bæði tekjur og gjöld ríkissjóðs jukust milli ára FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Greiðsluuppgjör ríkissjóðs:

## Staðan betri en hún var í fyrra

**STJÓRNMÁL Staða handbærs fjár ríkissjóðs frá rekstri batnaði á fyrstu níu mánuðum ársins miðað við sama tímabil 2012. Þetta kemur fram í frétt á vef fjármálaráðuneytisins. Handbært fé var neikvætt um 28,7 milljónir króna en var neikvætt um 42,3 milljónir í fyrra.**

**Þá jukust tekjur um 19,2 milljónir króna milli ára og gjöld um 10,4 milljónir. Viðskiptahreyfingar höfðu jákvæð áhrif á handbært fé um tæpan einn milljarð króna á móti neikvæðum áhrifum 2012 um tæpa fjóra milljarða króna.** - bá

Dómstólar í Egyptalandi:

## Neyðarástandi loksins aflýst

**EGYPTALAND** Dómstóll í Egyptalandi hefur úrskurðað að neyðarástandinu sem ríkt hefur í landinu undanfarna þrjá mánuði hafi lokið í gær, tveimur dögum á undan áætlun. Þessi dómur hefur komið yfirvöldum þarlendis í opna skjöldu og óttast margir að í kjölfarið gætu mótmæli stuðningsmanna Mohammeds Morsi, fyrrverandi forseta landsins, færst í aukana.

Málsvari egypska hersins segir að útgöngubann muni enn gilda fram á fimmtudag. - bá



**Í SANDGERÐI** Skulda yfir tvöfaldar árstekjur. MYNDIR/FRIÐIK ÞÓR

Viðsnúningur í Sandgerði:

## Engin vanskil og lægri skuldir

**SVEITARSTJÓRNIR** „Þrátt fyrir miklar skuldir stendur Sandgerðisbær að fullu undir þeim og hefur hvorki verið í vanskilum né þurft að fresta greiðslum afborgana,“ segir tilkynningu frá Sigrúnu Árnadóttur bæjarstjóra.

Í árslok 2011 skuldaði Sandgerðisbær 388 prósent af árstekjum. „Ári síðar, 2012, var skuldahlutfallið komið niður í 312 prósent og er áætlað í lok þessa árs 239 prósent, sem er lækkun um 149 prósentustig frá 2011. Gert er ráð fyrir að skuldahlutfallið lækki eftir það ár frá ári.“ - gar

Ísland veitir neyðaraðstoð:

## 12,3 milljónir til Filippseyja

**STJÓRNMÁL Gunnar Bragi Sveinsson utanríkisráðherra hefur ákveðið að veita um 12,3 milljónir króna til neyðaraðstoðar á Filippseyjum í kjölfar fellibylsins Haiyan. Þetta kemur fram í tilkynningu frá utanríkisráðuneytinu.**

**Á Filippseyjum ríkir nú neyðarástand og hefur fellibylurinn haft mikla eyðileggingu í för með sér. Áætlað er að um 10 þúsund manns hafi látist og ríflega 600 þúsund manns misst heimili sín í hamförunum.** - bá


Locobase® REPAIR

Fyrir þurra og skaddaða húð

- Afar hentugt fyrir þurra og skaddaða húð t.d. hjá fólki með exem
- Inniheldur ekki rotvarnar-, ilm- eða litarefni
- Mikið notað sem viðbót við húðmeðferð til að byggja upp varnir húðarinnar
- Rannsóknir hafa sýnt fram á lágmarksertingu
- Dönsku og sænsku Astma- og ofnæmissamtökin mæla með Locobase Repair®




Locobase® REPAIR fæst í næsta apóteki


## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




**UMHLEYPINGAR** Lægðagangur verður ríkjandi næstu daga og verður veður því heldur breytilegt með tilheyrandi vindi og úrkomu. Gengur í hvassa sunnanátt á morgun með heldur hlýnandi veðri.




**Á morgun**
Vaxandi S-átt um allt land.




**Föstudagur**
8-13 m/s.

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 21° | Billund | 9° | Gautaborg | 9° | London | 9° | Orlando | 20° | San Francisco | 18° |
| Basel | 8° | Frankfurt | 9° | Kaupmannahöfn | 9° | Mallorca | 21° | Ósló | 5° | Stokkhólmur | 6° |
| Berlín | 10° | Friedrichshafen | 9° | Las Palmas | 23° | New York | 5° | París | 10° | | |



**Elísabet Margeirsdóttir**
veðurfréttamaður


**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal jonl@frettabladid.is **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Guðmundur Steinsson gudmundur@365.is, Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Ívar Örn Hansen ivarorn@365.is, Kolbeinn Kolbeinsson kolli@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is

SIMPLY CLEVER

ŠKODA




## Nýr SKODA Octavia Combi 4x4.

**ŠKODA Octavia Combi** er glæsilegur og rúmgóður fjölskyldubíll, hlaðinn staðalbúnaði. Má þar meðal annars nefna nálgunarvara að aftan, 16" álfelgur, fjarstýringar í stýri fyrir útvarp og síma og Bluetooth búnað fyrir síma og tónlist.

**ŠKODA Octavia Combi 4x4**
**4.890.000,-**

BANDALAG ÍSLENSKRA BÍLL ÁRSINS 2014 BÍLABLAÐAMANNA

5,3 — Eyðsla frá 5,3 l/100 km

119g — $CO_2$ frá 119 g/km

ÖRYGGI — 5 stjörnur í árekstrar-prófunum EuroNcap

HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Umboðsmenn: Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Hvaða rappari mætti til Bessastaða um helgina og gaf Ólafi Ragnari Grímssyni forseta eintak af plötu sinni?
**2.** Hvað heitir háskólaprófessorinn sem vill að lagður verði hálendisvegur norðan Vatnajökuls til að stytta leiðina til Egilsstaða?
**3.** Í hvaða íslenska skipi kom upp eldur í fyrradag?

**SVÖR:**
1. Sesar A. 2. Trausti Valsson. 3. Goðafossi.

Ekki er byrjað að dæla olíu og menguðum sjó upp úr flutningaskipinu við bryggjuna á Grundartanga:

# Deila um hver beri ábyrgðina á Fernöndu

**BJÖRGUN** Ekki er enn byrjað að dæla olíu og menguðum sjó úr flakinu af flutningaskipinu Fernöndu sem liggur við bryggju á Grundartanga og getur því enn stafað mengunarhætta af því.

Hagsmunaaðilar þvers og kruss um heiminn deila um hver beri endanlega ábyrgð á að fjarlægja mengandi efni úr skipinu og rífa það.

Í fyrsta lagi munu sérfræðingar þurfa að meta skipið sem endanlega ónýtt og er sú vinna hafin. Fyrirtækið, sem á skipið, er skráð í Lettlandi og segist ekki bera ábyrgð á olíunni um borð sem sé í eigu olíufélagsins Dan Bunker í Marokkó.

Skipið er skráð í Dóminíska lýðveldinu en þar á bæ segja menn að málið sé á ábyrgð tryggingafélags skipsins. Það félag heitir Carinó og er skráð í London. Svonefnt hliðartryggingafélag er rússneskt og hluti trygginganna er svo í einhvers konar vafningstryggingu hjá Lloyds.

Aðfaranótt mánudags óttuðust menn að mengunarslys gæti orðið í Grundartangahöfn vegna hins mikla óveðurs sem þá geisaði. Betur fór þó en á horfðist. **- gs**



**FERNANDA** Hagsmunaaðilar deila um hver beri ábyrgð á að fjarlægja mengandi efni úr skipinu. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Stórfyrirtæki enn í deilum:

## Samsung og Apple fyrir rétt

**TÆKNI** Stórfyrirtækin Apple og Samsung munu fara aftur fyrir rétt í einu stærsta einkaleyfisdómsmáli okkar tíma.

Í ágúst 2012 var Samsung sakfellt fyrir að nýta sex einkaleyfi Apple og var dæmt til að greiða einhverjar hæstu skaðabætur sem skráðar hafa verið. Þær námu 626 milljónum punda sem reiknast sem rúmlega 122,5 milljarðar íslenskra króna. Frá þessu var sagt á vef BBC.

Málatilbúnaður Apple var að Samsung hefði brotið gegn einkaleyfi fyrirtækisins, m.a. með því að stela hönnun upprunalega iPhone og iPad. **- skó**

SAMSUNG

# Stórir samningar á alþjóðavettvangi

**Stærsta alþjóðlega verkefni Matís er Mareframe sem skilar um einni milljón evra í tekjur. Annað verkefni, Matarheilindi á að skila um 160 þúsund evrum. Samningar við Pepsico og Nestlé skila nokkrum tugum milljóna króna til fyrirtækisins.**

**MATVÆLAIÐNAÐUR** „Það hefur gengið ágætlega að finna ný verkefni á alþjóðavettvangi. Við erum til að mynda að fara í gang með nýtt verkefni á næsta ári í samvinnu við bresku matvæla- og umhverfisrannsóknastofnunina. Verkefnið kallast Food Integrity eða Matarheilindi. Verkefnið miðar að því að þróa aðferðir til að greina svik í evrópskum matvælaiðnaði,“ segir Sveinn Margeirsson, forstjóri Matís.



**SVEINN MARGEIRSSON**

Verkefnið skilar Matís um 200 þúsund evrum í tekjur á tveimur árum.

Matís hefur á undanförnum árum átt í samstarfi við tvö stærstu fyrirtækin á sviði matvælaiðnaðar í heiminum, PepsiCo og Nestlé. Af samkeppnisástæðum fylgir mikil leynd yfir þessum verkefnum en þau byggja á þjónustu og hugviti sem Matís getur selt þessum risum.

„Öll okkar verkefni byggja á lykilmarkmiðum okkar sem er að auka verðmæti og bæta matvælaöryggi í matvælaiðnaði og líftækniiðnaði.

Samstarfið við PepsiCo og Nestlé skiptir okkur miklu máli fjárhagslega og faglega. Ætli megi ekki segja að þau skapi tugi milljóna króna í tekjur á ári,“ segir Sveinn. Annað verkefni sem skiptir miklu máli fyrir Matís er Mareframe-verkefnið. Mareframe skilar Matís um einni milljón evra í tekjur á fjórum árum.

„Markmið þessa verkefnis er að þróa fiskveiðistjórnunarlíkön þar sem tekið er tillit til sjálfbærni, umhverfis-, efnahagslegra og samfélagslegra þátta.“

Matís hafði gert ráð fyrir að fá um 250 milljónir króna í IPA-styrki en nú er ljóst að þeir peningar fást ekki.

„Það að við fáum ekki þessa peninga kollvarpar ekki rekstrinum. Þetta er áskorun fyrir okkur að finna tekjur í staðinn svo áfram verði hægt að halda starfsstöðvum opnum út á landi. Þar koma erlendu verkefnin að góðum notum.

Það sem mér finnst grátlegast er að IPA-styrkina átti að nota til að auka verðmætasköpun í hinum dreifðu byggðum landsins. Við vorum með þrjú verkefni í gangi; á Suðurlandi og Suðurnesjum, á Austurlandi og Vesturlandi. Við sáum tækifæri til að byggja upp nýja sprota í matvælaiðnaði á þessum svæðum. Byggja upp þekkingu til framtíðar í sjávarútvegi sem hefði þá fjölgað störfum á landsbyggðinni fyrir menntað fólk og treyst undirstöðurnar undir atvinnulífinu,“ segir Sveinn að lokum. **johanna @frettabladid.**



**ENGIR IPA-STYRKIR** „Það að við fáum ekki þessa peninga kollvarpar ekki rekstrinum. Þetta er áskorun fyrir okkur að finna tekjur í staðinn svo áfram verði hægt að halda starfsstöðvum opnum úti á landi. Þar koma erlendu verkefnin að góðum notum,“ segir Sveinn Margeirsson. MYND/MATÍS

### Verkefni MATVÍS

Matís tekur þátt í fjölmörgum alþjóðlegum og innlendum verkefnum.

Meðal þeirra eru Matarheilindi, verkefnið gengur út á að þróa aðferðir til að hindra svik. Að koma í veg fyrir að matvara sé ranglega merkt eða um eftirlíkingar sé að ræða. Tilgangurinn er að neytandinn fái örugglega þá vöru sem hann telur sig vera að kaupa.

Sjávartengdar veiðar er víðtækt verkefni á sviði sjávarútvegs. Markmiðið er að þróa fiskveiðistjórnunarlíkön sem byggja á fjölstofnaaðferðafræði þar sem meðal annars er tekið tillit til fjárhagslegra þátta jafnt sem umhverfisþátta. Tilgangurinn er að gera stjórnvöldum hægara um vik að taka upplýstar ákvarðanir um fiskveiðistjórnun.

Í farvatninu er þátttaka Matvís í verkefninu EinRichMar. Verkefnið miðar að því að auka virði tilbúinna matvæla með því að bæta við þau lífvirkum efnum úr vannýttu hráefni úr hafinu og auka þannig hollustu matvælanna.

Tillaga frá Vinstri grænum:

## Innheimtu verði frestað

**SKULDAMÁL** Þrír þingmenn Vinstri grænna, Ögmundur Jónasson, Árni Þór Sigurðsson og Bjarkey Gunnarsdóttir, hafa lagt fram þingsályktunartillögu um að innheimtuaðgerðum og nauðungarsölum verði frestað þangað til niðurstaða liggur fyrir varðandi skuldaaðgerðir ríkisstjórnarinnar.



**ÖGMUNDUR JÓNASSON**

Í greinargerð segir að óvissa ríki um boðaðar aðgerðir stjórnarinnar. Ef úrræðin ganga eftir gæti ákveðinn hópur fengið lausn sinna mála án greiðsluerfiðleikaúrræða. Því þurfi að fresta innheimtuaðgerðum og nauðungarsölum þangað til endanleg niðurstaða liggur fyrir. **- hks**

Myndir af mögulegu þýfi:

## Vefur með nasistalist hrundi

**ÞÝSKALAND** Vefsíða, sem sýndi hluta þeirra listaverka sem fundust í München á dögunum og kunna að vera þýfi nasista, hrundi í gær vegna of margra heimsókna. Yfirvöld settu inn myndir af 25 verkum af þeim rúmlega 1.400 sem fundust í von um að almenningur gæti borið kennsl á einhver þeirra. Áhugi á myndunum var hins vegar meiri en vefsíðan, www.lostart.de, réð við.

Þýska ríkisstjórnin er enn að skoða safnið en í því er meðal annars að finna verk eftir Henri Matisse og Pablo Picasso. **- bá**

Fjárhagsáætlun Grindavíkur:

## Útsvarið undir 14 prósentum

**GRINDAVÍK** Útsvar lækkar í Grindavík annað árið í röð og verður 13,99 prósent á næsta ári.

Útsvar í bæjarfélaginu lækkar um 0,29 prósent á milli ára. Þetta kom fram á íbúafundi um fjárhagsáætlun bæjarins sem var haldinn á mánudag.



**RÓBERT RAGNARSSON**

Róbert Ragnarsson bæjarstjóri fór yfir fjárhagsáætlunina og rakti þær aðgerðir sem gripið hefur verið til undanfarin ár. Eftir erfiðan rekstur hefur verið afgangur árin 2012 og 2013 til að jafna út tapið sem varð 2011 og er gert ráð fyrir rekstrarafgangi á næsta ári.

Framkvæmt verður fyrir um 1,8 milljarða króna árin 2014-2017, þar af um 750 milljónir króna á næsta ári. **- jjk**

### STJÓRNMÁL

**Gagnrýnir sykur í mjólkurvöru**

Elín Hirst, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, lýsti í gær yfir áhyggjum á Alþingi af því magni sykurs sem komið er fyrir í mjólkurvörum sem er sérstaklega ætlað að höfða til barna. Segir hún að verið sé að leiða neytendur á villigötur. „Ég hef áhyggjur af börnunum okkar sérstaklega í þessu sambandi,“ segir Elín.


Sígræna jólatréð
-eðaltré ár eftir ár!

SÍGRÆNA JÓLATRÉÐ

Skátahreyfingin hefur um árabil selt sígræn eðaltré í hæsta gæðaflokki og prýða þau þúsundir heimila og fyrirtækja.



**Frábærir eiginleikar:**

10 ára ábyrgð
12 stærðir (90-500 cm)
Stálfótur fylgir
Ekkert barr að ryksuga
Veldur ekki ofnæmi
Eldtraust
Þarf ekki að vökva
Íslenskar leiðbeiningar

Sígrænu jólatrén eru seld í Skátamiðstöðinni Hraunbæ 123 í Reykjavík, s: 550 9800 og á skátavefnum: www.skatar.is

Skátarnir


Héraðsdómur Reykjavíkur kvað upp úrskurð í máli Skagafjarðar:

# Gæti kostað lánasjóð milljarða

**SVEITARSTJÓRNIR** Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur gæti kostað Lánasjóð íslenskra sveitarfélaga milljarða króna. Um 100 milljónir hafa verið felldar niður af láni sveitarfélagsins Skagafjarðar frá lánasjóðnum.

Lán sem sveitarfélagið tók hjá lánasjóðnum árið 2007 hækkaði talsvert í kjölfar efnahagshrunsins og hafði nærri tvöfaldast á nokkrum árum. Héraðsdómur komst að þeirri niðurstöðu að um ólögmætt gengistryggt lán hafi verið um að ræða og því hafi þurft að endurreikna það.

„Eftirstöðvar lánsamningsins samkvæmt lánasjóðnum voru taldar standa í rúmum 200 milljónum króna en niðurstaða dómsins er sú að eftirstöðvarnar eru rúmar 100 milljónir,“ segir Einar Hugi Bjarnason hæstaréttarlögmaður.

Hann bætir því við að þessi dómur kunni að hafa víðtækt fordæmisgildi en tvö svipuð mál eru nú fyrir dómstólum.

„Ef þessir samningar eru efnislega sambærilegir, þá er um milljarða króna að tefla.“ **- bá**



**SKAGAFJÖRÐUR** Um 100 milljónir króna hafa verið felldar niður af láni sveitarfélagsins. MYND/STEFÁN

**BOSCH**

# Skelltu þér á Bosch spanhelluborð, sem fékk bestu einkunn fyrir hraða, og pottasett fylgir með.

**Gildir aðeins í þrjá daga, 11. til og með 13. nóvember.**



## Bosch spanhelluborðið, PIE 645F17E

Með vönduðum stálramma. Fjórar spanhellur. DirectSelect stjórnborð: Gildi valið beint (ekki plús- og mínushnappar). Tímastillir á öllum hellum. Öryggisrof: Slekkur sjálfkrafa á sér ef það gleymist að slökkva á borðinu.

**Verð: 149.900 kr.**

*PIE 645F17E fékk hæstu einkunn fyrir hraða og viðurkenningu fyrir gæði og góða frammistöðu hjá sænska prófunar- og rannsóknarsetrinu Testfakta.






Glæsilegt pottasett að verðmæti **26.900 kr.** fylgir hverju PIE 645F17E spanhelluborði. Í þessu pottasetti eru fjórir pottar: 3,3 lítra; 4,4 lítra; 7,2 lítra og loks einn 1,25 lítra skaftpottur. Stállok fylgir með öllum pottunum fjórum. Um er að ræða potta úr 18/10 ryðfríu stáli, sem hafa margfaldan botn, mikla hitaleiðni og eru þar af leiðandi orkusparandi.

**Hlíðasmára 3 | www.bosch.is | Sími 520 3090**

**BOSCH**

**BÚÐIN**



**ÓFREMDARÁSTAND** Síðustu daga hefur hópur fanga á Litla Hrauni verið í annarlegu ástandi. MYND/VILHELM

Flogaveikilyf misnotuð:

## Fangar á Litla-Hrauni í vímu

**FANGELSISMÁL** Ófremdarástand hefur skapast á Litla-Hrauni síðustu daga en mikið af flogaveikilyfjum virðist vera þar í umferð. Þetta kom fram í kvöldfréttum Stöðvar 2 í gær.

Hópur fanga, sem sitja inni fyrir alvarlega refsiglæpi, hefur misnotað lyfin síðustu daga og samkvæmt heimildum fréttastofu hafa þeir verið í stjórnlausri vímu.

Færst hefur í aukana að fangar noti lyfseðilsskyld lyf, sem berast inn með aðstandendum. - bá

Íslenskar stúlkur í Tékklandi:

## Dómsuppsaga verður í dag

**DÓMSMÁL** Tvær íslenskar stúlkur, sem handteknar voru í Tékklandi í fyrra með kókaín í fórum sínum, hljóta dóm í dag. Þær hafa verið í gæsluvarðhaldi í rétt ár, þá báðar átján ára gamlar.

Stúlkurnar voru staðnar að því að flytja þrjú kíló af kókaíni til landsins frá Brasilíu og gætu átt yfir höfði sér tíu til átján ára fangelsi. - bá

# Stríðið gegn lúpínu sagt tapað en bjarnarkló ógnar

Loftslagsbreytingar gætu stuðlað að landnámi ágengra plantna á hálendinu. Sérfræðingur telur lítið hægt að gera til að hindra útbreiðslu lúpínu. Kröftum skuli frekar beina að þeim tegundum sem enn hafa litla útbreiðslu.

**NÁTTÚRA** Margt bendir til að svæði með hentugu loftslagi fyrir alaskalúpínu og aðrar ágengar plöntur muni stækka mjög mikið á Íslandi til ársins 2050. Það getur stuðlað að landnámi ágengra plantna á stórum svæðum miðhálendisins.

Þetta er meðal niðurstaðna sérfræðinga Náttúrufræðistofnunar Íslands (NÍ) í rannsóknum á aðfluttum plöntum í flóru Íslands. Niðurstöðurnar birtust nýlega í alþjóðlega vísindaritinu Flora.

Í kynningu á rannsókninni, á vef Náttúrufræðistofnunar, segir: „Við skyldum öll hafa hugfast, að virk dreifing ágengra plantna er eins og hægfara sprenging sem, ef látin er óáreitt, getur gjörbylt náttúrulegum, efnahagslegum og ýmsum menningarlegum aðstæðum ákveðins staðar.“

Hörður Kristinsson, fléttufræðingur hjá Náttúrufræðistofnun, segir það rétt skilið að um varnaðarorð sé að ræða.

„Þetta byggist á reynslu annars staðar frá, þangað sem ágengar plöntur hafa borist. Lítið ber á þeim um hríð, en svo er eins og það verði sprengja þegar þær koma undir sig fótunum. Þetta er reynsla manna með bjarnarklóna í Skandinavíu, bæði í Noregi og Danmörku sem dæmi. Menn eru ófeimnir við að rækta hana hér og að sleppa henni, sem gæti orðið til verulegra vandræða,“ segir Hörður

Ágengar plöntutegundir sem áhyggjur manna beinast að hér á landi eru fyrst og síðast lúpína og skógarkerfill. Alþekkt er hversu kraftmiklar jurtirnar eru og víða er háð stríð gegn útbreiðslu þeirra – sérstaklega lúpínunnar.

Hörður er þeirrar skoðunar að lúpína sé víða til mikilla vandræða og komi í veg fyrir landnám annarra plantna þar sem hún nær fótfestu. Þeir eru hins vegar margir sem eru á öndverðri skoðun og fagna lúpínunni þar sem hún breiðir úr sér.

„Ég held að þeim sé stöðugt að fækka eftir því sem á líður. En það eru margir ofsatrúaðir á lúpínuna og sjá ekkert annað,“ segir Hörður og þegar hann er spurður hvernig hann telji komið fyrir kattarnef bætir hann við að stríðið gegn lúpínunni sé tapað.

„Það sem hægt er að gera, ef menn væru samtaka, væri að útrýma bjarnarklónni alveg. Það væri skynsamlegt að gera það. En með lúpínuna sé ég ekki að hægt sé að verjast henni neitt héðan af. Skaðinn er skeður,“ segir Hörður.

svavar@frettabladid.is



**PLÁGA?** Tilvist 336 aðfluttra plöntutegunda í landinu hefur verið staðfest – litlu færri en þær „íslensku“. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

### ➜ Ágengar plöntur geta verið versta plága

- Aðfluttar plöntur [framandi, erlendar] hafa borist með manninum, annað hvort viljandi eða óviljandi, inn á svæði þar sem þær eru ekki upprunalegar.
- Margar aðfluttar tegundir eru vel þekktar nytjaplöntur í akuryrkju og garðyrkju.
- Alræmdar eru þær aðfluttu plöntur sem flokkast sem ágengar. Þær verða auðveldlega að plágu, leggja undir sig grasflatir sem illgresi, útrýma innlendum plöntum, spilla náttúrulegum búsvæðum og breyta framvindu vistkerfanna.
- Bæði hér á landi og annars staðar í heiminum hafa ágengar, aðfluttar plöntur og dýr orðið hin mesta ógn við innlendar tegundir, náttúruleg samfélög og framvindu þeirra.
- Þau hafa einnig í för með sér verulegan kostnað fyrir þá atvinnuvegi sem reiða sig á hráefni og þjónustu sem háð eru heilbrigðum vistkerfum.

*Heimild: ni.is*

3,5 L/100 KM
FJÖLSKYLDUBÍLL
MEÐ SPARNEYTINNI DÍSILVÉL
M.V. BLANDAÐAN AKSTUR




RENAULT MEGANE SPORT TOURER DÍSIL
VERÐ: 3.590.000 KR. BEINSKIPTUR
VERÐ: 3.890.000 KR. SJÁLFSKIPTUR

Bíll á mynd er með „privilege“ pakka og á 18" álfelgum.

ENNEMM / SÍA / NM60082

KOMDU Í KAFFI OG REYNSLUAKSTUR
Vertu velkomin(n) í kaffi og reynsluakstur. Eftir að hafa reynsluekið Renault veistu hve lipur og vandaður bíllinn er. Komdu í heimsókn til okkar að Sævarhöfða 2 og prófaðu bílinn sem hentar þér – Sjáumst!

EYÐSLA FRÁ 3,5 L/100* KM DÍSIL VERÐ FRÁ 3.590.000
P FRÍTT Í STÆÐI! FRÍTT Í STÆÐI Á MIÐBORGARSVÆÐINU

RENAULT

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

GE bílar
Reykjanesbæ
www.bilahusid.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

# TAKTU SKREFIÐ



## SKAPAÐU ÞÍNA EIGIN FRAMTÍÐ

## NÁMSBRAUTIR OG NÁMSLÍNUR Á VORMISSERI 2014

### UMSÓKNARFRESTUR TIL 15. NÓVEMBER

NÁM Í UNDIRSTÖÐUATRIÐUM HUGRÆNNAR ATFERLISMEÐFERÐAR

HANDLEIÐSLUFRÆÐI - EINS ÁRS NÁM Í FAGHANDLEIÐSLU, KENNINGUM OG HANDLEIÐSLUTÆKNI

### AÐRAR NÁMSLÍNUR Á VORMISSERI

SÁLGÆSLUFRÆÐI – DIPLOMA Á FRAMHALDSSTIGI OG STÖK NÁMSKEIÐ
***Umsóknarfrestur til 6. desember***

LEIÐTOGAHÆFNI – LEIÐ AÐ AUKINNI SJÁLFSÞEKKINGU OG ÁRANGURSRÍKRI STJÓRNUNUN
***Umsóknarfrestur til 3. febrúar***

ÁFALLASTJÓRNUN
***Umsóknarfrestur til 3. febrúar***

ENDURMENNTUN
HÁSKÓLA ÍSLANDS

Námsráðgjöf og upplýsingar: sími 525 4444
endurmenntun.is



**Á ÞINGI** Ásmundur Einar hefur þegar hafið störf sem aðstoðarmaður forsætisráðherra. MYND/GVA

Aðstoðar forsætisráðherra:

## Fylgir eftir tillögum hópsins

**STJÓRNMÁL** Ásmundur Einar Daðason alþingismaður var í gær ráðinn aðstoðarmaður Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar forsætisráðherra.

„Ég treysti mér vel til þess,“ segir Ásmundur, en hann fór fyrir hagræðingarhópi ríkisstjórnarinnar.

„Ef forsætisráðherra telur að kröftum mínum sé best varið í að fylgja eftir tillögum hópsins, þá verður maður við því.“

Um tímabundna ráðningu er að ræða, án launa. - bá




# Hjálpargögn berast Filippseyjum, en ekki á rétta staði

Hjálparstofnanir hér á landi og víða um heim, eru farnar af stað með safnanir og sumar byrjaðar að senda hjálpargögn til hamfarasvæða á Filippseyjum. Erfitt hefur reynst að koma þeim þangað sem þörfin er brýnust.

**FILIPPSEYJAR, AP** Strax daginn eftir að fellibylurinn Haiyan reið yfir Filippseyjar var fimmtán manna hópur lækna og flutningatæknimanna reiðubúinn til að halda af stað til Tacloban, borgarinnar sem verst varð úti í hamförunum.

Í gær, fimm dögum eftir að ósköpin dundu yfir, biðu þeir enn eftir því að komast af stað.

Hjálparstofnanir víða um heim eru byrjaðar að senda hjálpargögn af ýmsu tagi til Tacloban, matvæli, vatn, lyf og fleiri nauðsynjar. Megnið af þessu bíður þess þó enn að komast á áfangastað.

Samgöngur liggja víða niðri og meira að segja flugvöllurinn í Tacloban hefur ekki gagnast mikið, að sögn vegna þess að hann er eingöngu ætlaður fyrir flugherinn í landinu.

Þar á flugvellinum bíður fjöldi fólks eftir því að komast með flugi burt frá Tacloban, en á meðan bíða hjálparstarfsmenn á öðrum stöðum í landinu eftir flugi til Tacloban.

„Við þurfum hjálp, ekkert er að gerast,“ segir Aristone Balute, 81 árs gömul kona sem beið á flugvellinum í Tacloban eftir að komast út úr borginni. „Við höfum ekkert borðað frá því seinni partinn í gær.“

„Það er gríðarlega mikið verk óunnið. Við höfum ekki komist inn á afskekktari staði,“ sagði Valerie Amos, yfirmaður mannúðarstarfs Sameinuðu þjóðanna.

Óttast er að hamfarirnar hafi kostað meira en tíu þúsund manns lífið, en opinberlega hafa tæplega tvö þúsund dauðsföll verið staðfest. Líf nærri tíu milljóna manna hefur farið úr skorðum og margir þeirra hafa misst heimili sín.

gudsteinn@frettabladid.is



**EYÐILEGGING Í TACLOBAN** Þessi tvö hundruð þúsund manna borg varð verst úti í hamförunum á Filippseyjum. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

### SAMÚÐARKVEÐJUR FRÁ FORSETA ÍSLANDS TIL FILIPPSEYJA

Ólafur Ragnar Grímsson forseti sendi í gær samúðarkveðju til forseta Filippseyja, Benigno Aquino. Hann sagði hug Íslendinga og hins öfluga samfélags fólks frá Filippseyjum á Íslandi vera hjá íbúum Filippseyja.

Hann minnti í kveðju sinni á orð fulltrúa Filippseyja á loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Póllandi um að þessir átakanlegu atburðir verði vonandi til þess að hvetja heimsbyggðina til aðgerða sem gætu komið í veg fyrir afdrifaríkar breytingar á loftslagi jarðar, en aukin tíðni fellibylja er talin eiga rætur að rekja til þeirra.

Bæði Rauði krossinn á Íslandi og UNICEF á Íslandi hafa efnt til neyðarsöfnunar vegna ástandsins á Filippseyjum. Hægt er taka þátt í söfnun UNICEF með því að hringja í söfnunarsímana 904-1900 og 904-2900 og styðja starfið um 1.900, eða 2.900 krónur eða leggja inn á söfnunarreikning 336-26-58, kt. 521089-1059.

Söfnunarsími Rauða krossins er 904 1500. Einnig er hægt að gefa með millifærslu á reikning 0342-26-12, kt. 530269-2649 eða á kreditkorti með því að fara inn á heimasíðu Rauða krossins, www.raudikrossinn.is.





3 ára mjúkt samstarf
með Eilersen!

eilersen

Skeifan 6 / 5687733 / epal@epal.is / www.epal.is

epal

**25%**
**afsláttur af öllum sófum frá Eilersen 8.-23. nóvember**



# SKOÐUN

Tillögur hagræðingarhóps um sparnað hjá ríkinu:

## Rétti tónninn

Tillögur hagræðingarhóps ríkisstjórnarinnar gefa rétta tóninn fyrir það starf sem framundan er á kjörtímabilinu við að ná tökum á ríkisfjármálunum. Þær eru ekki allar nýjar – meirihlutinn hefur raunar komið fram áður – en þær eru margar og eiga að geta nýtzt vel þegar menn velta við hverjum steini í leit að áhrifaríkum sparnaðarleiðum. Það er löngu orðið ljóst að við höfum ekki lengur efni á ríkisrekstrinum eins og hann lítur út og verðum að fara að borga niður skuldir.



**Ólafur Þ. Stephensen**

olafur@frettabladid.is

Það er rétt afstaða hjá hagræðingarhópnum að velja tímapunkt í fortíðinni og fara svo yfir það hvort hækkun útgjalda síðan þá hafi verið nauðsynleg. Reyndar hefði mátt hafa þann tímapunkt mun framar en á árinu 2008. Á árunum þar á undan, í stjórnartíð Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins, átti sér nefnilega stað einhver ævintýralegasta hækkun ríkisútgjalda í sögunni; um 32% á sérhvern landsmann á föstu verðlagi á árunum 1998-2007. Raunar er mun líklegra að þá hafi peningum verið eytt í óþarfa en á árunum eftir hrun, því að þetta var á mesta góðæristímabili Íslandssögunnar og aðhaldið með eyðslu stjórnmálamanna lítið.

Hugmyndir um sameiningu nafngreindra stofnana, fækkun sendiráða og fleiri „áþreifanlegar" tillögur hópsins vekja skiljanlega einna mesta athygli. Það eru þó ekki þær sem munu skila mestum sparnaði ef þær komast í framkvæmd. Stóru upphæðirnar liggja í stórfelldum kerfisbreytingum í málaflokkum sem taka til sín stóran hluta af útgjöldum ríkisins.

Af því tagi eru tillögur um að haga fjármögnun heilbrigðiskerfisins eftir forskrift sem tekur mið af íbúafjölda, aldurssamsetningu og dreifingu byggðar. Það þýðir að í stað þess að metnaður þingmanna ráði hvar glæsilegustu sjúkrahúsin eru byggð sé það raunveruleg þörf fyrir þjónustu sem ræður. Með þjónustustýringu í heilbrigðiskerfinu er líka hægt að spara mikla peninga.

Af sama toga eru tillögurnar um róttæka uppstokkun í skólakerfinu með fækkun framhaldsskóla og styttingu náms til stúdentsprófs. Við erum svo augljóslega að sóa peningum í menntakerfinu í samanburði við önnur OECD-ríki og eigum að hætta því.

Það vekur athygli, en á þó ekki að koma á óvart miðað við samsetningu nefndarinnar, hvað orðalagið um sparnað í landbúnaðarmálum er loðið og ræfilslegt. Það á að „meta skilvirkni greiðslna" til landbúnaðarins þótt það æpi á hvern þann sem vill hlusta að landbúnaðarútgjöldin eru einhver allra óskilvirkasta ráðstöfunin á fé skattgreiðenda. Tillagan um að hætta að kosta Bændasamtökin af skattfé er heldur ekki raunveruleg sparnaðartillaga, því að henni fylgir önnur um að skattgreiðendur haldi áfram að borga ýmis verkefni sem samtökin hafa með höndum.

Fleira bendir til að einhverjar Framsóknarmeinlokur byrgi mönnum að hluta sýn á verkefnið. Um leið og rýna á skilvirkni og þjóðhagslega hagkvæmni allra útgjalda vill hópurinn að „við allar breytingar á stofnanakerfi og þjónustu ríkisins verði sérstaklega horft til þess möguleika að flytja opinber störf út á land".

Ólíklegt er að allar 111 tillögur hópsins verði að veruleika. Þess vegna á ekki endilega að leggja áherzlu á þær sem er einfaldast að hrinda í framkvæmd, heldur þær sem spara mesta peninga til lengri tíma litið, jafnvel þótt þær séu pólitískt erfiðar.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRAR:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is,* Mikael Torfason *mikael@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

ISSN 1670-3871

PRÓFKJÖR SJÁLFSTÆÐISFLOKKSINS Í REYKJAVÍK




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Dýrt batterí

Hagræðingarhópur ríkisstjórnarinnar gefur ekki mikið fyrir Fjölmiðlanefnd og hennar störf. Hópurinn vill losna við hana út af borðinu eins og skot. Alþingi samþykkti fjölmiðlalög 2011 en í þeim var innleidd hljóð- og myndmiðlunartilskipun Evrópusambandsins sem Íslendingar urðu að taka upp vegna EES-samningsins. Önnur ákvæði laganna ku vera í samræmi við löggjöf nágrannaríkja Íslands á þessu sviði og annars að sjá til þess að þessum lögum sé framfylgt. Guðlaugur Þór Þórðarson, varaformaður Hagræðingarhópsins, hefur barist af hörku gegn því sem hann kallar eftirlitsiðnaðinn og er Fjölmiðlanefnd hluti af því batteríi. Hann segir að nefndin kosti 50 milljónir á ári. „Við vorum án fjölmiðlanefndar frá landnámi til 2011. Ég held að það fyrirkomulag sem þá var sé alveg fullnægjandi og það kostaði miklu minni peninga," segir Guðlaugur Þór.

### Miskunnarlaus tillaga

Verði tillögur hagræðingarhópsins að veruleika má búast við miklum breytingum á utanríkisþjónustunni. Starfsmönnum gæti fækkað verulega og þar með sendiráðum. Tillagan sem mörgum svíður þó mest er að framlög til þróunarmála verði endurskoðuð og nýleg hækkun dregin til baka. „Mér finnst þetta mjög sorgleg tillaga og hún er mjög miskunnarlaus," segir Össur Skarphéðinsson, fyrrverandi utanríkisráðherra.





### Boðar miklar breytingar

Vigdís Hauksdóttir, formaður fjárlaganefndar Alþingis, boðaði miklar breytingar á fjárlagafrumvarpinu í Bítinu á Bylgjunni í gærmorgun. Samkvæmt áætlun þingsins verður önnur umræða um frumvarpið annan desember. „Fjárlagafrumvarpið á eftir að taka miklum breytingum," sagði formaðurinn. Hún sagði að þegar fjárlagafrumvarpið kæmi aftur til kasta þingsins fengju menn að sjá hverjar af þeim 111 tillögum sem hagræðingarhópurinn lagði fram kæmu til framkvæmda á næsta ári. Galvösk sagði Vigdís: „þetta eru bjartsýnar tillögur sem við ætlum að ganga í, því víða er fitulag."

johanna@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Ungt fólk er auðlind

SAMFÉLAG



**Katrín Jakobsdóttir**

formaður Vg

Heimurinn er stærri en Ísland. Í því felast tækifæri fyrir íslenskt samfélag en ungir Íslendingar geta nú sótt sér menntun, þekkingu og reynslu um allan heim. Þessu eigum við að fagna. Á sama tíma þurfum við að skapa samfélag hér á landi sem fólk vill gera að heimili sínu og auðga með reynslu sinni, þekkingu og menntun.

Í umræðum um stórfelldan niðurskurð á stuðningi við rannsóknir og nýsköpun, fjársvelti heilbrigðiskerfisins og niðurskurð í menntakerfinu hefur komið fram að veruleg hætta sé á atgervisskorti í íslensku samfélagi. Hugmyndir sem heyrast frá stjórnarheimilinu um að refsa þeim sem sækja sér menntun og starfsreynslu til annarra landa eða um að trú á olíufundi verði það sem laðar hingað ungt fólk bendir ekki til mikils skilnings á vandamálinu eða metnaðar til að byggja hér skapandi þekkingarsamfélag – sem skiptir þó mestu fyrir lífskjör hér á landi til framtíðar.

Líklega var óumflýjanlegt að ungt fólk leitaði út fyrir landsteinana fyrst eftir hrun. Sú þróun snerist hins vegar við enda ríkisstjórn Vinstri grænna og Samfylkingarinnar meðvituð um að hún væri óviðunandi til lengri tíma. Þess vegna var ráðist í fjárfestingaáætlun til að fjölga atvinnutækifærum og hjálpa fólki að hjálpa sér sjálft, lögum um fæðingarorlof var breytt og stefnan sett á lengingu orlofsins og sett fram frumvarp til nýrra laga um Lánasjóð íslenskra námsmanna. Þannig mætti lengi telja. Öll þessi mál miðuðu að því að bæta stöðu ungs fólks og fjölga tækifærum. Því miður virðist ný ríkisstjórn ætla að falla frá eða afturkalla þessi mál.

**➜ Ég hvet stjórnvöld til að efna til samráðs með öðrum stjórnmálaflokkum og fulltrúum ungs fólks til að ræða málefni ungs fólks og hvað það setur á oddinn þannig að íslenskt samfélag verði áfram gott og eftirsóknarvert.**

Ég hvet stjórnvöld til að efna til samráðs með öðrum stjórnmálaflokkum og fulltrúum ungs fólks til að ræða málefni ungs fólks og hvað það setur á oddinn þannig að íslenskt samfélag verði áfram gott og eftirsóknarvert. Við eigum að kappkosta að byggja hér öflugt samfélag, þekkingarsamfélag, jafnaðarsamfélag og skapandi samfélag og snúa þannig vörn í sókn. Þar eigum við í samkeppni við umheiminn en ekki hvert annað og því verðum við að ná saman um markmið sem skila árangri.

# Fjórði kafli úr bók eftir óþekktan ástarsöguhöfund

Í DAG
Steinunn Ólína Þorsteinsdóttir
leikkona



Sigurborg lyngdi aftur augunum og dottaði augnablik fram á sjúrnalinn. Hún var örþreytt enda hafði vikan verið með allra erfiðasta móti. Vegna manneklu höfðu allir sjúklingar á öldrunardeild verið sendir heim yfir helgina og höfðu þó margir hverjir ekki átt í nein hús að venda. Ástæðurnar voru auðvitað mismunandi en sum gamalmennin voru hreinlega ekki húsum hæf og skiljanlegt að fjölskyldur þeirra gerðu sér upp veikindi eða skryppu í óvæntar helgarferðir frekar en að fá afglapana yfir sig.

Sigurborg hafði eins og oft áður boðist til að skjóta skjólshúsi yfir fárveik gamalmenni sem sum hver voru varla þessa heims legur. Ekkert þeirra hafði fótaferð og hún hafði því selflutt gamalmennin eitt af öðru á greiðabíl og borið á höndum sér inn í íbúð sína í Hlíðunum sem var vel búin fyrir heimsóknir af þessu tagi. Hún hafði komið þeim haganlega fyrir, tveimur konum í betri stofunni, einum í forstofunni og farlama háskólaprófessor kom hún fyrir við hlið sér í hjónarúminu því hann gat farið hvenær sem var og Sigurborg vildi geta haft andvara á sér ef dauðann bæri að höndum.

Í góðærinu, þegar gjafmildi samfélagsins hafði verið í hæstum hæðum og heilu farmarnir af lækningatækjum verið sendir í gámum til svörtustu Afríku, hafði Sigurborg af skömmum sínum skotið undan fjórum sjúkrarúmum, átta hjartastuðtækjum, nítján thoraxdrenum, þrjátíu og þremur stómapokum, ellefu hundruð þvagkateterum sem og tveimur svörtum ruslapokum fullum af grisjum, plástrum, umbúðum, bleyjum og einnota undirlökum. Reyting átti hún af hækjum og hjólastólum sem kom sér einkar vel þegar hún fann sig knúna til að sinna sjúklingum á heimili sínu.

### Hálfskammaðist sín

En nú þegar góðærið var löngu á enda og tækjakostur á spítalanum í svo bágu ásigkomulagi sem raun bar vitni hálfskammaðist Sigurborg sín fyrir að hafa á sínum tíma komið þessum hlutum undan. Hún vissi sem var að sá dagur myndi renna upp að hún þyrfti að skila fengnum og viðurkenna frammi fyrir yfirstjórn spítalans að hún hefði samviskulaust haft af flóttafólki gjafir frá einni ríkustu þjóð heims. Yrði hún ákærð fyrir þjófnað eða fagnað sem frelsara? Þessar spurningar sem og margar aðrar helltust yfir hana nú þar sem hún dottaði yfir sjúkraskránum.

Henni varð bilt við þegar Guðbrandur læknir kom askvaðandi inn á vaktina. Hann var brúnaþungur, talaði viðstöðulaust í símann og skellti þungu málmtæki á borðið. Sigurborg þekkti þar strax varahlut úr geislatæki Landspítalans. Varahlutur þessi hafði verið keyptur eftir langa leit á ebay nokkrum dögum áður og hafði Sigurborg bakað kleinur af því tilefni þegar ljóst var að hann hafði fundist. Sigurborg greip í fáti bækling sem lá við hlið málmtækisins og blaðaði í honum svo ekki liti út fyrir að hún væri að hlusta á samtal Guðbrands.

Guðbrandur hafði hallað sér fram á borðið við gluggann og Sigurborg horfði á baksvip hans með ástúð. Hann var sterkbyggður og sérlega þrekinn yfir herðarnar enda æfði hann skriðsund nokkrum sinnum í viku og það með engum öðrum en fjármálaráðherra. Sigurborg hafði oft velt því fyrir sér hvort fjármál spítalans bæri á góma þar sem þeir stæðu kviknaktir og sápuðu sig í sturtunni.

### Klípitöng og stjörnuskrúfjárn

Sigurborg þráði að sjá Guðbrand á sundi því hann hafði arnarnef gríðarlegt, líkast perustefni og hún gat aðeins gert sér í hugarlund boðaföllin sem höfuð hans, marandi í hálfu kafi, myndaði á yfirborði vatnsins. Hana sundlaði við tilhugsunina eina saman en það vildi henni til happs að Guðbrandur lauk símtalinu í sömu

> Varahlutur þessi hafði verið keyptur eftir langa leit á ebay nokkrum dögum áður og hafði Sigurborg bakað kleinur af því tilefni...

andrá. Hún ætlaði að fara að bjóða honum kaffi þegar hann bar upp spurningu sem kom henni skemmtilega á óvart.

Hefurðu einhverja haldbæra þekkingu á samsetningu véla, Sigurborg?

Sigurborg var ekki lengi að svara þessu játandi. Hún átti fimm eldri bræður og hafði af þeim sökum tekið þátt í ýmsum strákapörum með þeim sem meðal annars fólust í að taka í sundur heimilistæki og jafnvel vinnuvélar. Meðan hún hélt enn þá bíl hafði hún alltaf gert við hann sjálf og hefði aldrei nokkru sinni látið sjá sig eins og þurfaling inni á bifreiðaverkstæði. Þess hefði heldur aldrei verið þörf, svo vel að sér var Sigurborg um innviði bílvéla.

Heldurðu að þú getir séð hvort reim A á að vera hér aftan við eða að framanverðu? Það er áríðandi að við getum komið þessu fyrir svo geislatækið sé starfhæft í fyrramálið. Við megum engan tíma missa!

Sigurborg blaðaði í bæklingnum stundarkorn og þegjandi og hljóðalaust stóð hún upp og teygði sig eftir verkfæratösku sinni sem hún geymdi iðulega uppi á hillu. Hún náði sér í klípitöng og stjörnuskrúfjárn og hófst handa. Þetta reyndist auðvelt verk. Reim A átti augljóslega að vera að framanverðu og með lagni náði hún upp agnarsmárri skrúfu sem hafði staðið í vegi fyrir eðlilegri spennu á reiminni.

Hún rétti Guðbrandi tækið með stillingu og horfði djúpt í augu hans. Úr augnaráði Guðbrands gat hún lesið gagnkvæma hrifningu. Samviskubitið yfir fengnum góða var skyndilega á bak og burt og fyrir hugskotssjónum sínum sá hún sjálfa sig og Guðbrand eins og silúettur líðast inn í eilíft sólarlagið.

# Forgangsröðun í skipulagi borgarinnar

SKIPULAG
Kristinn Karl Brynjarsson
frambjóðandi í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík



Við gerð aðalskipulags þarf að forgangsraða í þágu ungra fjölskyldna. Þétting byggðar á Hampiðjureit, Þverholti eða við Skúlagötu, fellur vart undir slíka forgangsröðun. Enda verða þessir staðir seint taldir barnvænir. Íbúðir á þessum svæðum henta því betur ungu barnlausu fólki eða þá eldra fólki sem á uppkomin börn. Sama má reyndar segja um íbúðir á slippsvæðinu. Hins vegar gætu íbúðir á Lýsisreitnum verið á mörkum þess að vera í barnvænu umhverfi og henta þar af leiðandi ungu fólki með börn.

Forgangsröðun í þágu ungra fjölskyldna á því að stærstum hluta að ganga út á það að setja meiri kraft í uppbyggingu nýrra íbúðahverfa, eins og t.d. Úlfarsárdals. Ásamt því að hugað verði að nýjum svæðum til uppbyggingar, eins og Geldinganesi. Enda lítið svigrúm til þéttingar byggðar í þágu ungra fjölskyldna í rótgrónum barnvænum hverfum borgarinnar.

Við gerð aðalskipulags ber að hafa í huga, að miðbærinn er bara eitt af mörgum hverfum borgarinnar. Engu að síður er miðbærinn án efa það hverfi borgarinnar sem hvað flestir borgarbúar og reyndar landsmenn allir sækja ýmsa þjónustu til. Að því leyti má segja að miðbærinn hafi sérstöðu umfram önnur hverfi borgarinnar.

### Ekki góður kostur

Flutningur á stofnunum sem þjóna eiga öllum landsmönnum úr miðborginni í úthverfin er því ekki góður kostur. Enda tryggir nálægð þeirra stofnana við flugvöllinn í Vatnsmýri það, að það landsbyggðarfólk er kemur með flugi og sækir þjónustu þeirra, geti gert það á sem skjótastan og hagkvæmastan hátt.

Hraða þarf í miðborginni niðurrifi þeirra húsa er rífa á og hefja strax í kjölfarið byggingu á þeim húsum sem í staðinn eiga að rísa á viðkomandi lóð. Einnig þarf að tryggja það að miðbærinn sé aðlaðandi og stuðla að því að þar þrífist sem fjölbreyttust starfsemi. Aðgengi sé þar fyrir alla og bílastæðamál séu í toppstandi.

Við gerð aðalskipulags þarf að tryggja atvinnuuppbyggingu. Hefja þarf hið snarasta, undirbúning og uppbyggingu nýrra svæða undir atvinnulóðir. Nokkrum lóðum mætti úthluta á svæðinu á milli athafnasvæða Eimskipa og Samskipa. Einnig mætti huga að frekari fyllingum við Örfirisey og fylla jafnvel út í Akurey. Enda mjög aðgrunnt þar á milli. Flutningur Björgunar, steypustöðva og jafnvel fleiri fyrirtækja upp á Álfsnes tryggði svo nokkrar atvinnulóðir til viðbótar á þeim svæðum sem þessi fyrirtæki eru nú.

Í kjölfar lagningar Sundabrautar og uppbyggingar nýs hverfis á Geldinganesi, yrði svo Álfsnesið og jafnvel Esjumelar enn fýsilegri kostur fyrir fyrirtæki að vera með starfsemi sína á.

Við gerð aðalskipulags þarf að tryggja aukið umferðaröryggi. Byggja þarf mislæg gatnamót við fjölförnustu gatnamótin sem ekki hafa enn verið gerð mislæg. Fyrst þar í röðinni væru gatnamótin Miklubraut – Kringlumýrabraut og síðar Miklubraut – Grensásvegur. Víða má svo einnig lengja beygjuakreinar, hanna betur af- og aðreinar stofnbrauta og jafnvel bæta við akreinum þar sem þess er kostur, svo umferðin flæði betur.

TRAUSTIR AÐILAR
GERÐU FRÁBÆR KAUP Á NOTUÐUM BÍL FRÁ OKKUR!
BILALAND.IS
ALLT AÐ 80% LÁNAMÖGULEIKAR




HYUNDAI iX35
Nýskr. 01/12, ekinn 19 þús. km. bensín, sjálfskiptur.
Rnr. 120273.
Frábært verð
4.690 þús.



HYUNDAI i30 WAGON COMFORT
Nýskr. 06/11, ekinn 83 þús km. bensín, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 2.620 þús.
Rnr.141808.



OPEL CORSA ENJOY
Nýskr. 10/12, ekinn 4 þús. km. bensín, beinskiptur.
VERÐ kr. 2.290 þús.
Rnr.290103.



NISSAN QASHQAI SE
Nýskr. 05/12, ekinn 35 þús km. bensín, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 4.790 þús.
Rnr.190939.



NISSAN PATHFINDER SE
Nýskr. 05/11, ekinn 61 þús. km. dísil, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 6.290 þús.
Rnr.141639.



HYUNDAI SANTA FE II
Nýskr. 01/12, ekinn 25 þús. km. dísil, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 5.650 þús.
Rnr.120280.



NISSAN MICRA VISIA
Nýskr. 09/12, ekinn 23 þús. km. bensín, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 2.180 þús.
Rnr.280905.

bílaland
Klettháls 11 -110 Reykjavík
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is
www.bilaland.is
www.facebook.com/bilaland.is




Klukkur Verð frá 39.900,-



DSR plaststóll
39.900,- Hönnun: Charles & Ray Eames, 1950




DSW plaststóll
54.900,- Hönnun: Charles & Ray Eames, 1950



DAR armstóll
49.900,- Hönnun: Charles & Ray Eames, 1950



Wooden Dolls (22 tegundir)
18.500,- Hönnun: Alexander Girard, 1963



House Bird fuglinn
23.900,-



Hang it all kúluhengi
Sértilboð 29.900,- Hönnun: Charles & Ray Eames, 1953



Corniches hillur
Lítil 8.900,- Mið 11.900,- Stór 14.900,-
Hönnun: Ronan & Erwan Bouroullec, 2012



Uten Silo vegghirslur
Lítil 39.900,-
Stór 49.900,- Hönnun: Dorothee Becker, 1969



RAR ruggustóll
74.900,- Hönnun: Charles & Ray Eames, 1950



Coffee table sófaborð
Verð frá 298.500,- Hönnun: Isamu Noguchi, 1944

Penninn
Húsgögn

Skeifunni 10, Reykjavík
Hafnarstræti 91-93, Akureyri
Hafnarstræti 2, Ísafirði

Sími 540 2330
husgogn@penninn.is
www.penninn.is



†

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**ODDUR ÁRNASON**
**frá Holtsmúla,**
**heilaskurðlæknir í Gautaborg,**

andaðist á Sahlgrenska sjúkrahúsinu í Gautaborg 30. október. Útför fer fram frá Sankt Markus kapell í Gautaborg 15. nóvember kl. 14.00.

**Steinar Árnason** **Heidi Árnason**
**Linda og Martin**
**Inga Árnason**
**Björn Árnason**
**Caroline og Madeleine**



†

Eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**HÖRÐUR THORARENSEN**
**Birkihólum 4, Selfossi,**
**áður Eyrarbakka,**

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurlands 9. nóvember. Útför fer fram frá Eyrarbakkakirkju, föstudaginn 15. nóvember kl. 14.00.

**Guðrún Ólafsdóttir Thorarensen**
**Ólöf Dagný Thorarensen** **Helgi Bergmann Sigurðsson**
**Ari Björn Thorarensen** **Ingunn Gunnarsdóttir**
**barnabörn og langafabörn.**

†

Við þökkum öllum þeim sem sýnt hafa okkur hlýju og samúð vegna andláts og útfarar elsku pabba okkar, tengdaföður, afa og langafa,

**RÖGNVALDAR BERGSSONAR**
**Víðihlíð, Austurbyggð 17,**
**áður til heimilis í Seljahlíð 11c,**
**Akureyri.**

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Víðihlíðar dvalarheimilis Hlíðar fyrir hlýhug og yndislega umönnun.

**Steinunn G. Rögnvaldsdóttir** **Bjarni Baldursson**
**Freyja Rögnvaldsdóttir** **Hörður Benediktsson**
**Edda B. Rögnvaldsdóttir** **Sigurjón Sveinbjörnsson**
**Sólveig Rögnvaldsdóttir** **Friðrik Sigurðsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

Elsku faðir okkar, sonur, bróðir, mágur og frændi,

**ÓLI PÉTUR JAKOBSSON**

lést á Landspítalanum 6. nóvember. Útförin fer fram frá Laugarneskirkju föstudaginn 15. nóvember kl. 13.00.

**Finnbogi Sær** **Jakob Jóhannes**
**Eygló Eymundsdóttir** **Jakob Ólason**
**Vigdís Jakobsdóttir** **Jakob Falur Garðarsson**
**Atli Þór Jakobsson** **Ólöf Dómhildur Jóhannsdóttir**
**Dagur, Júlía, Embla Kleópatra, Agla Vigdís og Esja Rut**



†

Hjartkær eiginmaður minn, faðir og bróðir,

**BENEDIKT LEÓSSON**
**kranamaður,**
**Lögbergsgötu 5, Akureyri,**
**nú Mýrarvegi 111,**

lést á Sjúkrahúsi Akureyrar sunnudaginn 3. nóvember. Útför hans fer fram frá Akureyrarkirkju föstudaginn 15. nóvember kl. 13.30. Blóm og kransar afþökkuð en þeim sem vilja minnast hans er bent á Sjúkrahús Akureyrar.

**Ásta Alfreðsdóttir**
**J. Pétur Benediktsson og systkini.**








†

Maðurinn minn

**SVEINN ÞÓRARINSSON**
**bóndi, Kolsholti 1, Flóahreppi,**

andaðist mánudaginn 11. nóvember á Heilbrigðisstofnun Suðurlands.

**Halla Aðalsteinsdóttir**
**og aðstandendur**



Innilegar þakkir fyrir samúð og vináttu vegna andláts og útfarar

**ÖNNU JAKOBÍNU EIRÍKSDÓTTUR**
**frá Dröngum.**

Sérstakar þakkir til starfsfólks á hjúkrunarheimilinu Eir fyrir frábæra umönnun og natni í veikindum hennar.

**Þórunn Káradóttir Hvasshovd** **Stein Hvasshovd**
**Aðalsteinn F. Kárason**
**Bergþór N. Kárason** **Guðríður Jónsdóttir**
**Berglind A. Káradóttir** **Sigurður H. Árnason**
**Ragnheiður S. Káradóttir** **Pálmi Þ. Ívarsson**
**Barnabörn og barnabarnabörn.**



†

Okkar bestu þakkir fyrir samúðarkveðjur og hlýhug við fráfall ástkærrar eiginkonu minnar, móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**SVANHILDAR GUÐMUNDSDÓTTUR**

er lést á Hjúkrunarheimilinu Eir þann 25. október síðastliðinn. Sérstakar þakkir sendum við starfsfólkinu á Eir fyrir góða umönnun og hlýja nærveru.

**Pétur Eiríksson**
**Marta Pétursdóttir**
**Ragnheiður Karítas Pétursdóttir**
**Pétur Hörður Pétursson** **Unnur Lea Pálsdóttir**
**Barnabörn og langömmubörn**



†

Þökkum öllum þeim sem sýnt hafa okkur samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar eiginmanns míns, föður, tengdaföður og afa,

**ÁSGEIRS JÓNSSONAR**
**frá Neðri-Hrepp í Skorradal.**

Sérstakar þakkir fær starfsfólk öldrunarlækningadeildar K1 á Landakoti fyrir einstaklega góða umönnun og hlýhug.

**Ásdís Guðmundsdóttir**
**Guðmundur Ásgeirsson** **Þóra Jónasdóttir**
**Kristófer Fannar Guðmundsson**
**Ásdís Dröfn Guðmundsdóttir**
**Sigrún Ásgeirsdóttir** **Einar Einarsson**
**Eydís Einarsdóttir**
**Katrín Björk Einarsdóttir**



†

Ástkær systir okkar,

**VALBORG ÞORGRÍMSDÓTTIR**
**Gullsmára 7, Kópavogi,**

lést á hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð í Kópavogi 5. nóvember. Útförin fer fram frá Kópavogskirkju fimmtudaginn 14. nóvember kl.15.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á hjúkrunarheimilið Sunnuhlíð.

**Systkini hinnar látnu**



†

Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**FJÓLA SIGURÐARDÓTTIR**
**Krummahólum 25, Reykjavík,**

lést á krabbameinsdeild Landspítalans föstudaginn 8. október. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju þriðjudaginn 19. nóvember kl. 13.00. Sérstakar þakkir fær starfsfólk 11-G á Landspítalanum fyrir hlýtt viðmót og góða umönnun.

**Guðlaugur Jónas Guðlaugsson**
**Sigríður Guðlaugsdóttir**
**Guðlaugur Guðlaugsson** **Guðrún Pétursdóttir**
**Gunnar Guðlaugsson** **Anna Guðjónsdóttir**
**Sveinbjörn Guðlaugsson** **Sigurrós Magnúsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



**RÁÐSTEFNA** Sigríður Björg Tómasdóttir og Hildur Helga Gísladóttir.
FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# Búast við margmenni

## Norrænar kvennahreyfingar koma saman og standa fyrir Nordiskt Forum ráðstefnunni sem haldin verður í Svíþjóð á næsta ári.

Kvenna- og jafnréttisráðstefnan Nordiskt Forum verður haldin í Malmö á næsta ári. Búist er við allt að fimmtán þúsund gestum á þessa umfangsmestu ráðstefnu femínista um árabil.

„Íslenskar konur fjölmenntu á norrænu kvennaráðstefnurnar sem haldnar voru í Ósló 1988 og í Turku 1994 og minnast þeirra með mikilli gleði, krafturinn og samstaðan var svo mikil. Við búumst að sjálfsögðu við því að það sama verði uppi á teningnum núna enda fundið fyrir miklum áhuga," segir Sigríður Björg Tómasdóttir, verkefnastýra Nordiskt Forum á Íslandi.

Ráðstefnan er haldin að frumkvæði norrænna kvennahreyfinga og er markmið hennar að taka púlsinn á stöðu jafnréttismála í dag og leggja línurnar í jafnréttisbaráttu morgundagsins.

„Ráðstefnan markar tímamót í sögu norrænna kvennahreyfinganna en þetta er í fyrsta sinn sem þær skipuleggja svo umfangsmikla ráðstefnu. Og það er mjög mikill áhugi á því að taka þátt í henni á öllum Norðurlöndunum, bæði hjá opinberum aðilum, frjálsum félagasamtökum og einstaklingum," segir Hildur Helga Gísladóttir, framkvæmdastýra Kvenfélagasambands Íslands og fulltrúi Íslands í norrænum stýrihóp ráðstefnunnar.

Sameinuðu þjóðirnar hafa ekki haldið kvennaráðstefnu síðan í Peking árið 1995. Ástæða þess er bakslag í jafnréttisbaráttu heimsins og ótti við að markmið sem þá voru uppfyllt séu í hættu verði opnað á samningaumleitanir um þau. Norrænu kvennahreyfingarnar mátu það hins vegar svo að norræn ráðstefna um jafnréttismál væri bæði mikilvæg og nauðsynleg í baráttunni fyrir jafnrétti kynjanna um allan heim.

„Dagskráin er metnaðarfull, það verða fyrirlestrar, málstofur, tónleikar, listviðburðir og alls konar skemmtilegheit," segir Sigríður Björg, sem hvetur konur og karla til að skrá sig til leiks sem fyrst.

„Málefnum sem eru til umræðu er skipt í tólf þemu, meðal annars eru umhverfismál, kynfrelsi, launajafnrétti, stjórnmálaþátttaka, ofbeldi gegn konum og stúlkum, flóttamenn, fjölmiðlar og framtíð femínismans á dagskránni, það má sannarlega búast við spennandi umræðu og rökræðum."

Nordiskt Forum stendur frá fimmtudeginum 12. júní til sunnudagsins 15. júní. Hún er haldin á ráðstefnusvæðinu í Malmö, meðal annars í höllinni sem hýsti Eurovision-keppnina síðastliðið vor. „Malmö verður öll undirlögð þessa daga, þarna verður pottþétt mjög gaman að vera," segir Sigríður Björg.

kjartan@frettabladid.is



†

Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**RAGNAR PÉTURSSON**
**fv. kaupfélagsstjóri,**

verður jarðsunginn frá Víðistaðakirkju í Hafnarfirði fimmtudaginn 14. nóvember kl. 15.00.

**Valdís Ragnarsdóttir**
**Pétur Ragnarsson**
**Jónína Ragnarsdóttir** **Ólafur Jónsson**
**Ragnheiður Ragnarsdóttir** **Sigurjón Ásgeirsson**
**Hanna Ragnarsdóttir** **Kristinn Guðlaugsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



ROLEX
MICHELSEN
ÚRSMIÐIR SÍÐAN 1909
Laugavegur 15 - 101 Reykjavík
511 1900 - www.sviss.is



# MARKAÐURINN

Miðvikudagur 13. nóvember 2013 | 32. tölublað | 9. árgangur

Sími: 512 5000 | vísir www.visir.is



STAFRÆN PRENTUN!
GuðjónÓ
VISTVÆNA PRENTSMIÐJAN




## ÁHYGGJUR AF AUKNUM INNFLUTNINGI **FALSANA**

→ **Umboðsaðilar vinsælla vörumerkja segjast finna fyrir auknum innflutningi á fölsuðum vörum.**

→ **Framkvæmdastjóri SVÞ vill að tollgæslan fái frekari heimildir gegn innflutningi falsana.**

→ **Yfirtollvörður segir að hertar reglur gætu orðið erfiðar í framkvæmd.**

SÍÐA 4

## Stefnan sett á Aðalmarkaðinn

HB Grandi hf. og stærstu eigendur félagsins hafa náð samkomulagi um að hlutir þess verði teknir til viðskipta á Aðalmarkaði Kauphallarinnar.

Í tilkynningu HB Granda segir að vonir standi til þess að viðskiptin geti hafist á vormánuðum 2014. Félagið er nú skráð á First North-markaði Kauphallarinnar og eigendur þess ætla að leita eftir afskráningu af þeim vettvangi.

„Áður en til skráningar á Aðalmarkað kemur hyggjast framangreindir hluthafar bjóða til sölu allt að 32% eignarhlut í HB Granda hf. Markmið sölunnar verður að stuðla að dreifðara eignarhaldi á félaginu og auka seljanleika hlutabréfa þess en viðskipti með hluti félagsins á First North hafa verið takmörkuð," segir í tilkynningunni.

## Tvö dreifikerfi sameinuð í eitt

Fjarskiptafyrirtækin Vodafone og Nova hafa ákveðið að ganga til formlegra viðræðna um stofnun nýs rekstrarfélags sem mun reka sameinað farsímadreifikerfi þeirra. Gert er ráð fyrir að rekstrarfélagið taki til starfa á fyrri hluta næsta árs.

Fyrirtækin tilkynntu þetta í gær. Undirbúningsvinna vegna stofnunar félagsins hefur að þeirra sögn farið fram í nokkurn tíma og þau munu óska eftir heimild Samkeppniseftirlitsins og Póst- og fjarskiptastofnunar til að stofna nýja rekstrarfélagið.

## Halda fræðsludag um helgina

Kauphallardagurinn verður haldinn í fyrsta sinn laugardaginn 16. nóvember næstkomandi.



Kauphöllin og Háskólinn í Reykjavík (HR) standa að deginum sem verður fræðsludagur um málefni tengd fjármálum og sparnaði almennings.

Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðherra, mun setja dagskrána með því að hringja inn Kauphallardaginn í HR. Þar á eftir verður boðið upp á tólf mismunandi örnámskeið sem fjalla um flestar hliðar markaðarins og mismunandi sparnaðaráform fyrir ólíka aldurshópa kynnt. - hg


Gæði á Dorma-verði!

MIAMI svefn-tungusófi






NÝ HEIMASÍÐA
dorma.is
SKOÐAÐU ÚRVALIÐ

Fullt verð krónur 169.900
Stærð: 240x90 Tunga: 225 Hæð: 90 cm.
Grátt slitsterkt áklæði. Rúmfatageymsla í tungunni.

DORMA
– býður góða nótt

Holtagörðum, Reykjavík ✆ 512 6800 • OPIÐ: Virka daga kl. 10.00–18.00 og laugardaga kl. 11.00–16.00
Dalsbraut 1, Akureyri ✆ 558 1100 • Húsgagnahöllinni, Reykjavík ✆ 558 1100

# Gengi félaga í Kauphöll Íslands

**4 Á UPPLEIÐ**
Félög sem hækkuðu í verði

**5 Á NIÐURLEIÐ**
Félög sem lækkuðu í verði

**4 STÓÐU Í STAÐ**
Félög sem stóðu í stað

**MESTA HÆKKUN**

**ICELANDAIR**
**98,9%** frá áramótum

**VODAFONE**
**3,6%** í síðustu viku

**MESTA LÆKKUN**

**ATLANTIC PETROLEUM**
**-21,2%** frá áramótum

**ÖSSUR**
**1,4%** í síðustu viku

### Aðallisti Kauphallarinnar | Nasdaq OMX Iceland

| Félag | Gengi í gær | Frá áramótum | Vikubreyting |
|---|---|---|---|
| Atlantic Airways (DKK) | 164,50 | 36,0% | 0,0% |
| Atlantic Petroleum (DKK) | 145,00 | -21,2% | 0,0% |
| Bank Nordic (DKK) | 134,00 | 30,1% | 0,8% |
| Eimskipafélag Íslands | 230,50 | 0,2% | 1,1% |
| Fjarskipti (Vodafone) | 29,00 | -10,9% | 3,6% |
| Hagar | 36,80 | 61,8% | -0,3% |
| Icelandair Group | 16,35 | 98,9% | 2,5% |
| Marel | 125,00 | -11,0% | 0,0% |
| Nýherji | 3,23 | -20,2% | 0,0% |
| Reginn | 13,70 | 24,5% | -0,4% |
| Tryggingamiðstöðin* | 29,90 | 12,0% | -0,7% |
| Vátryggingafélag Íslands** | 11,07 | 20,1% | -0,7% |
| Össur | 213,00 | 9,8% | -1,4% |
| **Úrvalsvísitalan OMXI6** | 1.171,82 | 10,6% | 0,5% |

### First North Iceland

| Félag | Gengi í gær | Frá áramótum | Vikubreyting |
|---|---|---|---|
| Century Aluminum | 1150,00 | 0,0% | 0,0% |
| Hampiðjan | 12,90 | 37,2% | 0,0% |
| HB Grandi | 18,00 | 20,0% | 0,0% |
| Sláturfélag Suðurlands | 1,22 | 13,0% | 0,0% |

*fyrsta verð 8. maí 2013 **fyrsta verð 24. apríl 2013

# Fróðleiksmolinn

DataMarket

## Stýrivextir Seðlabanka og ávöxtunarkrafa Ríkisbréfa




Heimildir: Seðlabanki Íslands, Íslandsbanki VÍB (frumheimild: Kodi) | Skoða nánar: http://data.is/1gFoJDv

Myndin sýnir þróun stýrivaxta Seðlabanka Íslands í samhengi við þróun vaxta á eftirmarkaði þ.e. ávöxtunarkröfu á Ríkisbréfum til 1árs, 3 ára og 5 ára. Stýrivextir eru vextir af lánum sem Seðlabankinn veitir fjármálastofnunum til skamms tíma og geta haft umtalsverð áhrif á vexti inn- og útlána banka og sparisjóða og markaðsvexti á peninga- og skuldabréfamarkaði. Ríkisbréf eru óverðtrygg skuldabréf útgefin af Ríkissjóði Íslands og ganga kaupum og sölu á eftirmarkaði. Myndin sýnir þróun ávöxtunarkröfu á Ríkisbréfum og hvaða vexti markaðsaðilar eru ásáttir um næstu 1-5 árin með hliðsjón af verðbólguvæntingum. Stýrivextina notar bankinn sem stjórntæki til að hafa áhrif efnahagslíf þ.e. verðlag og eða gengi krónunnar.


**Stóreldhús**

Í Rekstrarlandi býðst fjölbreytt úrval af þaulreyndum gæðavörum fyrir stóreldhús.





**SÁPA Í FÖSTU FORMI**
í sjálfvirkar uppþvottavélar, 5 kg.



**ALHLIÐA SÓTTHREINSIR**
500 ml úðabrúsi.
**Verð 599 kr.**



**PVC-FILMA**
45 cm x 300 m.
**Verð frá 1.830 kr.**

PIPAR\TBWA • SÍA • 132327

REKSTRARLAND

Skeifunni 11 | Sími 515 1100 www.rekstrarland.is


# Dagatal viðskiptalífsins

keldan
dagatal viðskiptalífsins

**Miðvikudagur 13. nóvember**
- **Útboð ríkisvíxla**

**Fimmtudagur 14. nóvember**
- **Fiskafli** í október 2013

**Föstudagur 25. maí**
- **Ýmis lánafyrirtæki** | Hagtölur SÍ
- **Útboð ríkisbréfa**

**Föstudagur 15. nóvember**
- **Atvinnuleysi** í október 2013
- **Fjármál ríkissjóðs á greiðslugrunni og peningalegar eignir og skuldir ríkissjóðs**
- **Birtingaráætlun 2014**

**Mánudagur 18. nóvember**
- **Samræmd vísitala neysluverðs í október 2013**

**Þriðjudagur 19. nóvember**
- VÍS - **Uppgjör 3. ársfjórðungs**
- **Velta samkvæmt VSK-skýrslum janúar-ágúst 2013**
- **Verðmæti sjávarafla janúar-ágúst 2013**
- **Vísitala íbúðaverðs á höfuðborgarsvæðinu**

**Miðvikudagur 20. nóvember**
- **Vísitala byggingarkostnaðar fyrir desember 2013**
- **Tryggingamiðstöðin** - Birtingar árshlutauppgjörs

*Allar markaðsupplýsingar eru aðgengilegar á vísir*

Aflahefti Fiskistofu birt:

# Íslensk skip veiddu minna

Heildarafli íslenskra fiskiskipa dróst saman um 5,2% á síðasta fiskveiðiári. Skipin veiddu þá um 1.369 þúsund tonn.

Þetta kemur fram í Aflahefti Fiskistofu sem var birt í gær.

Samdráttur í heildarafla skýrist meðal annars af minni uppsjávarafla, en loðnuaflinn dróst saman um 120 þúsund tonn milli ára.

Veiðar á þorski skiluðu 210 þúsund tonnum samanborið við 182 þúsund tonn á fyrra fiskveiðiári.

- hg




**HÖFUÐSTÖÐVARNAR** Tekjur Vodafone hækkuðu um eitt prósentustig á þriðja ársfjórðungi miðað við sama tímabil í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Aukin gagnanotkun liður í góðri afkomu

***Hagnaður Vodafone á þriðja ársfjórðungi nam 415 milljónum króna og rekstrarhagnaður 990 milljónum króna. Ómar Svavarsson, forstjóri fyrirtækisins, segir afkomuna í takt við áætlanir.***

„Þessi góða afkoma kom ekki á óvart og við erum því hvorki að endurskoða fyrri áætlanir eða senda frá okkur afkomuviðvaranir," segir Ómar Svavarsson, forstjóri Vodafone.

Fjarskiptafyrirtækið birti á mánudag uppgjör sitt fyrir þriðja fjórðung þessa árs. Þar kom fram að hagnaður Vodafone nam 415 milljónum króna á tímabilinu og jókst um 192 prósentustig miðað við sama tíma árið 2012. Rekstrarhagnaður (EBITDA) nam 990 milljónum króna og hefur að sögn Ómars aldrei verið meiri á einum ársfjórðungi.

Ómar segist ekki geta bent á eitt tiltekið atriði sem skýri aukinn hagnað og að útkoman sé samspil ýmissa þátta.

„Gagnanotkun heimila og fyrirtækja er að breytast með tilkomu fleiri þráðlausra tækja.



ÓMAR SVAVARSSON

Þetta er ekki eins og fyrir fjórum til fimm árum þegar það voru einungis eitt til tvö tæki á hverju heimili heldur eru þau nú í kringum fimm til átta að meðaltali. Við sjáum einnig að þeim viðskiptavinum sem kaupa sjónvarpsþjónustu af okkur er að fjölga og fleiri leigja sér myndefni í gegnum okkar dreifileið," segir Ómar.

Hann segir að hefðbundin farsímanotkun hafi einnig aukist á tímabilinu og nefnir fjölgun í bæði SMS- og MMS-skilaboðum.

„Góð afkoma tengist einnig aðhaldi í rekstri. Við höfum fækkað starfsmönnum og stöðugildum og dregið úr kostnaði en samt haldið í atriði sem snúa að aukinni samkeppnisfærni. Við höfum lagt áherslu á að láta kostnaðinn elta tekjurnar og okkur hefur tekist betur í þeim efnum á þessu tímabili en oft áður. Á sama tíma erum við ekki að draga úr fjárfestingum eða styrk fyrirtækisins og það skilar sér niður í alla liði rekstrarins."

IFS greining spáði í vikunni að fjórði ársfjórðungur Vodafone verði lakari en sá þriðji. Ómar segir spána einkennilega í ljósi þess að þriðji ársfjórðungur fyrirtækisins hafi alltaf verið betri en aðrir.

„Fjórði ársfjórðungur er ólíkindatól og sveiflast töluvert og var ekki góður hjá okkur í fyrra. En ég er bjartsýnn á að útkoman verði í takt við þau viðmið sem við höfum áður sett okkur."

haraldur@frettabladid.is

Norðlenska ferðaskrifstofan Saga Travel hlaut nýsköpunarverðlaun SAF:

# Fjölga ferðum norðan heiða

„Við tökum þessu sem frábæru hrósi og klappi á bakið," segir Sævar Freyr Sigurðsson, eigandi norðlensku ferðaskrifstofunnar Saga Travel, sem hlaut nýsköpunarverðlaun Samtaka ferðaþjónustunnar (SAF) á mánudag.

Í rökstuðningi dómnefndar SAF segir að ferðaskrifstofan hafi verið „vítamínsprauta í vöruþróun ferðaþjónustu norðan heiða".

Sævar segir starfsmenn Saga Travel stefna að enn frekari fjölgun ferða. Hann nefnir meðal annars ferðir þar sem farið verður um Norðurland að næturlagi.

„Við erum einnig að leggja lokahönd á viðburðadagatal þar sem við ætlum að gera pakkaferðir úr ýmsum viðburðum hér í landshlutanum, þar sem markhópurinn er fyrst og fremst erlendir ferðamenn. Einnig ætlum við að þróa enn frekar ferðir fyrir fámenna ferðahópa og að lokum að einblína meira á íslenska markaðinn og koma Akureyri enn betur á kortið þegar kemur að árshátíðarferðum og öðru," segir Sævar.

- hg



**FRÁ AFHENDINGU** Ragnheiður Elín Árnadóttir ferðamálaráðherra, Sævar Freyr Sigurðsson, eigandi Saga Travel, og Árni Gunnarsson, formaður SAF. MYND/SAF.

BLAUPUNKT

Blaupunkt þráðlaust þjófavarnarkerfi

# Vertu þinn eigin öryggisvörður!

## Stjórnaðu þjófavarnarkerfinu heima hjá þér með appi

Þú getur sett kerfið í gang hvar og hvenær sem er á einfaldan hátt, kveikt og slökkt á ljósum og fylgst með hurðum og gluggum. Hreyfinemi finnur óboðna gesti en er búinn þyngdarskynjun, þannig að kötturinn getur komið inn þegar honum sýnist.



- Kerfið er algjörlega þráðlaust og þægilegt í uppsetningu, engir vírar og allt að 30 skynjarar/svæði.
- Innbyggður GSM hringibúnaður sem hringir og „segir" þér frá því sem er að gerast með raddskilaboðum eða SMS.
- Hægt að stýra og fylgjast með kerfinu úr snjallsíma með Connect2Home appinu, t.d. athuga virkni kerfisins, stilla það, setja kerfi á eða taka það af.
- Skynjarar í setti eru forritaðir þannig að þeir geta strax náð sambandi við stjórnstöð.




**SA 2700**
**Innihald í setti:**
*Stjórnstöð með LCD skjá,*
*1 stk. hurða/glugga segulskynjari,*
*1 stk. PIR svæðisskynjari*
*1 stk. fjarstýring*
*Fjöldi viðbótarskynjara fáanlegur*
**Verð: 46.278 kr.**

VÉLAR & VERKFÆRI

SKÚTUVOGUR 1 C · 104 REYKJAVÍK · SÍMI: 550 8500 · FAX 5508510 · WWW.VV.IS

# Þrýsta á um hert tollalög

**Samtök verslunar og þjónustu hyggjast bregðast við auknum innflutningi á falsaðri merkjavöru frá Kína með því að þrýsta á um að tollgæslan fái heimildir til þess að taka á innflutningi til einstaklingsnota. Yfirtollvörður segir slíkar reglur erfiðar í framkvæmd.**

VIÐSKIPTI
Þorgils Jónsson | thorgils@frettabladid.is

Innflutningur og sala á falsaðri merkjavöru og eftirlíkingum hefur færst í vöxt hér á landi sem og annars staðar í heiminum síðustu ár. Samtök verslunar og þjónustu (SVÞ) segja að um sprengingu sé að ræða síðustu mánuði og hvetja til þess að hert verði á tollalögum til að stemma stigu við þessu ástandi.

Flestir neytendur hafa eflaust rekist á tilboð þar sem valinkunn merkjavara, ekki síst fatnaður og minni raftæki, er boðin til sölu á verði sem er langt undir smásöluverði. Í þeim tilfellum er ekki útilokað að um sé að ræða falsaða vöru, eða misvandaðar eftirlíkingar. Síðustu mánuði og ár hefur fjölgað til muna, samfara tækniframförum og auknu aðgengi að internetinu, möguleikum á að nálgast slíkar vörur og er Ísland engin undantekning þar á.




**FARGAÐ** Baráttan gegn sölu á falsaðri merkjavöru fer fram úti um allan heim. Þessi mynd er tekin í Frakklandi fyrr á þessu ári þar sem yfirvöld skáru upp herör gegn fölsunum. NORDICPHOTOS/AFP

### Vandamál á heimsvísu

Þótt erfitt sé að geta sér til um hversu umfangsmikil sala á fölsuðum vörum og eftirlíkingum er á heimsvísu kom í ljós í ítarlegri úttekt OECD árið 2008, sem var uppfærð ári síðar, að sala á þeim hafi numið allt að 250 milljörðum dala árið 2007, sem var tæplega tvö prósent af alþjóðaviðskiptum.

Nýlega gaf svo tollgæslan í Bandaríkjunum út skýrslu þar sem fram kom að á síðasta ári var lagt hald á falsaða merkjavöru sem flytja átti inn til landsins, að verðmæti um 1,26 milljarða Bandaríkjadala, sem jafngildir um 150 milljörðum íslenskra króna og var það aukning upp á um það bil tíu prósent.

### Ekki hægt að taka einstaklingssendingar

Andrés Magnússon, framkvæmdastjóri SVÞ, segir vandann liggja í því að ekki sé heimild í tollalögum til að gera falsaða merkjavöru upptæka í póstsendingum ef um einstakling er að ræða. Heimildin nær eingöngu til þess þegar varan er flutt inn í atvinnuskyni.

SVÞ ákvað því á stjórnarfundi í lok síðustu viku að leggja til breytingar á tollalögum þannig að heimilt verði að gera falsaða merkjavöru upptæka hver sem hlut á að máli, jafnvel þótt um minniháttar innflutning sé að ræða.

„Það er gífurlegt magn af vörum sem eru að koma til landsins með þessum hætti nú um þessar mundir,“ segir Andrés.

„Þetta er algjör sprenging á ótrúlega stuttum tíma því að það eru ekki nema um þrír mánuðir síðan ég heyrði fyrst á þessa síðu minnst.“

Heimildir Fréttablaðsins herma að um það bil 6.500 sendingar komi til landsins á mánuði í gegnum þjónustu kínversku sölusíðunnar Aliexpress.

„Þetta er falsað að einhverju leyti og einhverju ekki,“ segir Andrés. „Við getum ekki gert athugasemdir við vöru sem er löglega framleidd, en við viljum að tollurinn fylgist með magnsendingum af falsaðri merkjavöru, og við teljum þá hafa staðið sig með prýði hvað það varðar, en okkur finnst þá skorta lagaheimild á þessu afmarkaða sviði.“

### Fatageirinn viðkvæmastur

„Það má leiða líkur að því að þar sé að mestu leyti fatnaður, og þá tilteknar tegundir og vörumerki af fatnaði sem eru líklegri en aðrar,“ segir Andrés og bætir því við að sá geiri finni sérstaklega fyrir þessu hér á landi.

„Það er hafið yfir allan vafa“

Andrés segir innflutninginn þó ekki einskorðast við fatnað heldur sé þar einnig um að ræða húsgögn, húsbúnað og minni raftæki, til dæmis iPad og iPhone, íhluti og margt fleira.

Andrés segir SVÞ í þröngri stöðu í baráttunni gegn innflutningi á fölsuðum merkjavörum.

„Það sem að okkur snýr í þessum málum og það eina sem við getum gert til að hafa áhrif er að þrýsta á um breytingar á löggjöf til þess að koma í veg fyrir að þetta verði eins óheft og raunin er í dag. Svo sjá menn í hendi sér að verslanir í landinu, sem eru að versla með þær vörur sem mest er sótt í með þessum hætti, munu einfaldlega ekki geta staðist þessa samkeppni.“

Aðspurður um það hvort fólki, sem kaupir meðvitað falsaða vöru, eigi ekki að vera það frjálst segir Andrés að það sé ekki svo einfalt.

„Að sjálfsögðu er það þannig að neytandinn tekur ákvörðun af fúsum og frjálsum vilja, en um leið er það brot á alþjóðasamningum að markaðssetja falsaða vöru sem háð er einkaleyfisrétti. Þannig hljótum við sem hagsmunasamtök að berjast gegn því þegar um ólögleg viðskipti er að ræða.“

> Þetta er algjör sprenging á ótrúlega stuttum tíma því að það eru ekki nema um þrír mánuðir síðan ég heyrði fyrst á þessa síðu minnst.
>
> **Andrés Magnússon**



## YRÐI ERFITT Í FRAMKVÆMD FYRIR TOLLINN



**KÁRI GUNNLAUGSSON**

Kári Gunnlaugsson yfirtollvörður segir að nokkurrar aukningar hafi gætt í sendingum til landsins frá Kína, sem megi rekja til sölusíðna.

„En það eru þá einstaklingar sem eru að panta og í fæstum tilfellum til endursölu, þannig að við getum ekki beitt okkur í því.

Ef við teljum grun um slíkt þá grípum við inn í.“

Kári segir tollgæsluna ekki hafa tölur um það hversu margar sendingar berist á mánuði og að ekki hafi verið rannsakað hversu hátt hlutfall af þessum sendingum innihaldi falsaðar vörur.

Varðandi hugmyndir um að herða á tollalögum til að gefa tollinum heimild til að fylgjast einnig með falsaðri merkjavöru til einstaklinga. Kári segir að slíkt yrði afar erfitt í framkvæmd.

„Það þyrfti þá að fjölga í starfsliðinu hjá okkur og eins erum við ekki sérfræðingar í að meta þessa hluti, þannig að við þurfum alltaf að kalla til fólk, sem kostar peninga. Þetta yrði því mjög erfitt í framkvæmd og ég held að við höfum hvorki mannskap né tíma til að skoða allar þessar sendingar, heldur verðum við að treysta því að reikningar sem fylgja þeim séu réttir og fólk sé að skila ríkinu því sem því ber.“

## FALSAÐIR NIKE SKÓR ÁHYGGJUEFNI



**VINSÆLIR** Nike Free Run-skór hafa notið mikilla vinsælda hér á landi síðustu mánuði, en mikið hefur einnig borið á fölsunum hér á landi.

Elfa Arnardóttir, markaðsstjóri smásölusviðs Icepharma, sem er meðal annars umboðsaðili Nike á Íslandi, segir að Nike hafi ekki farið varhluta af þessari þróun, sérstaklega hvað varðar hina vinsælu Nike Free Run-skó.

„Þetta er áhyggjuefni og við höfum orðið rosalega mikið vör við þetta síðan í sumar og sjáum nú nýjar sölusíður skjóta upp kollinum á hverjum degi,“ segir Elfa og segir líklegt að margir hafi séð ágóðavon í ljósi vinsælda fyrrnefndrar skólínu. Þar er þó að sögn Elfu yfirleitt um að ræða falsaða vöru þrátt fyrir að skórnir komi í umbúðum eins og um sé að ræða Nike-vöru.

„Fólk hefur komið til okkar með gallaða vöru sem við sjáum strax að er fölsuð. Til dæmis eru skurðirnir í botninum ekki eins djúpir og í alvöru Nike-skóm og sveigjanleikinn ekki eins mikill þannig að botnarnir brotna auðveldlega. Svo eru þetta gamlar týpur og litir sem verið er að selja, sem fást ekki hjá löglegum söluaðilum.

Elva segir mikla þörf á að yfirvöld taki í taumana þar sem þeirra hendur séu bundnar.

„Á meðan kemur þetta niður á viðskiptavinum okkar sem finna fyrir þessu, sérstaklega litlu búðirnar úti á landi.“

## „VERIÐ AÐ BLEKKJA NEYTANDANN“

„Það gefur augaleið að þarna er verið að blekkja neytandann,“ segir Skúli Björnsson, framkvæmdastjóri Sportís sem er umboðsaðili Canada Goose hér á landi. „Þegar kaupandi fær í hendurnar vöru sem hann heldur að sé ekta vara en er fölsuð vara verður hann óhjákvæmilega óánægður með vöruna og það skemmir enn frekar fyrir vörumerkinu,“

Skúli segir þó verst að þarna kaupi neytandinn köttinn í sekknum.

„Ég er til dæmis með úlpu sem er í toppgæðum með 30 ára ábyrgð, sem ég sel á 114.000 krónur, en á Aliexpress er verið að selja sömu úlpu á 106 dollara með inniföldum sendingarkostnaði. Um það gildir einfaldlega orðatiltækið að ef tilboðið er of gott til að vera satt, er það sjaldnast satt. Ef þeir væru að selja ekta vöru á lægra verði en ég, gæti ég ekkert sagt þar sem það væri bara samkeppni, en þarna er um að ræða falsaða vöru. Þetta er þó verst fyrir neytandann sem veit ekki hvað hann er að kaupa, og ég held að fólk geri sér almennt ekki grein fyrir þessu.“

ÞÝSKIR
&
ÞRÆLGÓÐIR


Support
kr. 32.900,-


Sitness
kr. 42.700,-


Top Point
kr. 44.900,-


Event
kr. 23.900,-


Open Point
kr. 49.500,-


Alu Basic
kr. 53.800,-


Profi Star
kr. 129.900,-

Hirzlan
Smiðsbúð 6, 210 Garðabæ
Sími 564 5040
www.hirzlan.is

FÓLK
KYNNINGARBLAÐ

**SURTSEYJARKVÖLD**
**Fyrir fimmtíu árum hófust eldsumbrot í Surtsey. Af því tilefni heldur Hamarinn, félag áhugafólks um jarðfræði, Surtseyjarkvöld í kaffihúsinu Eldstöðinni á Tryggvagötu á morgun, fimmtudag, kl. 20.**




**HJÓLREIÐAR** Róbert Pétursson, verslunarstjóri TRI á Suðurlandsbraut 32, segir hjólreiðar bæði borga sig fyrir heilsuna og fjárhaginn. MYND/GVA

# REIÐHJÓL ALLT ÁRIÐ

**VERSLUNIN TRI SUÐURLANDSBRAUT 32 KYNNIR** *Róbert Pétursson verslunarstjóri segir fólk nota reiðhjól í auknum mæli sem sitt aðalsamgöngutæki.*

Hjólreiðar hafa tekið mikið við sér síðustu ár. Margir seldu bílinn eftir hrunið og nota þá hjólið sem sitt aðalsamgöngutæki allt árið. Við opnuðum verslunina TRI rétt fyrir jólin 2011 og síðan þá höfum við fundið fyrir þessari aukningu,“ segir Róbert Pétursson, verslunarstjóri TRI.

Hann segir miklu máli skipta að fólk sé rétt útbúið þegar hjólað er allan ársins hring. „Á veturna verður hjólreiðafólk að vera á grófari dekkjum eða nagladekkjum. Nauðsynlegt er að vera í góðum fatnaði og þá er best að skoða vind- og vatnsheldan fatnað. Vettlingar og húfur eru einnig nauðsynleg sem og góður skófatnaður. Þá er sýnileiki mikilvægur þar sem endurskin og skær fatnaður kemur við sögu. Góð ljós gera kraftaverk og auka til muna öryggi hjólreiðamannsins og sýnileika. Við erum með gott úrval af fatnaði fyrir vetrarhjólreiðar, ljós og annan aukabúnað. CUBE eru þýsk gæðahjól sem eru til í mörgum gerðum fyrir mismunandi aðstæður,“ segir Róbert.

„Þegar velja á rétt hjól þarf að huga að því í hvað á að nota hjólið, á að hjóla í vinnuna, fara í fjallaferðir eða keppa í götukeppni á kappreiðahjóli. Þannig getum við fundið rétta hjólið.

Það sem hefur einnig auðveldað fólki að skipta úr bíl yfir í reiðhjól hér í Reykjavík er að borgaryfirvöld hafa lagt hjólastíga víða um borgina og þannig auðveldað samgöngur á hjóli. Þá geta launþegar fengið samgöngustyrk komi þeir hjólandi til vinnu eða nota önnur samgöngutæki en einkabílinn. Við hjá TRI höfum bent á þetta og bjóðum góð tilboð ef fyrirtæki kaupa mörg hjól í einu hjá okkur,“ segir Róbert, sem sjálfur hefur hjólað til vinnu í mörg ár.

Hann segir það bæði borga sig fyrir heilsuna og fjárhaginn að nota hjólið frekar en bíl. „Reksturinn á venjulegum fjölskyldubíl getur verið rúm ein milljón króna á ári, samkvæmt upplýsingum á vefsíðu FÍB, en það má kaupa sér hjól sem hentar vel til að hjóla til vinnu sem kostar frá 95.990 krónum. Fyrir utan það líður fólki miklu betur þegar það hjólar,“ segir Róbert.



**CUBE – ÞÝSK GÆÐI** Nauðsynlegt er að vera rétt útbúinn þegar hjólað er allan ársins hring. Verslunin TRI býður allar gerðir af hjólum, fatnað og aukahluti. Á veturna eru nagladekk undir reiðhjólið skynsamlegur kostur. Nánari upplýsingar er að finna á www.tri.is

Lionssalurinn Lundur
• Jólahlaðborð
• Árshátíðir
• Þorrablót
Brúðkaupsveislur.is
Fermingarveislur.is
Cocktail.is
Veisluþjónusta
Lionssalurinn Lundur • Auðbrekku 25-27 • s. 899-8994

Jólapúðar
Amma mús – handavinnuhús
Laugavegur 18, 101 Reykjavik
Opið mán – fös 11-20 lau 11-17 -sun 12-17
sími 511 3399
Ármúla 18, 108 Reykjavik
Opið mán – fös 9-18 og lau 11-15
sími 511 3388
Amma mús -handavinnuhús

White-Westinghouse - amerísk gæða heimilistæki
Þvottavél 12 kg Þurrkari
Taka 12 Kg · Hljóðlát
Stórt op > auðvelt að hlaða
Sparneytin amerísk tæki.
<Þvottvélin tekur heitt og kalt vatn
Afkastamikill þurrkari >
Amerísk gæðavara
RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS

OLANG
FYRIR DÖMUR OG HERRA
Verð:24.000.-
OC ICE GRIP SYSTEM
NÝ SENDING!
AF VINSÆLU KULDASKÓNUM
MEÐ MANNBRODDUNUM
Parísar TÍZKAN
BASLER
Skipholti 29b • S. 551 0770

KENNEL & SCHMENGER
SCHUHMANUFAKTUR
hjá Hrafnhildi
• Engjateigur 5
• Sími 581 2141
• www.hjahrafnhildi.is
Opið virka daga frá kl. 10-18
laugardaga frá kl. 10-16

Kemur út
26. nóvember
JÓLAGJAFAHANDBÓK
FRÉTTABLAÐSINS
Meðal efnis í blaðinu: Jólaljósin, kökur, sætindi, skraut, föndur, matur, borðhald, jólasiðir, jólagjafir og venjur.
Bókið auglýsingar tímanlega:
Kolbeinn Kolbeinsson kolli@365.is S. 512 5447 663 4055
Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is S. 512 5434 695 4999
Ívar Örn Hansen ivarorn@365.is S. 512 5429 615 4349
Atli Bergmann atlib@365.is S. 512 5457 897 9144
Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbirgir@365.is S. 512 5432 694 9150

GREEN DIAMOND

# Hin einu sönnu HARÐKORNADEKK

...þróuð fyrir íslenskar aðstæður

**PANTANIR OG FYRIRSPURNIR:**
panta@hardkornadekk.is
694 7720
896 9777
www.hardkornadekk.is

VARIST EFTIRLÍKINGAR!



## Í harðkornadekkjum eru iðnaðardemantar sem

– stórauka veggrip í hálku
– má keyra á allt árið
– auka rásfestu
– valda hverfandi svifryki
– skemma ekki malbik

Ath. iðnaðardemanta er ekki að finna í neinum öðrum „korna“ dekkjum á Íslandi.

Starfshópur samgönguráðs komst að þeirri niðurstöðu að Harðkornadekkin væru bestu vetrardekkin fyrir þær aðstæður sem ríkja á SV-horni landsins.

**Hópurinn ályktaði eftirfarandi:**

„Hvatt er til þess að unnið sé að því markmiði með fræðslu og áróðri að Harðkornadekk komi í stað nagladekkja“
(okt. 2009)

**„Verkefnið“ Harðkornadekk er margþætt – það snýr að umhverfis-, öryggis- og þjóðhagslegum sjónarmiðum.**

Rannsóknir sýna óyggjandi að nagladekk valda svifryki. Árlegur kostnaður ríkis og sveitarfélaga vegna heilsuspillandi áhrifa þess og viðhalds á gatnakerfinu sem rekja má beint til notkunnar nagladekkja hleypur líklega á miljörðum króna á ári.

Samkvæmt sænskri rannsókn á virkni Harðkornadekkja í samanburði við önnur þekkt merki á markaðnum komu Harðkornadekkin mun betur út þegar skoðuð var virkni dekkjanna við frostmark, en þá verða flest óhöpp í umferðinni. Nagladekk hafa lengri bremsuvegalengd bæði á blautu og þurru malbiki, en við þær aðstæður er ekið 98% af tímanum á höfuðborgarsvæðinu. Harðkornadekk ættu því að vera fyrsti kosturinn fyrir þá sem vilja auka öryggi sitt og stuðla að betra umhverfi.

Helgi Geirharðsson verkfræðingur og Kristinn R. Sigurðsson tæknifræðingur
– forsvarsmenn Green Diamond Harðkornadekkja á Íslandi.

GREEN DIAMOND
HARÐKORNADEKK
Íslenskt hugvit með umhverfi og öryggi að leiðarljósi.

# FJÁRÖFLUN

MIÐVIKUDAGUR 13. NÓVEMBER 2013 | **Kynningarblað** Klósettpappír, hreinlætisvörur og ullarvörur.


# Fjölbreyttir pakkar til fjáröflunar

Papco býður fjölbreytt vöruúrval til fjáröflunar en fyrirtækið hefur framleitt hágæðapappír í þrjátíu ár.

Papco hefur verið leiðandi fyrirtæki í sölu á pappírsvörum til lengri tíma á Íslandi og á undanförnum árum hefur fyrirtækið einnig haslað sér völl í sölu á fjáröflunarvörum til íþróttafélaga og félagasamtaka. Ottó Sverrisson, sölustjóri Papco, segir starfsemi fyrirtækisins hafa blómstrað í áratugi.

„Papco fagnar 30 ára starfsafmæli sínu á þessu ári og nálgast starfsmannafjöldi fyrirtækisins 40 manns. Yfir tuttugu manns starfa við framleiðslu og við getum nú stolt boðið upp á fjölmargar tegundir af framleiðsluvöru með umhverfisvottun,“ segir Ottó.

## Fjölbreytt vöruúrval

„Á undanförnum árum höfum við bætt mikið við framleiðsluna, meðal annars nokkrum tegundum af hágæðapappír sem einnig er seldur í fjáröflunum,“ segir Ottó. „Má þar nefna De-luxe-pappír þar sem mikið magn er af pappír á hverri rúllu og einnig er boðið upp á þriggja laga lúxuspappír. Óhætt er að segja að allir finni pappír við hæfi hjá Papco.“

Þá býður fyrirtækið sniðuga pakka fyrir heimilið sem hentugir eru til fjáröflunar svo sem pokapakka, hreinsipakka, kaffi, jólapappír og þvottaefni. Einnig hefur Papco starfað með öðrum íslenskum framleiðendum við sölu á harðfiski, lakkrís og fleiri vörum.

Hægt er að nálgast styrktarsölubækling hjá Papco á Stórhöfða 42 eða hafa samband við sölufulltrúa í síma 587-7788.

Styrktarvörurnar eru einnig seldar í útibúi Papco á Akureyri í Austursíðu 2, 462-6706.



Ottó Sverrisson sölustjóri segir Papco hafa verið eitt af leiðandi fyrirtækjum í sölu á fjáröflunarvörum undanfarin ár. MYND/VALLI




Fjölmargar framleiðsluvörur Papco eru með umhverfisvottun.



„Á undanförnum árum höfum við bætt við framleiðsluna, meðal annars hágæðapappír sem seldur er í fjáröflunum.“


papco
-bestir á bossann







Styrktarsala
er góð leið til fjáröflunar!




Hafðu samband í síma 587 7788 og fáðu sendan vörulista

# Gott úrval og persónuleg þjónusta

Fjáraflanir eru nauðsynlegur hluti af íþrótta- og tómstundastarfi margra barna og unglinga. Betra er að skipuleggja fleiri en færri fjáraflanir yfir tímabilið. Söfnun.is býður upp á úrval vara frá traustum birgjum.

Tómstundir eru gríðarlega mikilvægar á uppvaxtarárum barna. Kostnaður getur oft skipt sköpum og ráðið ferðinni við vali á tómstundum. Þegar fjölskyldur eru með fleiri en eitt eða tvö börn í tómstundastarfi vill það koma niður á buddunni. Kostnaður einskorðast ekki eingöngu við æfingagjaldið heldur bætast við æfinga- og keppnisferðir, mótsgjöld, búningar o.fl. Því er gott að hafa fjáröflun sem valkost til að létta undir, að sögn Guðrúnar Fríðar Hansdóttur hjá sofnun.is. „Fjáraflanir eru mjög mikilvægar fyrir félagasamtökin sjálf. Það munar um hvern iðkanda. Því er ekki síður mikilvægt að félögin eða hópurinn vinni markvisst með foreldrunum að því að gera hlutina á sem skipulegastan hátt, reyni að halda kostnaði í lágmarki með fjáröflunum allt árið um kring en ekki á síðustu stundu eins og oft er raunin.“

### Gott vöruúrval og gæði skipta máli.

Hún segir markmið fyrirtækisins sofnun.is vera að létta þeim foreldrum lífið sem taka þátt í foreldrastarfi og bera hitann og þungann af verkefnunum. „Í þessu hraða umhverfi sem við búum í er því gott að geta gengið að öllum vörum á sama stað og láta aðra sjá um vinnuna. Þannig er þetta einfalt, þægilegt og þeir sem taka að sér að vera forsvarsmenn þurfa ekki að eyða miklum tíma í að skipuleggja, sækja vörur og halda utan um fjáröflunina sjálfa.“

Að sögn Guðrúnar er reynt að velja birgjana þannig að þær vörur sem boðið er upp á séu gæðavörur. „Þá legg ég mikið upp úr því að hafa vörur sem kaupendur hafa not fyrir og enda ekki í geymslunni. Þess vegna er mikil áheyrsla á fjölbreytt vöruval.“

Guðrún mælir með því að hópar séu með fleiri fjáraflanir en færri yfir tímabilið og dreifi þannig vöruvalinu. „Þá er hægt að selja sama aðila oftar en einu sinni. Ég upplýsi hvaða vörur seljast best á hvaða tíma og gef ráð um hvernig best sé að raða saman pökkum. Hægt að skipta upp í 3-4 tímabil án þess að nota sömu vörurnar. Þannig reyni ég að hafa árstíðabundið vöruval, eins og jólavörur, páskavörur o.s.frv.“

### Yngstu oft duglegastir

Hópefli skiptir máli ásamt því að vera virkur í tómstundaiðju eða félagsstarfi barns. Einnig þarf barnið ásamt foreldrum að átta sig á því að tómstundir eru ekki sjálfsagður hlutur og að leggja þurfi á sig til að ná árangri. „Það er virkilega gaman að fylgjast með því hve krakkarnir eru duglegir að selja og oftar en ekki eru þau yngstu jafnvel duglegust, með smáhjálp frá mömmu og pabba. Þeir hópar sem hafa nýtt sér þjónustu mína eru til dæmis útskriftarhópar, íþróttafélög, skátar, kvenfélög og kórar en allir eru velkomnir.“

Allar nánari upplýsingar má finna á www.sofnun.is.



„Í þessu hraða umhverfi sem við búum í er því gott að getað gengið að öllum vörum á sama stað,“ segir Guðrún Fríður Hansdóttir hjá sofnun.is. MYND/STEFÁN



Mikil neyð ríkir meðal barna á Filippseyjum í dag. MYND/UNICEF-JEOFFREY MAITEM

## *Treysta á frjáls framlög til hjálpar börnum í neyð*

Um síðustu helgi gekk einn öflugasti fellibylur sögunnar yfir Filippseyjar. Þaðan berast nú hræðilegar fréttir af algjörri eyðileggingu og hefur lífi meira en fjögurra milljóna barna verið umturnað. Börn hafa látist, særst, orðið viðskila við foreldra sína og þurfa tafarlausa hjálp. Stærstu barnahjálparsamtök heims, UNICEF, hafa eðlilega lykilhlutverki að gegna þegar svo gríðarlegur fjöldi barna er í neyð. „Skjót viðbrögð eru lífsnauðsynleg þegar hörmungar af slíkri stærðargráðu skella á,“ segir Stefán Ingi Stefánsson, framkvæmdastjóri UNICEF á Íslandi. „Forgangsatriði nú eru að tryggja aðgengi barna að hreinu vatni, næringu, hreinlætisaðstöðu, koma í veg fyrir smitsjúkdóma og koma börnum í skjól.“ Stefán segir að skjót viðbrögð í fjáröflun skipti miklu máli á slíkri ögurstundu. „UNICEF treystir eingöngu á frjáls framlög. Með öðrum orðum eru framlög frá almenningi og fyrirtækjum ekki bara mikilvæg heldur skipta þau öllu máli. Ef ekki væri fyrir gjafmildi fólks gæti UNICEF einfaldlega ekki verið með svo öflug viðbrögð.“ Hægt er að leggja neyðarsöfnun UNICEF lið með því að senda sms-skilaboðin **barn** í símanúmerið **1900** og styrkja hjálparstarfið um 1.900 kr. Einnig er hægt að leggja inn á sérstakan söfnunarreikning: 701-26-102040 (kt. 481203-2950). Þá er hægt að leggja söfnuninni lið á heimasíðu UNICEF, www.unicef.is.




Útgefandi: 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000 Umsjónarmenn auglýsinga: Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is, s. 512-5432. Ábyrgðarmaður: Jón Laufdal.

MIÐVIKUDAGUR 13. NÓV. 2013
24. TÖLUBLAÐ 1. ÁRGANGUR
DAGSKRÁRBLAÐ STÖÐVAR 2



**FALIÐ VANDAMÁL**
Kolla fjallar um heimilisofbeldi.



**MOM**
Frábær gamanþáttaröð um einstæða móður.



**SJÁLFSTÆTT FÓLK**
Jón Ársæll fer með Dóru Takefusa á æskuslóðir.



# LÆKNISFRÆÐI Á MANNAMÁLI

Í DOKTOR SEM HEFST Á STÖÐ 2 Á MORGUN VERÐUR FJALLAÐ UM SJÚKDÓMA OG FORVARNIR Á MANNAMÁLI.

FRÁBÆR TILBOÐ Í STÖÐ 2 VILD

krakkar GULL BÍÓ SPORT SPORT 2 3

## ÓMISSANDI Í VIKUNNI



**GREY'S ANATOMY**
Miðvikudag kl. 21.05



**THE BLACKLIST**
Fimmtudag kl. 21.10




**LOGI Í BEINNI**
Föstudag kl. 19.45




**SPAUGSTOFAN**
Laugardag kl. 19.35




**ÁSTRÍÐUR**
Sunnudag kl. 20.45



**HOSTAGES**
Mánudag kl. 20.55



**MODERN FAMILY**
Þriðjudag kl. 20.10

**KOLLA**
Kl. 20.30 í kvöld



# ÓHEILBRIGT HEIMILISLÍF

„Gestur minn í kvöld verður kona sem segir okkur frá sárri lífsreynslu sinni en hún var til margra ára í sambandi þar sem hún var beitt líkamlegu og andlegu ofbeldi," upplýsir sjónvarpskonan Kolla um málefnið heimilisofbeldi sem hún tekur fyrir í þætti sínum í kvöld.

„Heimilisofbeldi er gjarnan mjög falið og oft átta nánustu aðstandendur sig ekki á því né einstaklingurinn sjálfur sem fyrir ofbeldinu verður. Þetta á sérstaklega við um andlegt ofbeldi en einnig annað heimilisofbeldi," útskýrir Kolla.

Í kvöld koma einnig í þáttinn þau Sigþrúður Guðmundsdóttir, fræðslu- og framkvæmdastýra Kvennaathvarfsins, og Ingólfur V. Gíslason, lektor í félagsfræði við Háskóla Íslands og verkefnastjóri Karla til ábyrgðar.

„Því miður er algengt að konur leiti sér ekki hjálpar fyrr en einhver utanaðkomandi skiptir sér af eða þær átta sig á að aðstæður þeirra eru ekki eðlilegar þegar þær skoða upplýsingar um heimilisofbeldi á heimasíðu Kvennaathvarfsins."

## BÍÓ TOPPMYNDIR Á BÍÓRÁSINNI
Kl. 22.00 alla daga

**Tenderness**
MÁNUDAGUR







**Pathology**
ÞRIÐJUDAGUR

**Dark Shadows**
MIÐVIKUDAGUR







**Contagion**
FIMMTUDAGUR

**What to Expect When You are Expecting**
FÖSTUDAGUR







**Wallander**
LAUGARDAGUR

**Sherlock Holmes: A Game of Shadows**
SUNNUDAGUR



# DEITAÐI LEONARD Í TVÖ ÁR



Leikkonan Kaley Cuoco hefur slegið í gegn sem Penny í gamanþáttunum Big Bang Theory. Sjöunda serían hófst á Stöð 2 í gær.

**THE BIG BANG THEORY**
**Kl. 20.35 þriðjudaga**

**Big Bang Theory eru með vinsælustu þáttum heims um þessar mundir. Þátturinn fjallar um félagana Leonard og Sheldon sem eru afburðasnjallir eðlisfræðingar en hálf ónýtir í samskiptum við annað fólk og einkum hitt kynið. Kaley Cuoco leikur kynþokkafulla nágrannakonu þeirra félaga sem hefur með tímanum orðið veigameiri partur af þáttunum. Þau Leonard fella hugi saman þrátt fyrir afar ólík áhugamál. Þess má geta að leikararnir Cuoco og Johnny Galecki sem leikur Leonard voru í raun saman í tvö ár.**

**Cuoco (28 ára) hét áður Camarillo en breytti því í þágu leiklistarferilsins. Hún vakti fyrst athygli í þáttunum 8 Simple Rules sem sýndir voru 2002-2005. Þar lék hún á móti John Ritter heitnum. Þá lék hún Billie Jenkins í lokaseríu yfirnáttúrulegu þáttanna Charmed. Hún hefur leikið í nokkrum kvikmyndum en fyrsta hlutverkið fékk hún sem ung Karin Carter í spennumyndinni Virtuosity árið 1995. Af öðrum myndum má nefna Lucky 13 (2005), To Be Fat Like Me (2007), The Penthouse (2010) og Hop (2011).**

**Cuoco er fær tennisleikari en hún byrjaði að æfa tennis þriggja ára gömul. Sem unglingur var hún á lista yfir áhugaleikara á landsvísu. Hún gaf sportið upp á bátinn sextán ára gömul. Tennisáhuginn blundar þó líklega í henni enn þá enda er unnusti hennar, Ryan Sweeting, atvinnutennisleikari.**

**Cuoco þykir afar kynþokkafull. Árið 2005 var hún númer 77 á lista yfir 100 kynþokkafyllstu konur Bandaríkjanna, árið 2008 var hún í 21. sæti en var komin í sjötta sætið 2013.**



# KENNEDY FJÖLSKYLDAN

GULL
**THE KENNEDYS**
**Daglega á Gullstöðinni**

The Kennedys, eða Kennedy-fjölskyldan, er ein umtalaðasta sjónvarpssería síðustu ára. Þar er fylgst með lífshlaupi Bandaríkjaforsetans Johns F. Kennedy frá fyrstu skrefum hans í stjórnmálum, frá valdatíð hans, velgengni og leyndarmálum á forsetastóli og sviplegu dauðsfalli.

Meðal þeirra sem koma við sögu eru Jacqueline Kennedy, Frank Sinatra, Marilyn Monroe, J. Edgar Hoover og Lyndon B. Johnson. Með aðalhlutverk fara Greg Kinnear, Tom Wilkinson og Katie Holmes.

Þátturinn verður endursýndur í heild á Stöð 2 Gull nú í vikunni. Fyrsti þátturinn er sýndur á morgun, fimmtudaginn 14. nóvember. Síðan verður einn þáttur sýndur á hverjum degi, klukkan rúmlega 22, þar til allir átta hafa verið sýndir.






# ELSKU MAMMA

**MOM**
**Kl. 19.45 mánudaga**

er frábær gamanþáttaröð um einstæða móður, Christy, sem hefur háð baráttu við Bakkus en er nú að koma lífi sínu á rétt ról. Hún ákveður að hefja nýtt líf í Napa Valley í Kaliforníu en það eru margar hindranir í veginum, ekki síst í hennar eigin fjölskyldu. Mamma hennar er einnig óvirkur alkóhólisti og 16 ára dóttir hennar er að leiðast út á hættulega braut.

Þættirnir eru úr smiðju Chuck Lorre, sem er maðurinn á bak við nokkrar af vinsælustu gamanþáttaröðum nútímans, til dæmis Two and a Half Men, The Big Bang Theory og Mike & Molly.

Anna Faris leikur Christy. Þetta er fyrsta aðalhlutverk hennar í sjónvarpsþætti en hún hefur verið afar vinsæl aukaleikkona. Þekktust er hún þó fyrir framlag sitt í Scary Movie-myndunum auk þess sem hún hefur leikið í Lost in Translation, The House Bunny, My Super Ex-Girlfriend og I Give It a Year.

# VONAST EFTIR LEYNDARMÁLI





**HEIMSÓKN**
**Kl. 20.10 í kvöld**

Sindri Sindrason er aufúsugestur í bæjum og borg í innlitsþáttum sínum Heimsókn. Í kvöld knýr hann dyra hjá fagurkeranum Lindu Björg Árnadóttur, lektor við Listaháskóla Íslands. „Linda ætlar sér stóra hluti með vörumerkið Scintilla. Hún segir of mikið framleitt af drasli í heiminum og að fólk eigi að vanda betur til verka þegar það velur vörur inn til sín," segir Sindri sem komst á snoðir um heimilisstíl Lindu, sem býr í Vesturbænum, og einkennist af fallegum, vönduðum vörum úr ólíkum áttum.
„Það má segja að sumt sé bara ljótt og illa hannað á meðan annað er fallegt og vel hannað. Þannig er það bara," segir Linda í heimsókn Sindra sem fer oftast sæll og saddur heim úr húsvitjunum. „Allir eru með eindæmum gestrisnir og leiða mig til borðs með heimabökuðu kruðerii og kaffisopa," segir Sindri um kærkomnar vellystingarnar.
En eru gestgjafarnir sáttir við að Sindri opni og gramsi í lokuðum prívatskúffum og skápum á heimilinu?
„Já, svo virðist vera, en biðji fólk mig að hætta kann ég vitaskuld almenna mannasiði og hætti um leið. Ég er hins vegar að vonast eftir að í ljós komi eitthvað sem ég má ekki sjá, eða svoleiðis," segir Sindri prakkaralega og skellir upp úr.



# DÓRA TAKEFUSA Í SJÁLFSTÆÐU FÓLKI

**SJÁLFSTÆTT FÓLK**
**Kl. 19.45 sunnudag**

Dóra Takefusa verður gestur Jóns Ársæls í Sjálfstæðu fólki á sunnudaginn, 17. nóvember. „Við förum með Dóru austur á Seyðisfjörð þar sem hún er alin upp. Það er margt að gerast hjá henni um þessar mundir," útskýrir Jón Ársæll.
„Dóra var að opna nýjan og skemmtilegan veitingastað á Hverfisgötunni og á og rekur fleiri staði bæði í Reykjavík og í Kaupmannahöfn. Íslensk athafnakona ættuð austan af Seyðisfirði og frá Japan, þaðan sem pabbi hennar er. Þær gerast ekki flottari," segir hann ennfremur.
Þetta er þrettánda árið sem spjallþáttur Jóns Ársæls er á dagskrá á Stöð 2. Hann hefur hlotið mörg verðlaun og Jón Ársæll hefur komið víða við í spjalli við hina ýmsu Íslendinga sem hafa sögur að segja en viðmælendur hans eru orðnir ansi margir í gegnum árin.

# FRÆÐSLA OG FORV



Þáttaröðin Doktor með sjónvarpskonunni Telmu Tómasson og lækninum Teiti Guðmundssyni hefst á Stöð 2 á morgun. Þar verður fjallað um marga af þeim sjúkdómum sem hrjá nútímamanninn, hvernig má takast á við þá og hvað sé hægt að gera til að sporna við þeim. Rætt er við sérfræðinga á sviði krabbameins-, hjarta- og geðlækninga svo dæmi séu nefnd og fjölda fólks sem miðlar af reynslu sinni.

**„Flest viljum við lifa lengi, hamingjusöm og heilbrigð og er markmiðið að upplýsa fólk um hvernig best sé að haga lífinu til að ná því marki," segir Telma. „Við förum vítt og breitt og fjöllum um forvarnir, sjúkdóma, andlega vellíðan og kynheilbrigði svo dæmi séu nefnd. Við reynum að koma flóknum læknisfræðilegum fyrirbærum yfir á mannamál og notumst meðal annars við teiknaðar skýringarmyndir sem gefa áhorfendum innsýn í það hvernig hjartaþræðing er framkvæmd og hvernig krabbamein þróast svo dæmi séu nefnd. Tilgangurinn er að upplýsa fólk um það hvað gerist í líkamanum við tilteknar aðstæður."**

**„Ég hef mikinn áhuga á heilsuvernd og forvörnum og hef verið að skrifa greinar í Fréttablaðið í tæp tvö ár auk þess sem við höfum spjallað um heilsutengd málefni á Bylgjunni með reglulegu millibili," segir Teitur. „Ef maður gefur sér tíma til að útskýra vel hvernig líkaminn virkar og hvernig sjúkdómar myndast auk þess að leggja áherslu á það hvað einstaklingurinn getur gert sjálfur í formi forvarna og heilbrigðari lífsstíls er mikið unnið," segir Teitur. „Megintilgangur þáttanna er að auka skilning og þekkingu sem vonandi nýtist fólki."**

**Í þættinum eru viðtöl við fjölbreyttan hóp fólks sem hefur glímt við ýmis vandamál. „Ég ræði til að mynda við konu sem fékk hjartaáfall á besta aldri, en margir líta á hjartasjúkdóma sem karlavandamál. Þá fáum við innsýn inn í samhengi andlegrar heilsu og streitu og hvernig er hægt að vinna sig út úr vandanum. Þannig ræðir ungur hjúkrunarfræðingur opinskátt um hvernig óhóflegt vinnuálag leiddi til ofsakvíða og þunglyndis. Blöðruhálskirtilskrabbamein er einnig til umræðu og vandamálin sem geta fylgt meðferð eins og þvagleki og risvandamál," segir Telma en auk þessa ræðir hún við ungan mann sem hefur glímt við félagsfælni, þunglyndi og kvíða og lýsir hann því nánast áþreifanlega þegar hann varð svo þunglyndur að hann reyndi sjálfsvíg. Af öðrum viðmælendum má nefna unga íþróttakonu sem fékk ristilkrabbamein. Hún gengur með stóma og lýsir hún ýmsu sem því fylgir.**

**Allt þetta fólk talar að sögn Telmu af einlægni og heiðarleika. „Það hefur allt þurft að taka u-beygju í lífinu en virðist koma bjartsýnt og stórmannlegt út úr því. Viðmælendur okkar hafa öðlast nýja og dýpri sýn á lífið og þeir gefa áhorfendum sneið af reynslu sinni. Það hefur verið mikill lærdómur fyrir mig að vinna að gerð þáttanna og hreinlega mannbætandi," segir Telma.**

**Þættir á borð við Doktor hafa notið vinsælda víða erlendis. Telma segir að vissulega hafi eitthvað verið horft til þeirra. „Að mínu mati endurspeglar hver þáttur þó landið sem hann er framleiddur í og hér erum við að tala um íslenskan veruleika." Teitur er sammála þessu og bendir á að læknar hérlendis séu almennt ekki sérstaklega sýnilegir í þeirri umræðu sem fram fer um heilsu og lífsstíl í fjölmiðlum. Þeir hafa eigi að síður áhuga á slíku en hugsanlega hefur vantað vettvang. Ég hef fengið mjög góð viðbrögð frá kollegunum og öðru fagfólki sem er hvetjandi og styðjandi í þessari viðleitni okkar að koma upplýsingum á framfæri."**

**Á löngum ferli sem fréttamaður segist Telma sömuleiðis merkja þá breytingu að Íslendingar séu viljugri og ófeimnari að miðla af reynslu sinni og tala um mál sem þykja óþægileg. „Öll göngum við í gegnum eitthvað. Það er óhjákvæmilegt. En fólk er í auknum mæli tilbúið að deila og upplýsa og ættu áhorfendur að verða margs vísari."**

VARNIR FYRIR ALLA





# NÝ ÞÁTTARÖÐ NEW GIRL

**NEW GIRL**
**Kl. 19.40 þriðjudag**

Þriðja þáttaröðin um hina einstöku Jess og sambýlinga hennar hefst nú á Stöð 2. Fyrsti þátturinn var sýndur í gær og verður serían á dagskrá á þriðjudagskvöldum.
Jess er söm við sig en sambýlingar hennar hafa nú nokkurn veginn áttað sig á þessari undarlegu stúlku og hefur Jess nú öðlast vináttu þeirra allra.
Á ýmsu hefur gengið milli hennar og Nicks en þegar annarri seríu lauk höfðu þau náð saman. Þau eru þó langt frá því að vera í jafnvægi bæði tvö eftir fyrri sambandsslit sín og nú reyna þau að finna flöt á sambandi sínu, sem sambýlingar og kærustupar. Það gengur á ýmsu og í ofanálag er samband þeirra hreint ekki vel séð af Schmidt sem óttast að hann sé að missa besta vin sinn. Schmidt gengur jafnvel svo langt að reyna að stía þeim í sundur.
Leikkonan Zooey Deschanel fer á kostum sem hin óviðjafnanlega Jess.



# ALDREI LOGNMOLLA

**THE MIDDLE**
**Kl. 19.45 miðvikudaga**

Þriðja þáttaröðin af hinum stórskemmtilegu þáttum The Middle hefst í kvöld á Stöð 2. Þættirnir eiga marga aðdáendur. Þeir fjalla um líf millistéttarfjölskyldunnar Heck þar sem aldrei er lognmolla. Ofurhúsmóðirin Frankie hefur í mörg horn að líta en hún er leikin af Patriciu Helen Heaton sem margir þekkja sem Debru úr þáttunum Everybody Loves Raymond. Fyrir það hlutverk hlaut hún tvenn Emmy-verðlaun.
Fjölskyldan býr í smábænum Orson í Indiana en eiginmaðurinn, Mike Heck, er fremur þögull maður en trúr og traustur fjölskyldufaðir. Með hlutverk hans fer Neil Flynn sem er þekktur úr Scrubs. Börnin eru þrjú og láta töluvert fyrir sér fara. Elstur er Axl, unglingur sem er áhugasamur um lífið og tilveruna en þó afar tortrygginn. Hann er ágætis íþróttamaður en ekki mikið fyrir bókina. Dóttirin Sue er í miðjunni. Hún er áköf en á þó ekkert sérstaklega gott með félagsleg tengsl. Yngsti sonurinn, Brick, er greindur en á við hegðunarvandamál að stríða.
„Foreldrar eru alvöru hetjur,“ segir framleiðandi þáttanna. „Í þáttunum er að finna gamansemi í bland við alvöru en líka fullt af hamingju.“
The Middle-þættirnir voru frumsýndir árið 2009 og hafa notið mikilla vinsælda. Í þessari röð eru 24 þættir.

# MYNDIR HELGARINNAR




**SEEKING A FRIEND FOR THE END OF THE WORLD**
**Kl. 22.20 laugardag**

Skemmtileg mynd frá 2012 með Steve Carell og Keira Knightley í aðalhlutverkum. Þessi dramatíska og jafnframt rómantíska mynd gerist þegar mannkynið býr sig undir heimsendir. Loftsteinn stefnir á jörðina og allar tilraunir til að hindra heimsendi hafa brugðist. Dodge sér fram á að eyða síðustu vikunum einn eftir að eiginkonan yfirgefur hann. Hann kynnist ungri nágrannakonu sinni og saman halda þau í ferðalag til að hitta ástvini sína áður en öllu er lokið.

**CONVICTION**
**Kl. 21.40 laugardag**




Rómantísk gamanmynd sem hlotið hefur mjög góða dóma. Hún fjallar um rithöfund sem glímir við eftirköst sambandsslita og ákveður að skrifa um draumastúlkuna sína eins og hann ímyndar sér að hún ætti að vera.




**HARRY POTTER AND THE PRISONER OF AZKABAN**
**Kl. 21.05 föstudag**

Mögnuð ævintýramynd sem fjallar um Harry Potter sem er nú á þriðja ári sínu í Hogwarts og kemst að því að hættulegur glæpamaður hefur sloppið úr Azkabangaldrafangelsinu.

**RED LIGHTS**
**Kl. 23.30 föstudag**

Spennumynd frá 2012 með Sigourney Weaver, Robert De Niro og Cillian Murphy í aðalhlutverkum.




# MICHAEL J. FOX ER MÆTTUR AFTUR




Leikarinn góðkunni Michael J. Fox leikur aðalhlutverkið í þáttaröðinni The Michael J. Fox Show sem hóf göngu sína á NBC-sjónvarpsstöðinni í lok september og á Stöð 2 í nóvember. Þetta er í fyrsta skipti sem Michael J. Fox leikur reglulega í sjónvarpi síðan hann lék aðalhlutverkið í sjónvarpsþáttunum vinsælu Spin City á árunum 1996-2001. Þættirnir segja frá fréttamanninum vinsæla Mike Henry sem vinnur á sjónvarpsstöðinni WNBC. Hann þarf að hætta í starfi sínu eftir að hann greinist með Parkinsonsveiki og við tekur nýtt líf þar sem hann reynir að setja heilsu sína og fjölskyldu í fyrsta sætið. Fimm árum síðar ákveður hann að hefja störf aftur. Það er hægara sagt en gert og við tekur hin klassíska barátta milli fjölskyldunnar og framans. Þættirnir hafa fengið mjög góðar viðtökur og voru meðal annars valdir meðal sex bestu nýju þátta vetrarins af tímaritinu Entertainment Weekly. Leikarann Michael J. Fox þarf varla að kynna fyrir sjónvarpsáhorfendum. Hann hóf leikaraferil sinn aðeins 15 ára gamall og sló rækilega í gegn í sjónvarpsþáttunum Family Ties sem sýndir voru árin 1982-1989. Hann lék einnig í fjölda vinsælla kvikmynda og með þríleiknum Back to the Future 1-3 varð hann einn vinsælasti leikari heims.




# KAFFITÁR

Kaffitár

15% afsláttur af öllum vörum.
Tilboð gildir til 30. nóvember.



**15% AFSLÁTTUR**

# VEGAMÓT

VEGAMÓT
RESTAURANT | BAR

35% afsláttur af matseðli frá kl. 11-16 alla mánudaga, þriðjudaga og miðvikudaga.



**35% AFSLÁTTUR**

**2 VILD**
*er snilld*

Byrjaðu strax að spara. Skráðu kortin ykkar núna á **www.stod2.is/vild**

# NÚ ENN MEIRA
## FYRIR ÁSKRIFENDUR

STÖÐ 2 VILD
Það eina sem þarf að gera er að skrá kreditkort heimilisins á **stod2.is**

# LIFANDI MARKAÐUR

LIFANDI MARKAÐUR

20% afsláttur af öllum vörum við fyrstu kaup.
10% afsláttur eftir það. Tilboð gildir aðeins í Fákafeni 11.



**20% AFSLÁTTUR**

# MÝS OG MENN

Borgarleikhúsið

Ríflega 25% afsláttur af miðum á fyrstu 10 sýningarnar.



**25% AFSLÁTTUR**

**Þú færð sjálfkrafa afslátt hjá fjölda samstarfsaðila.**

| 10-11 | SUSHI | Olís / ÓB | Björg | Splass | Skemmtigarðurinn Smáralind | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **10%** | **12%** | **Kynntu þér tilboðin á stod2.is/vild** | **20%** | **40%** | **50%** | **KYNNTU ÞÉR FLEIRI SPENNANDI TILBOÐ Á STOD2.IS** |
| afsláttur ef verslað er fyrir 2.000 kr. eða meira | afsláttur ef verslað er fyrir 2.000 kr. eða meira | Sækja þarf um Olís greiðslulykil til að fá afslátt | afsláttur af fatahreinsun | afsláttur af bílaþvotti að utan | afsláttur af fjölskyldukortum Stöðvar 2 | |

FITON / SÍA

EINLEIKIN GAMANSEMI Í HÖRPU

# LADDI LENGIR LÍFIÐ

KVÖLDSTUND MEÐ LADDA Í EIGIN PERSÓNU



★★★★★

**„Laddi er engum líkur ...Hann er þjóðargersemi.“**
- Pressan.is

**„Sprenghlægileg sýning fyrir allan aldur!“**
- Sirrý, Rás 2

**„Á sviðinu birtist manni lítill drengur með stórt hjarta.“**
- Helgi Snær Sigurðarson, Morgunblaðið.

**„Stórkostleg sýning!“**
- Heimir Karlsson, Bylgjan

## Síðustu sýningar komnar í sölu!







Miðasala fer fram á Miði.is, Harpa.is, í miðasölu Hörpu og í síma 528-5050.

sena




Hjalti Þór segir að hjá Olís og Rekstrarlandi sé lögð áhersla á vandaðar vörur fyrir hópa og félagasamtök sem standa í fjáröflun. MYND/GVA

# Gæðavörur til fjáröflunar

**Rekstrarland og Olís útvega íþróttafélögum og öðrum hópum fjáröflunarvörur á góðum kjörum. Í þeim flokki hafa hreinlætisvörur verið hvað vinsælastar og þá helst salernis- og eldhúspappír.**

Hjalti Þór Halldórsson segir að Olís hafi um langt skeið útvegað fjáröflunarvörur á góðum kjörum til allra þeirra sem eru í fjáröflun, jafnt íþróttafélaga, félagasamtaka, hópa eða einstaklinga. Í þeim flokki hafa hreinlætisvörur verið hvað vinsælastar og þá helst salernis- og eldhúspappír. „Við erum auk þess með fjölmarga möguleika á alls kyns fjáröflunarpökkum og bjóðum upp á mikla fjölbreytni til að hafa sem mest úrval. Dæmi um slíka pakka er umhverfisvæni heimilispakkinn, bílapakkinn og pokapakkinn vinsæli svo eitthvað sé nefnt,“ greinir Hjalti frá.

„Við þjónustum fólk um allt land og hægt er að skoða allar vörur á heimsíðum okkar, olis.is og rekstrarland.is. Nýlega var opnuð verslun Rekstrarlands í Skeifunni 11 þar sem hægt er að skoða alla fjáröflunarpakkana en þar bjóðum við einnig upp á úrval af almennum rekstrarvörum og margvíslegar lausnir. Möguleikarnir á samsetningu pakkanna eru margir og hægt er að sníða þá eftir óskum hvers og eins,“ segir Hjalti.

„Olís og Rekstrarland eru með öflugt þjónustunet um allt land í gegnum þjónustustöðvar og útibúin okkar. Það auðveldar flutning og fólk þarf ekki að greiða sendingarkostnað,“ segir Hjalti ennfremur.

Hjalti segir að fólk sé farið að gera meiri kröfur um gæði og þeir séu meðvitaðir um það. „Við bjóðum einungis gæðavörur á góðu verði. Það tryggir að hóparnir geta endurtekið fjáröflunina hjá sér. Yfirleitt er fyrsta spurningin hjá kaupendum hvort pappírinn sé góður. Við erum búnir að vera með þennan pappír í nokkur ár og aldrei fengið kvartanir. Viðskiptavinir okkar koma aftur og aftur,“ segir Hjalti.

„Yfirleitt eru vörurnar seldar á milli ættingja og vina áður en þær eru sóttar. Við getum aðstoðað við verðlagningu ef fólk óskar eftir því.“

Best er að hafa samband og við finnum bestu lausnina fyrir þinn hóp. Sími þjónustuvers er 515-1100.



PIPAR\TBWA • SÍA • 132874

**Öflug fjáröflun fyrir hópinn**

Samsettir fjáröflunarpakkar eða sérsniðnir eftir óskum hópsins







olís

Hafið samband við sölumenn Rekstrarlands og leitið tilboða. Rekstrarland er byggt á fyrrum rekstrarvörudeild Olís og er dótturfyrirtæki Olíuverzlunar Íslands hf.

REKSTRARLAND

Rekstrarland | Skeifunni 11 | 108 Reykjavík | Sími 515 1100 www.rekstrarland.is

# Hagnaður án áhættu með Ullmax

Ullmax er hágæðavara úr ull og örtrefjum sem eingöngu er seld í fjáröflunarskyni. Að selja föt frá Ullmax er frábær leið fyrir félagasamtök, björgunarsveitir, klúbba, kóra og aðra hópa sem vilja auka tekjur sínar.

Þessi fjáröflunarleið er aðeins fyrir félög og hópa sem reka starf sitt að mestu í sjálfboðavinnu," segir Guðbjörg Bjarnadóttir, eigandi Ullmax á Íslandi. Ullmax er að finna á öllum Norðurlöndunum og mjög mörg íþróttafélög þar reka sig að mestu með Ullmax-fjáröflun. „Það er norskur maður sem er hugmyndasmiðurinn. Hann átti nokkur börn í íþróttum og var orðinn afar leiður á að selja klósettpappír og eldhúsrúllur til að fjármagna keppnisferðir. Hann ákvað því að finna eitthvað nýtt til fjáröflunar og niðurstaðan varð Ullmax," segir Guðbjörg en vörurnar frá Ullmax eru mikl-ar gæðavörur, úr ull og örtrefjum, og á ótrúlega góðu verði.

Sem dæmi um félög sem gætu nýtt sér Ullmax nefnir Guðbjörg björgunarsveitir, íþróttafélög, foreldrafélög, kóra og jafnvel bekki sem eru á leið í bekkjarferðalög. Hún segir Ullmax afar hentuga leið fyrir félög sem skipuleggja fjáröflun til langs tíma. „Ég geri gjarnan samninga við félög til þriggja ára. Þá fær félagið tösku sem inniheldur sýnishorn af flestum vörunum sem eru til sölu auk tengils á heimasíðu okkar. Áhættan er engin fyrir félögin enda pantar fólk aðeins það sem búið er að selja," lýsir Guðbjörg og bendir á að Ullmax geti skilað félögum afar góðum tekjum, sérstaklega til lengri tíma. Hún tekur dæmi; „Það ætti að vera auðvelt fyrir þrjátíu manns að selja fyrir um 50 þúsund krónur hver sem skilar þá hagnaði upp á 375 þúsund krónur."

Hægt er að selja allar þær vörur sem Ullmax sýnir á heimasíðu sinni www.ullmax.is. Verðið á síðunni er útsöluverð en sölulaun eru 25 prósent sem renna til félaganna. Söluaðilar borga sjálfir sendingarkostnað eða geta komið og sótt pantanir til Ullmax í Grindavík. „Hér er ég með góðan lager og afgreiði yfirleitt pantanir sólarhring eftir að þær koma," segir Guðbjörg.

Ullmax-vörurnar eru ekki seldar í verslunum heldur fást aðeins í netverslun Ullmax og síðan hjá mismunandi félagasamtökum. Fötin henta til allra nota, hvort heldur sem er í vinnu eða tómstundir, í hita eða kulda. Í Ullmax-línunni er hægt að fá allt frá sokkum og húfum upp í hlý undirföt og hlífðarföt.

Flíkurnar eru úr mismunandi efnum á borð við merínóull, ullarfrotté og örtrefjar eða microfiber. „Örtrefjaefnið sem er notað hjá okkur hefur fengið mjög góða dóma í rannsóknum með tilliti til gæða og verðs. Því klæðist maður næst líkamanum og það passar að húðin haldist þurr," lýsir Guðbjörg og bendir á að allar flíkurnar séu saumaðar með flötum saumi og öll merki séu utan á fötunum.

„Merino SUPER Soft sameinar einstaka eiginleika merínóullar og örtrefja til að anda og halda hita," segir Guðbjörg og bætir við að ullarfrotte hafi síðan einstaka hitaeiginleika sem komi sér vel í íslensku veðurfari.

Fötin frá Ullmax má fá í fjölbreyttum stærðum og þar á meðal í barnastærðum. „Þá getum við látið prenta og sauma merki í flíkurnar," segir Guðbjörg.

Nánari upplýsingar er að finna á www.ullmax.is og á Facebook. Áhugasamir geta haft samband á info@ullmax.is.



Vörurnar frá Ullmax henta bæði við leik og störf.

Flíkurnar eru úr mismunandi efnum á borð við merínóull, ullarfrotte og örtrefjar eða microfiber.

# Kaupa góðar vörur aftur og aftur

Fjáraflanir íþróttafélaga og félagasamtaka verða leikur einn með gagnlegum heimilisvörum frá Servida & Besta. Þar á við slagorðið „Einu sinni prófað, getur ekki hætt" því fjáröflunarvörur Servida & Besta eru eftirsóttar, vandaðar, umhverfisvottaðar og dugandi í heimilishaldinu.

Hjá Servida & Besta ráðleggjum við söluaðilum að velja réttu vörurnar því í fjáröflun skiptir mestu að velja vörur sem fólk vill kaupa og nýtast heimilishaldinu," segir Björn Bergmann, sem hefur umsjón með sölu á fjáröflunarvörum hjá Servida & Besta.

Fjáröflunarvörur og þjónusta við söluaðila hefur frá upphafi verið stór þáttur í starfsemi Servida & Besta.

„Fjöldamörg íþróttafélög og félagasamtök hafa verið fastir viðskiptavinir frá upphafi, enda er slagorðið „Einu sinni prófað; getur ekki hætt" alveg sígilt hjá okkur. Gæðin einfaldlega borga sig og eru hagkvæmari þegar upp er staðið," segir Björn.

Stærsti liðurinn í fjáröflun hjá Servida & Besta er pappír frá Katrin í hæsta gæðaflokki.

„Allur pappír frá Katrin er umhverfisvottaður með Græna svaninum," segir Björn. „Það er kostur að geta boðið slíka vöru og staðreynd að kaupendur í dag hafa áhuga á að vita hvernig vara er framleidd og að það sé gert í sátt við náttúruna. Við bjóðum því ekki eingungis gæði heldur er einnig mikið magn pappírs á hverri rúllu, sem fólk kann vel að meta," útskýrir Björn.

Hreinsiefnapakkar og pokapakkar eru einnig vinsæl vara til fjáröflunar hjá Servida & Besta og koma frá gæðaframleiðendunum Spartan og Kleen. Þá er jólapappír sívinsæll í fjáraflanir fyrir hátíðarnar, auk þess sem fyrirtækið er í nánu samstarfi við Heildverslunina Garra sé áhugi fyrir að bjóða matvöru í pakkana, en óskir um slíkt eru að aukast.

„Í fjáröflun skiptir máli að kaupandinn vilji kaupa fjáröflunarvöruna aftur og aftur. Það er ávinningur fyrir báða aðila og okkar reynsla að þegar þetta er haft í huga verður auðvelt að selja. Umsjónarmenn fjáraflana eru velkomnir í heimsókn til okkar til að kynnast og sjá vörurnar," segir Björn.

Símanúmer á söluskrifstofu Servida & Besta er 510 0000 og einnig er hægt að skoða vöruúrval í verslun fyrirtækisins í Hreyfilshúsinu á Grensásvegi. Sjá nánar á www.servida.is

KATRIN

Servida & BESTA



Björn Bergmann hefur umsjón með sölu á fjáröflunarvörum hjá Servida & Besta. Meðal vinsælla vara er pappír frá Katrin sem bæði er Svansvottaður og með mikið magn pappírs á hverri rúllu. MYND/GVA

# Graníthöllin

## Legsteinar

## Allt innifalið!

### Tilboð út nóvember á legsteinum ásamt beðramma og fylgihlutum



Einnig til í Paradiso (Brúnleitt)

Fullt verð: ~~475.000,-~~

**Tilboð: 325.000,-**



Einnig til í Shanxi Black (Svart)

Fullt verð: ~~400.000,-~~

**Tilboð: 278.000,-**



Eingöngu til í Shanxi Black (Svart)

Fullt verð: ~~515.000,-~~

**Tilboð: 349.000,-**

## Innifalið í tilboði:

Beðrammi, undirlag og hvít möl.
Granítlukt, fjölnota batterískerti og granítvasi.
Áletrun sem og ein ígrafin mynd t.d. kross, rós o.fl.
Uppsetning á höfuðborgarsvæðinu og nágrannabyggðalögum
og einnig pökkun fyrir landsbyggðina.



Lukt + Vasi + Kerti + Beðrammi

## ATH!
### Setjum upp legsteina allt árið!

Dæmi um uppstillingu



Einnig bjóðum við 20% afslátt af öllum öðrum legsteinum




Graníthöllin
Bæjarhrauni 26
220 Hafnarfirði
Sími 555-3888
www.granitholllin.is

## BÍLAR & FARARTÆKI

**BÍLAHÖLLIN**
**S: 567-4949**



Kia Sorento III EX Classic Diesel 10/2010 ek.59þús. Sjálfskiptur. Einn eigandi. Ásett verð 5.290.000.- Rnr.286048



Kia Ceed Ex 1.6 Stw Diesel árg 2013 ek.36þús. Sjálfskiptur. Loftkæling. TILBOÐSVERÐ 3.790.000.- Rnr.286267



Toyota Hilux Double Cab 4/2007 ek.112þús. Sjálfskiptur. Dráttarbeisli. Pallur klæddur að innan. Mjög fallegur bíll. Ásett verð 3.690.000.- Rnr.104228




VW Golf Gti Edition 30 3/2007 ek.116þús. Sjálfskiptur. Filmur. 230 hö. Topplúga. Ásett verð 2.490.000.- Rnr.310551




Suzuki Jimny Jlx 5/2004 ek.86þús. Beinskiptur. Dráttarbeisli. Ásett verð 950.000.- Rnr.286304

**www.bilarydvorn.is**
**S. 587 1390**

**Bílahöllin**
**Bíldshöfða 5, 112 Rvk**
**Sími: 567 4949**
**www.bilahollin.is**

**KRÓKUR**



**KRÓKUR**
Við flytjum bifreiðar og vinnuvélar á öruggan og hagkvæman hátt.

**Krókur**
**Sími: 522 4600**
**http://www.krokur.net**

**ASKJA**
**NOTAÐIR BÍLAR**



KIA Ceed ed ex 1.6 disel sjálfsk.. Árgerð 2008, ekinn 37 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 2.290.000. Rnr.990586.



CHEVROLET Lacetti w/g. Árgerð 2007, ekinn 96 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 1.050.000. Rnr.990520. Tilboð kr: 890.000,-



AUDI A4 sedan 130 hö.. Árgerð 2003, ekinn 28 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 2.100.000. Rnr.140788. Mjög flott eintak.

**ASKJA notaðir bílar**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 590 2160**
**www.notadir.is**

**GE BÍLAR**



**TILBOÐ 1190 ÞÚS!**
MMC Pajero did 33". Árgerð 2001, ekinn 280 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 1.580.000. Visa/rað. Rnr.210160. upplí síma 776-7600



**TILBOÐ 490 ÞÚS!**
CHEVROLET/DAEWOO Evanda cdx executive. Árgerð 2003, ekinn 100 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 690.000. Visa/rað. Rnr.760220. upplí síma 776-7600.

**GE Bílar**
**Bolafæti 1, 260 Reykjanesbær**
**Sími: 420 0400**
**www.gebilar.is**

**BILO.IS HÖFÐAHÖLLIN**



TOYOTA LAND CRUISER 120 GX 33" 03/2006, ekinn 117 Þ.km, dísel, sjálfskiptur. Verð 4.490.000. Raðnr.311025 - Jeppinn er á staðinn.



TOYOTA LAND CRUISER 120 LX 35" 10/2008, ekinn 103 Þ.km, dísel, sjálfskiptur. Verð 5.950.000. Raðnr.311027 - Jeppinn er í salnum.



CHEVROLET CHEVY VAN 1500 EXPRESS 35" 06/2004, ekinn 98 Þ.km, 5,3L Vortec (bensín), sjálfskiptur, 7 manna. Loftlæstur á framan og aftan. Verð 5.990.000. Raðnr.283623 - Ferðabíllinn er í salnum!



LAND ROVER DEFENDER 110 NEW 05/2012, ekinn 51 Þ.km, dísel, 5 gíra. Verð 8.290.000. Raðnr.251525 Jeppinn er í salnum!

**Höfðahöllin**
**Funahöfða 1, 110 Rvk.**
**Sími: 567 4840**
**www.bilo.is**




VANTAR ALLAR GERÐIR BÍLA Á SKRÁ OG Á STAÐINN!!, Komdu til okkar, sendu okkur mail á 100bilar@100bilar.is eða hringdu í síma 5179999, Skráðu bílinn frítt hjá okkur. Kíktu á www.100bilar.is

**100 bílar ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbær**
**Sími: 517 9999**
**Opið virka daga 10-18.00 og laugardögum 11-15.**
**www.100bilar.is**

# GÓÐIR Í VETUR !



**SUZUKI Swift gl 4wd.**
Árgerð 2010, ekinn 71 Þ.KM, bensín, 5 gírar. **Verð 1.780.000.** Rnr.113599.



**NISSAN Note tekna.**
Árgerð 2008, ekinn 65 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. **Verð 1.790.000.** Rnr.113597.



**TOYOTA Avensis wagon sol.**
Árgerð 2006, ekinn 94 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. **Verð 1.850.000.** Rnr.219307.



**TOYOTA Yaris terra.**
Árgerð 2010, ekinn 89 Þ.KM, bensín, 5 gírar. **Verð 1.640.000.** Rnr.219226.



**HYUNDAI I30 classic.**
Árgerð 2012, ekinn 34 Þ.KM, bensín, 5 gírar. **Verð 2.270.000.** Rnr.219201.



**RENAULT Kangoo express.**
Árgerð 2009, ekinn 65 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. **Verð 1.790.000.** Rnr.219370.



**FORD Focus 1600 ambiente.**
Árgerð 2007, ekinn 85 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. **Verð 1.340.000.** Rnr.219308.



**HONDA Accord sport special edition.**
Árgerð 2008, ekinn 86 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. **Verð 2.490.000.** Rnr.311676.



**VOLVO S60 dísel.**
Árgerð 2012, ekinn 35 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. **Verð 5.890.000.** Rnr.311572.



**BMW 525d xdrive f10.**
Árgerð 2012, ekinn 10 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. **Verð 8.890.000.** Rnr.113644.

**567 2277 NÝJA WWW.NYJA.IS**
**BÍLAHÖLLIN**
**BÍLAKJARNINN VIÐ BREIÐHÖFÐA 110 REYKJAVÍK**

**Opnunartími: Mán-föst kl. 10-18 • Lau kl. 12-16 • Lokað sunnudaga.**
**Sími utan opnunartíma • S. 861 2165**



**BMW 325i s/d e90.**
Árgerð 2008, ekinn 37 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. **Verð 3.990.000.** Rnr.990192.



**MERCEDES BENZ B 180 cdi.**
Árgerð 2012, ekinn 19 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. **Verð 5.950.000.** Rnr.990301.



**M.BENZ Gl 350 bluetec.**
Árgerð 2011, ekinn 45 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. **Verð 13.900.000.** Rnr.112004.

**Bílafjármögnun Landsbankans**

# FYRIRTÆKJAPRENTARI

EPSON

Workforce Pro




2,1 kr. pr. bls.

Lítil og meðalstór fyrirtæki þurfa prentara sem gerir allt vel en er ódýr í rekstri. Workforce línan frá Epson hefur slegið í gegn fyrir að vera bleksprautuprentari sem samt er allt að 50% ódýrari í rekstri en litalaserprentarar. Lykillinn liggur í stórum hagkvæmari blekhylkjum og nýrri tækni.

## LÆGRI REKSTARKOSTNAÐUR

Mesti kostnaðurinn við að fyrirtækjaprentara er daglegur rekstrarkostnaður. Epson Workforce er bylting í lækkun prentkostnaðar. Betri gæði en engu að síður allt að 50% lægri prentkostnaður en með litalaserprentara. Aðeins kr. 2,1 pr. bls. án vsk í svörtu m.v. XXL hylki sem dugar fyrir 3.400 bls.

## FJÖGUR TÆKI Í EINU

Prentari, skanni, ljósritunarvél og fax. Prentar í betri gæðum og hraðar en flestir laserprentarar. Skilar mjög góðri 4800x1200dpi upplausn á skannanum. Tekur samtals 330 blöð í einu, þar af 250 í skúffu. Duplex prentun báðu megin. Scan to PDF, Scan to email og Email to Print.

## NETTENGJANLEGUR OG ÞRÁÐLAUS

Tengist inn á fyrirtækjanetið með Ethernet tengi eða USB. Hægt að nota líka þráðlaust með Epson Connect 7 og prenta beint úr snjallsímum eða spjaldtölvum. Einfaldur og þægilegur í notkun með 6,3cm LCD stjórnborði og ótal tengimöguleikum.

## BORGAR SIG HRATT UPP

Þrátt fyrir að vera hagkvæmir í rekstri þá eru Workforce prentararnir einnig hagkvæmir í innkaupum. Aðeins frá kr. 39.990 og upp í 79.990 fyrir allra kröfuhörðustu fyrirtæki. Stór XXL hylki og betri bleknýting tryggja að prentarinn sjálfur borgar sig hratt upp með í samanburði við rekstrarkostnað annarra vinsælla prentara.

## KOMDU OG SKOÐAÐU ÚRVALIÐ

Öll Workforce línan er til sýnis hjá fyrirtækjaþjónustu okkar að Suðurlandsbraut 26. Hafðu samband við okkur í síma 414-1710 til að nálgast nánari upplýsingar og fá ráðgjöf um hvaða prentari úr Workforce línunni hentar best þörfum þíns fyrirtækis.

tl.is

TÖLVU LISTINN

FYRIRTÆKJAÞJÓNUSTA

# Ræktar kryddjurtir í bakgarðinum

*Stefán Hrafnkelsson verður áfram framkvæmdastjóri Betware þrátt fyrir að fyrirtækið sé nú að mestu í eigu Novomatic. Hann starfaði áður sem forritari hjá Microsoft og rak internetþjónustufyrirtækið Margmiðlun.*

**VIÐTAL**

**Haraldur Guðmundsson** | haraldur@frettabladid.is

Stefán Hrafnkelsson, framkvæmdastjóri, stofnandi og fyrrverandi aðaleigandi íslenska hugbúnaðarfyrirtækisins Betware, seldi sextán prósenta hlut sinn í fyrirtækinu síðastliðinn fimmtudag.

„Það var alltaf markmiðið að selja fyrirtækið erlendum aðilum þegar það væri búið að ná sæmilegri stærð og við náðum því markmiði í síðustu viku þegar ég skrifaði undir og austurríska fyrirtækjasamsteypan Novomatic keypti fyrirtækið," segir Stefán.

„Sagan nær hins vegar aftur til ársins 1986 þegar ég var nýkominn úr námi og ákvað að nýta mér þau tækifæri sem fólust í rafrænum viðskiptum."

Stefán lærði rafmagnsverkfræði og tölvunarfræði við Háskóla Íslands á fyrri hluta níunda áratugar. Eftir það lauk hann meistaragráðu í tölvuverkfræði við Washington-háskóla í Seattle í Bandaríkjunum.

„Að námi loknu starfaði ég sem forritari hjá Microsoft og flutti síðan heim og vann við verkefnastjórnun hjá hugbúnaðarfyrirtækinu Tölvumyndum. Síðan réð ég mig í vinnu hjá Háskólanum í Reykjavík og var þar í fullu starfi í tvö ár og enn lengur í hlutakennslu."

Árið 1993 stofnaði Stefán, ásamt þeim Ólafi Andra Ragnarssyni og Steinþóri Guðmundssyni, internetþjónustufyrirtækið Margmiðlun.

„Við stofnuðum Margmiðlun með það í huga að nýta okkur þessi tækifæri í rafrænum viðskiptum. Við þróuðum meðal annars viðmót fyrir heimabanka og getraunalausnir á netinu og það gekk sæmilega vel. Þá rákum við einnig Heimakringluna, sem var netverslun, en þar vorum við aðeins á undan okkar samtíð og sá rekstur gekk ekki upp og við þurftum að fara í brauðstritið sem var að selja internetþjónustu," segir Stefán.

„Síðan ákváðum við rétt eftir aldamótin að selja Margmiðlun til að halda áfram þeirri þróun sem varð til innan Betware með stofnun þess árið 1998."

Stefán er giftur Önnu Ólafíu Sigurðardóttur, starfsmanni á Barnaspítala Hringsins og doktorsnema. Þau hjónin eiga saman þrjú börn, Hrafnkel sem er 29 ára, Arndísi Rós sem er 22 ára og Sigurð Davíð sem er nítján ára.

Spurður um áhugamál segir Stefán að hann hafi gaman af útivist og hreyfingu.

„Skíðin eru mitt uppáhald. Ég fer líka mikið í ferðalög og reyni að eyða sem mestum tíma uppi í sumarbústað. Einnig er ég að rækta kryddjurtir og salat í bakgarðinum hjá mér í Fossvoginum," segir Stefán að lokum.



## HEIÐARLEGUR OG ORKUMIKILL



„Heiðarleiki, fagmennska og jafnaðargeð eru Stefáni í blóð borin. Að loknu framhaldsnámi í Seattle hóf hann störf hjá ungu og framsækinu fyrirtæki, Microsoft. Hann afþakkaði yfirmannsstöðu þar og vildi koma heim til Íslands þrátt fyrir að honum stæðu til boða góð laun og ekki síst hlutdeild í þessu ágæta fyrirtæki. Það væri forvitnilegt að framreikna þá hlutdeild nú. Hann fylgist mjög vel með og forsaga þess að hann stofnaði Margmiðlun var að hann las tímaritsgrein eftir einhvern bandarískan prófessor sem var að kynna fyrirbæri sem hann kaus að kalla World Wide Web og gæti haft áhrif á líf fólks!"

**GÍSLI JÓN HJALTASON**
kaupmaður á Ísafirði og náinn vinur Stefáns.



„Stefán er orkumikill stórhugi með mjög ríka ábyrgðartilfinningu, heiðarlegur og hreinskiptinn. Stuttu eftir stofnun Betware sagði hann mér í trúnaði að fyrir svona lítið sprotafyrirtæki væri næstum ómögulegt að ná samningi við fyrsta viðskiptaaðilann - en vel að merkja bara næstum. Það sem er næstum ómögulegt verður gjarnan hjá Stefáni alveg sjálfsagt markmið. Til þess að ná slíkum markmiðum hefur þurft mikla framsýni og ómælt úthald. Þeirrar gerðar er Stefán bróðir."

**RAGNHEIÐUR HRAFNKELSDÓTTIR**
systir Stefáns.



„Hann Stefán er fyrir það fyrsta stálheiðarlegur og mikill prinsippmaður. Hann er framsýnn og hefur átt það til að vera að smíða eitthvað sem enginn hafði áhuga á fyrr en mörgum árum seinna. Það hefur verið heljar ævintýri og lærdómsríkt að vinna með honum í öllum aðstæðum gegnum tíðina. Hann er mikill pælari og á það til að hugsa mjög hratt. Þegar hann fer á flug er ekki verra að þekkja hann vel til að fylla inn í þá hluta sem hann hefur ekki fyrir að segja."

**STEINDÓR S. GUÐMUNDSSON**
vörustjóri Betware.




brimborg
Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16
Aukin þjónusta Bíldshöfða 6: Varahlutaverslun og verkstæðismóttaka er einnig opin laugardaga kl. 12-16

ford.is

Ford Explorer Limited 7 manna 3,5 TiVCT V6 bensín, 290 hö, sjálfskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 12,4 l/100 km. Tökum allar tegundir bíla uppí nýja.
Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.



# Síðasta helgin í Villibráðarhlaðborð Perlunnar

## Jólahlaðborðið hefst 21. nóvember

og er opið öll kvöld.

Tilboð mánudaga-miðvikudaga 7.990 kr.
Verð 8.990 kr

## Opið er í jólahlaðborðið í hádeginu

dagana 6.7.13.14.20 og 21. desember
Verð 5.500 kr

**Við bjóðum upp á lifandi tónlist í jólahlaðborðinu, tónlistamenn sem koma fram eru:**
*Grétar Örvarsson og Sigga Beinteins - Þórir Baldursson og Sveinn Óli Jónsson*

Gjafabréf Perlunnar
Góð gjöf við öll tækifæri!

## Kiktu á jólamatseðililinn á heimasíðu okkar www.perlan.is

Borðapantanir í síma 562-0200

PERLAN
www.perlan.is

## Hin hliðin



HEIÐRÚN LIND MARTEINSDÓTTIR

# Örbylgjuofn til sölu

Frumvarp til fjárlaga hefur nú verið lagt fram. Með hliðsjón af efnahagslegu árferði veldur frumvarpið vonbrigðum.

Nauðsynlegt er að draga verulega úr skuldabyrði ríkisins og löggjafinn hefur varla umboð til að hækka skatta enn frekar. Ráðamenn þurfa að sníða sér stakk eftir vexti og skera verulega niður í rekstri ríkisins. Það kann að reynast sársaukafullt. Til að hughreysta huglausa ráðamenn má segja að aðgerðin sé eins og að fara til tannlæknis. Það er vont á meðan á því stendur, en nauðsynlegt og svo miklu betra þegar frá líður.

### Er engin vorkunn

Ráðamönnum er engin vorkunn að ganga til verksins. Sé það til leiðbeininga geta þeir litið til eigin hugverks í lögum nr. 101/2010 um greiðsluaðlögun einstaklinga.

Þar hefur löggjafinn skýra mynd af því hvernig skuli endurskipuleggja fjármál einstaklinga. Einstaklingi ber þannig að leggja alla fjármuni til hliðar sem hann ekki þarf til að sjá sér og fjölskyldu sinni farborða og honum ber að skera á allan kostnað sem ekki er honum eða heimili hans nauðsynlegur til lífsviðurværis.

### Sársaukafullar aðgerðir

Grípa þarf til sársaukafullra aðgerða svo fjárhagsleg endurskipulagning takist. Ráðstöfunarfé einstaklings sem fer í gegnum ferlið er raunar svo naumt skammtað að óvæntur kostnaður vegna til að mynda læknisþjónustu eða kaupa á nýjum vetrardekkjum kann að riðla forsendum verulega. Hjá þessum erfiðu aðgerðum verður þó ekki komist.

### Alvöru aðgerða er þörf

Með hliðsjón af fyrrgreindu eiga útgjöld ríkisins að takmarkast við hið nauðsynlega. Taka ber á vandamálinu með raunverulegum og varanlegum aðgerðum.

Fljótt á litið má telja heilbrigðisþjónustu og löggæslu tilheyra því nauðsynlega, þó vafalaust megi einnig gera töluverðar breytingar í rekstri þessara þátta. Að því er annan rekstur ríkisins varðar þarf að fara í gegnum hvern einasta kostnaðarlið og svara þeirri spurningu hvort hann sé nauðsynlegur „eðlilegum" rekstri ríkisins.

### Brandari sem missir marks

Þetta hefur ekki verið gert og þrátt fyrir góðan vilja hagræðingarhóps ríkisstjórnarinnar verður ekki séð að tillögur hópsins hafi bætt þar verulega úr. Í fjárlagafrumvarpi er t.d. lagt til að útgjöld ráðuneyta dragist saman um 1,5 prósent. Enn minni niðurskurður er lagður til vegna annarra þátta.

Satt að segja hljómar þetta álíka hlægilega og ef einstaklingur í skuldaaðlögun legði til það eitt að örbylgjuofninn í góðærissumarbústaðnum yrði seldur til lækkunar tugmilljóna króna skulda. Þessum brandara þarf að ljúka.

www.meiraprof.is

Farðu ekki án **réttinda** á vinnuvélar til **Evrópu**, vertu klár í allt, heima sem erlendis

**Skjót leið**
til **starfs**menntunar

Réttindanámskeið fyrir stjórnendur vinnuvéla, kláraðu þetta á móðurmálinu ef þú hefur hug á starfi í Evrópu. Hægt er að byrja alla föstudaga kl. 17.30, námið tekur 3 helgar, sjá nánar á heimasíðunni **meiraprof.is** eða hringdu í síma 588 45 00

NÁMSKEIÐ SEM GEFA RÉTTINDI UM GJÖRVALLA EVRÓPU



ÖLL ÖKURÉTTINDI - ÖLL VINNUVÉLARÉTTINDI

**Skapaðu þér þitt eigið góðæri**

Námskeið til aukinna ökuréttinda og vinnuvélanámskeiðið gefur aðgang að þúsundum áhugaverðra starfa. Fyrir þá sem ekki eru með umtalsverða framhaldsmenntun er það ekki spurning að afla sér þeirra réttinda sem þessi námskeið veita. Fjöldi fólks með mikla sérmenntun sækir þó þessi námskeið til að eiga möguleika á að komast út frá pappír og tölvum og láta til sín taka á sverum trukkum og öflugum vinnuvélum, þó ekki sé nema í sumarfríum.
Starfsmenn skólans eru með áralanga reynslu í kennslu á þessu sviði og þjálfaðir í að kenna fólki sem að öllu jöfnu hefur skóla ekki efst á vinsældarlistanum. Við starfsmenn skólans kappkostum að flytja hagnýtan fróðleik sem kemur nemendum og vinnuveitendum þeirra ( og öllum vegfarendum ) að gagni alla daga. Við kennararnir trúum líka á líf **fyrir** dauðann og leggjum okkur fram um að námið sé ekki bara hagnýtt, heldur einnig skemmtilegt.
Ekki bíða eftir tíma til að framkvæma þetta sem þú hefur hugsað lengi um, það er annað orð yfir aldrei. Búðu tímann til, stattu með sjálfum þér og byrjaðu strax. Við fögnum því að fá að hitta þig og að fá þannig tækifæri á að auka árangur þinn í lífinu.

NÝI ÖKUSKÓLINN
KLETTAGÖRÐUM 11 ( et-húsinu ) REYKJAVÍK

ALLAR FREKARI UPPLÝSINGAR Í SÍMA 588 45 00



Ábendingahnappinn má finna á **www.barnaheill.is**




SAFT

## Atvinna


SMIÐIR
VERKAMENN
MÚRARAR

ERUM MEÐ VANA SMIÐI, VERKAMENN OG MÚRARA SEM ÓSKA EFTIR MIKILLI VINNU.
HANDAFL EHF

S. 777 2 333


## Tilkynningar

Skipulagsstofnun

### Mat á umhverfisáhrifum

**Ákvörðun um matsskyldu**

Skipulagsstofnun hefur tekið ákvörðun um að

**Sjóvarnir á Vatnsleysuströnd**

skuli ekki háðar mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 106/2000 m.s.br.

Ákvörðunin liggur frammi hjá Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, Reykjavík og á **www.skipulagsstofnun.is**.

Ákvörðunina má kæra til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála til **13. desember 2013.**



### Tillaga að breytingu á deiliskipulagi vegna Akstursíþrótta- og skotsvæðis

Bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar hefur þann 5. nóvember 2013 samþykkt að auglýsa breytingu á deiliskipulagi, skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Breyting er m.a. gerð á skipulagsmörkum vegna stækkunar lóða KKA og Skotfélags Akureyrar, og stækkar því svæðið að Hliðarfjallsvegi til norðurs og að fjallskilagirðingu til vesturs. Tillöguuppdráttur ásamt greinargerð mun liggja frammi í þjónustuanddyri Akureyrarkaupstaðar, Geislagötu 9, 1. hæð svo að þeir sem þess óska geti kynnt sér tillöguna og gert við hana athugasemdir. Tillagan er einnig birt á heimasíðu Akureyrarkaupstaðar: **www.akureyri.is/skipulagsdeild** undir: **Auglýstar tillögur.**

Tillagan fellur undir lög um mat umhverfismat áætlana nr 105/2006 og fylgir henni umhverfisskýrsla.

Frestur til að gera athugasemdir við tillöguna rennur út **kl. 16:00 miðvikudaginn 27. desember 2013** og skal athugasemdum skilað skriflega til skipulagsdeildar Akureyrarkaupstaðar, Geislagötu 9, 3. hæð eða með tölvupósti **(skipulagsdeild@akureyri.is)** þar sem nafn, kennitala og heimilisfang sendanda kemur fram. Hver sá sem ekki gerir athugasemd við tillöguna innan þessa frests telst vera henni samþykkur.

*13. nóvember 2013*

***Skipulagsstjóri Akureyrarkaupstaðar***

Akureyri ÖLL LÍFSINS GÆÐI

Akureyrarbær · Geislagata 9 · Sími 460 1000 · Bréfasími 460 1001

## Verslun




## Til bygginga



**HARÐVIÐUR TIL HÚSBYGGINGA**
**SJÁ NÁNAR Á: WWW.VIDUR.IS**
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

## HEILSA

### Heilsuvörur

Árangur næst með Herbalife. Frítt lífstílsmat. Hringdu núna S. 896 4662 Edda Borg & www.lifsstill.is

Ég náði árangri með Herbalife. Frítt lífsstílsmat. Rannveig 862 5920, rkbald@simnet.is

### Nudd

**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Reykjav. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

## SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

### Ökukennsla

Kenni allan daginn Toyota 2011, hjálpa við endurtökupróf og akstursmat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.

## HEIMILIÐ

### Dýrahald



Gefins hvolpar, örmerktir og sprautaðir. Uppl. valdisigurds@gmail.com eða síma. 8204494/8622213.



**LÓA TÝND Í VESTURBÆNUM**
Hvolpurinn lóa fældist við Ægisíðu laugardagin 9.nóv og sást hlaupa upp Dunhaga. Ef einhver sér hana hafið samband við Sigurbjörgu í s:660-1345.

## HÚSNÆÐI

### Húsnæði í boði

room for rent downtown 25fm 50Þ á mán. 3 mánaða fyrirgreiðsla. S. 7700685

Til leigu 103m2 sérhæð í tvíbíli á Seltjarnarnesi. 180þús á mán. Er laus, S:7742501

### Húsnæði óskast

Óska eftir íbúð fyrir par, reglusöm og reyklaus með góð meðmæli. Helst ekki yfir 110 þús. Hafið samband í síma 6904225



## Atvinnuhúsnæði

Til leigu 90-180 fermetra iðnaðarhúsnæði við Suðurhellu í Hafnarfirði. Bílalyfta getur fylgt. Uppl. 822 4200

## Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sér geymslur frá 3.900. 1 til 17m2. Aðgangur kl. 8-22 alla daga. Ný sérhönnuð geymsluhús, upphitað og vaktað. S: 564-6500.

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**
Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**GEYMSLUR.COM**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**VEITINGAHÚS NINGS - FRAMTÍÐARSTARF**
Veitingahús Nings óskar eftir þjónustuliprum og brosmildum starfsmönnum í fullt starf og dagvinna. Aðeins 20 ára og eldri og aðeins íslenskumælandi.
**Áhugasamir setji inn umsókn á www.nings.is**

**DÝRARÍKIÐ**
Óskar eftir sölumanni.
**Upplýsingar ásamt ferilskrá sendist á: dyrarikid@dyrarikid.is**

Óskum eftir starfsmanni í hlutastarf í sal og eldhús. 18 ára aldurstakmark. Áhugasamir sendið ferilskrá á rubytuesdayice@gmail.com Ruby Tuesday Höfðabakka & Skipholti.

SOS Barnaþorpin óska eftir fólki í úthringistörf 2-3 kvöld í viku. Upplýsingar gefur Ragnar í síma 564 2910 og ragnar@sos.is.

Óskum eftir duglegum vaktstjóra á Culiacan, Suðurlandsbraut. 18 ára og eldri. Uppl í 868 8489 Þórir eða culiacan@culiacan.is

## Atvinna óskast

48 ára karlmaður, leitar að vinnu á landsbyggðinni, hef unnið í ryðfríu stáli í 30 ár. Allt kemur til greina, geðgóður og traustur, uppl. á sigurdur300165@hotmail.com

39 ár gamall maður óskar eftir vinnu. daniel.k2269@gmail.com

# TILKYNNINGAR

## Einkamál

Kona, leitar þú kynf. tilbreytingar? 100% leynd. Ókeypis auglýsing, árangur strax. Rauða Torgið Stefnumót, s. 535-9923.

## Fasteignir

### Verðlauna kjötvinnsla til sölu

Ein mest verðlaunaða kjötvinnsla landsins sem er annáluð fyrir úrvals vörur. Mikil þekking og frábærar uppskriftir. Góður tækjakostur og aukin framleiðslugeta til staðar.

**Fyrirtækjasalan Suðurver, Lækjartorgi**
**Sími: 516-0000 & 516-0001**
**www.fyrirtaeki.is 25 ára 1987-2012**
**Guðrún Hulda Ólafsdóttir hdl.**

## Fasteignir






Glæsileg nýbygging í einstöku umhverfi
3ja-4ra herbergja íbúðir
Algeng stærð þeirra er 110 fm
Gott skipulag og vandaðar innréttingar
Stórar og rúmgóðar suðvestur svalir
Stæði í bílageymslu
Fallegt útsýni
Verð frá: **31,9 millj.**



Nánari upplýsingar veita
**Davíð Jónsson,** sölufulltrúi
david@miklaborg.is **sími:** 697 3080



**Þröstur Þórhallsson,** lögg.fast.
throstur@miklaborg.is **sími:** 897 0634

FASTEIGNASALAN **MIKLABORG** **569 7000** Síðumúli 13 www.miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
**- með þér alla leið -**

**TRAUST OG ÖRUGG ÞJÓNUSTA**
**SÍMI 533 4040**
**kjoreign@kjoreign.is**
Opnunartími mán-fös kl. 9-17
Dan V.S. Wiium hdl., lögg. fasteignasali
Kjöreign ehf
**FASTEIGNASALA • Ármúli 21, Reykjavík • www.kjoreign.is**

**SPORÐAGRUNN 9, REYKJAVÍK**






**OPIÐ HÚS Á MORGUN MILLI KL. 16:00-17:30**
Til sölu glæsilegt og mikið endurgert einbýlishús með aukaíbúð á neðstu hæðinni. Húsið er teiknað af Gísla Halldórssyni, arkitekt. Stærð hússins er 314,8 fm með bílskúr. Stór sólskáli er á efstu hæðinni sem er ekki innifalin í stærðinni. Arinn í holi. Gott fyrirkomulag. Á neðri hæðinni eru stofur, eldhús, svalir og snyrting. Fjögur svefnherbergi á efstu hæðinni. Fataherbergi innaf hjónaherbergi. Stór sólskáli. Stórar sólarsvalir á báðum hæðum. Útsýni er frá húsinu. Frábær staðsetning í lokaðri götu. Stutt í alla þjónustu, skóla og Laugardalinn.
**Verð 95 milljónir. *Dan Wiium verður á staðnum.***

Dan V.S. Wiium, hdl., og löggiltur fasteignasali
Ólafur Guðmundsson, Sölustjóri, sími: 896 4090





**Póst dreifing**

**Við sjáum um örugga dreifingu á fjölpósti**

Póstdreifing dreifir fjölpósti sex daga vikunnar til heimila á stærsta markaðssvæði landsins. Mælingar sýna að 60% landsmanna skoða fjölpóst og er hann því áhrifaríkt leið til að koma skilaboðum um vöru eða þjónustu beint inn á heimilin. ***Örugglega til þín.***

Nánari upplýsingar veitir söludeild í síma 585 8300.

Póstdreifing | Vatnagörðum 22 | 104 Reykjavík | Sími 585 8300 | postdreifing.is


## Atvinna

# Iðnaðarmenn

Vegna aukinna umsvifa óska Trefjar ehf. að ráða fleiri iðnaðarmenn til starfa

ÚTFLUTNINGSVERÐLAUN FORSETA ÍSLANDS 2012
CLEOPATRA FISHERMAN

## Vélvirkjar

Við óskum eftir að ráða vélvirkja til starfa. Í starfinu felst uppsetning á vélum og tengdum búnaði í báta.

### Starfssvið:

- Uppsetning vélbúnaðar í bátum
- Skipulagning og samskipti við birgja

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Sveinspróf í vélvirkjun eða sambærileg reynsla
- Námssamningur kemur einnig til greina
- Frumkvæði og skipulögð vinnubrögð
- Góð enskukunnátta er kostur

## Rafvirkjar

Við óskum eftir að ráða rafvirkja til starfa. Í starfinu fellst uppsetning á rafbúnaði og tengdum búnaði í báta.

### Starfssvið:

- Uppsetning rafbúnaðar í bátum
- Skipulagning og samskipti við birgja

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Sveinspróf í rafvirkjun eða sambærileg reynsla
- Námssamningur kemur einnig til greina
- Frumkvæði og skipulögð vinnubrögð
- Góð enskukunnátta er kostur

## Trésmiðir/húsgagnasmiðir

Við óskum eftir að ráða smiði til starfa. Í starfinu fellst almenn smíði og uppsetning á búnaði í báta.

### Starfssvið:

- Smíði og ýmis frágangsvinna í bátum
- Skipulagning og samskipti við birgja

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Sveinspróf eða sambærileg reynsla
- Frumkvæði og skipulögð vinnubrögð
- Góð enskukunnátta er kostur

Umsóknarfrestur er til 25. nóvember 2013. Öllum umsóknum verður svarað og fullum trúnaði heitið. Umsóknir skulu sendar á netfangið: cleopatra@trefjar.is eða bréfleiðis: Trefjar ehf, „Iðnaðarmenn“, að Óseyrarbraut 29, 220 Hafnarfjörður.

**TREFJAR EHF.**



**KL. 20:30 KOLLA**

Fjölbreyttur spjallþáttur á mannlegu nótunum þar sem Kolla spjallar við fólk úr öllum áttum um lífið og tilveruna.


# Frábært miðvikudagskvöld

**KL. 19:45**
**THE MIDDLE**
Þriðja þáttaröðin af þessum stórskemmtilegu þáttum um hið sanna líf millistéttarfólksins.




**KL. 20:05**
**HEIMSÓKN**
Sindri Sindrason heimsækir sannkallaða fagurkera sem opna heimilið fyrir áhorfendum.



**KL. 21:05**
**GREY'S ANATOMY**
Dramatíkin er í hámarki á Grey Sloan Memorial-spítalanum í vinsælasta erlenda þætti Stöðvar 2.



**KL. 19:00**
**ALVIN AND THE CHIPMUNKS: CHIPWRECKED**
Alvin og hinir íkornarnir eru mættir aftur í afar skemmtilegri fjölskyldumynd.



**KL. 19:50**
**THE CARRIE DIARIES**
Önnur þáttaröðin um hina ungu Carrie Bradshaw sem áhorfendur þekkja úr þáttaröðinni Sex and the City.



**KL. 20:30**
**ARROW**
Önnur þáttaröðin um milljónamæring og glaumgosa sem berst gegn glæpum í skjóli nætur.



Fáðu þér áskrift | 512 5100 | stod2.is **6 stöðvar aðeins 7.990 kr.**

2 3 Krakkastöðin Popp Tíví BÍÓ STÖÐIN GULL STÖÐIN Tónlist.is 2 VILD




## SUDOKU

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 8 | | 9 | 2 | | | 3 | 4 |
| 1 | | | | 5 | 4 | | 6 | |
| 9 | 3 | | 6 | | 8 | 5 | 2 | |
| 2 | | | 4 | | 6 | | 7 | |
| | 4 | | | | 7 | | | |
| | 1 | 8 | | | | | | |
| | | 3 | | | 9 | | | 7 |
| | 9 | | | | | 3 | 4 | 5 |
| | 2 | | 8 | 4 | | 6 | | 9 |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | | | | |
| | | 3 | 7 | 8 | | 9 | 1 | |
| | | 8 | | | 1 | | 2 | |
| | | | 9 | | | | 5 | 2 |
| 4 | | | | | | | | |
| 7 | 6 | 9 | 1 | | 2 | | | |
| | 1 | | | 7 | | | 8 | 5 |
| | | | 4 | 6 | | | 9 | |
| 8 | 4 | | | | | | 7 | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | | | 6 | |
| | 5 | 7 | 3 | | | 1 | | |
| 9 | | | | | 4 | 3 | | |
| | 3 | 6 | 8 | | | | | 2 |
| 1 | | 5 | | | | | | |
| | | | | 5 | 6 | 7 | | 3 |
| | | 2 | | 3 | | 8 | 4 | 1 |
| 6 | | | | 1 | 8 | | 7 | |
| | | | 5 | | | | | |

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 3 | 5 | 1 | 7 | 9 | 4 | 8 | 6 |
| 4 | 6 | 1 | 2 | 8 | 5 | 9 | 7 | 3 |
| 7 | 8 | 9 | 3 | 4 | 6 | 5 | 1 | 2 |
| 9 | 1 | 6 | 4 | 2 | 8 | 7 | 3 | 5 |
| 5 | 4 | 7 | 6 | 3 | 1 | 2 | 9 | 8 |
| 3 | 2 | 8 | 9 | 5 | 7 | 6 | 4 | 1 |
| 6 | 5 | 3 | 7 | 1 | 4 | 8 | 2 | 9 |
| 8 | 7 | 2 | 5 | 9 | 3 | 1 | 6 | 4 |
| 1 | 9 | 4 | 8 | 6 | 2 | 3 | 5 | 7 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 5 | 9 | 6 | 4 | 1 | 7 | 8 | 2 |
| 4 | 7 | 2 | 9 | 8 | 5 | 3 | 1 | 6 |
| 6 | 8 | 1 | 7 | 2 | 3 | 9 | 4 | 5 |
| 5 | 9 | 7 | 2 | 3 | 4 | 1 | 6 | 8 |
| 8 | 6 | 3 | 5 | 1 | 9 | 2 | 7 | 4 |
| 1 | 2 | 4 | 8 | 6 | 7 | 5 | 9 | 3 |
| 7 | 3 | 6 | 1 | 5 | 8 | 4 | 2 | 9 |
| 2 | 1 | 5 | 4 | 9 | 6 | 8 | 3 | 7 |
| 9 | 4 | 8 | 3 | 7 | 2 | 6 | 5 | 1 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 5 | 9 | 6 | 8 | 1 | 3 | 7 | 2 |
| 7 | 1 | 6 | 9 | 2 | 3 | 4 | 5 | 8 |
| 8 | 2 | 3 | 4 | 5 | 7 | 6 | 9 | 1 |
| 6 | 4 | 5 | 3 | 7 | 2 | 1 | 8 | 9 |
| 9 | 3 | 7 | 8 | 1 | 4 | 5 | 2 | 6 |
| 1 | 8 | 2 | 5 | 9 | 6 | 7 | 3 | 4 |
| 3 | 6 | 8 | 7 | 4 | 9 | 2 | 1 | 5 |
| 5 | 7 | 1 | 2 | 6 | 8 | 9 | 4 | 3 |
| 2 | 9 | 4 | 1 | 3 | 5 | 8 | 6 | 7 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

# Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**HANDAN VIÐ HORNIÐ** Eftir Tony Lopes




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




## SPAKMÆLI DAGSINS

**„Framtíðin er þeirra sem trúa á fegurð drauma sinna.“**
*Eleanor Roosevelt*

## KROSSGÁTA



**LÁRÉTT**
2. pest, 6. líka, 8. langar, 9. verkur, 11. svörð, 12. frárennsli, 14. ránfugl, 16. átt, 17. hópur, 18. fornafn, 20. fyrir hönd, 21. stígur.

**LÓÐRÉTT**
1. áfangi, 3. tveir eins, 4. gufuskip, 5. skordýr, 7. heykvísl, 10. bar, 13. fiskur, 15. sjá eftir, 16. bjargbrún, 19. fíngerð líkamshár.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** kvef, **6.** og, **8.** vil, **9.** tak, **11.** mó, **12.** afrás, **14.** fálki, **16.** na, **17.** lið, **18.** öll, **20.** pr, **21.** slóð.
**LÓÐRÉTT: 1.** lota, **3.** vv, **4.** eimskip, **5.** fló, **7.** gaffall, **10.** krá, **13.** áll, **15.** iðra, **16.** nös, **19.** ló.

## SKÁK

**Gunnar Björnsson**

**Hannes Hlífar Stefánsson (2.539) hefur teflt manna best á EM landsliða sem nú er í gangi í Varsjá. Í fjórðu umferð vann hann Skotann Alan Tate (2.299) með „litlum leik“.**
**Hvítur á leik**



**44. Re2!** Svartur gafst upp enda tapar hann liði eftir 44...Hc2 45. Rcd4. Það vannst stórsigur á Skotum 3,5-0,5. Í dag er frídagur á EM. **www.skak.is.** Fjórða skák heimsmeistaraeinvígisins hefst kl. 9.30.


JBL
PAKKAÐU LÉTT. ROKKAÐU FEITT.
JBL Flip2 ferðahátalarinn með innbyggðum Slipstream bassa sem skilar öflugum hljómi, Bluetooth tengingu fyrir þráðlaus samskipti og innbyggðan hljóðnema fyrir símtöl.
Kauptu þinn í Sjónvarpsmiðstöðinni.
JBL
by HARMAN
FLIP2 FÆST Í SVÖRTU OG FJÓRUM FLOTTUM LITUM
Sjónvarpsmiðstöðin
Bluetooth
RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • WWW.SM.IS

## ➜ Stiklað á stóru í ævi Árna Magnússonar



- **1663** Árni fæddist á Kvennabrekku í Dölum.
- **1683** Fór til Kaupmannahafnar til náms og komst í vinnu hjá fornleifafræðingi konungs.
- **1703** Gaf út íslenskt manntal og kvikfjártal, ásamt Páli Vídalín lögmanni, sem hann ferðaðist með um landið vegna rannsókna.
- **1712** Gaf út Jarðabókina, ásamt Páli Vídalín, með nákvæmri lýsingu á hverri einustu jörð á landinu.
- **1728** Litlu munaði að allt handritasafn hans yrði eldi að bráð.
- **1730** Lést í ársbyrjun, 66 ára, bugaður á sálinni.



**FORSTÖÐUMAÐURINN** „Handritin höfða til fólks úti um allan heim," segir Guðrún Nordal prófessor. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Hann á afmæli í dag

Þrjú hundruð og fimmtíu ár eru liðin frá fæðingu Árna Magnússonar handritasafnara. Danadrottning er komin til landsins að taka þátt í veglegri afmælisdagskrá sem Guðrún Nordal, prófessor við HÍ og forstöðumaður, lýsir.

„Þetta er mikill hátíðisdagur. Hennar hátign, Margrét Þórhildur Danadrottning, er með okkur í öllum viðburðum dagsins. Það er mikið gleðiefni því þar með undirstrikar hún það góða samstarf sem þjóðirnar hafa átt við lausn handritadeilunnar, rannsóknir á handritaarfinum og miðlun hans til nýrrar kynslóðar," segir Guðrún Nordal, forstöðumaður Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Árnastofnanir eru bæði hér og í Kaupmannahöfn og hafa þær sameiginlega gefið út rit um handritasafnið, sem á íslensku nefnist 66 handrit úr fórum Árna Magnússonar. Það mun koma líka út á dönsku og íslensku. „Árni safnaði öllum handritum og þó íslensk handrit séu í meirihluta í bókinni eru þar líka dönsk, norsk og sænsk handrit.

Sagaer i samtiden: Árni Magnússons storslåede arv – er heiti afmælisfyrirlestrar sem Annette Lassen, lektor við Kaupmannahafnarháskóla, heldur í hátíðasal Háskóla Íslands í dag. Svo er það sýning í Gerðarsafni í Kópavogi þar sem handrit Teiknibókarinnar, sem var gerð hér á landi á 14. og 15. öld, er í forgrunni. „Teiknibókin er eitt af þessum merku handritum í safni Árna, eina teiknibókin sem varðveitt er á Norðurlöndunum. Sýningin í Gerðarsafni snýst um áhrif hennar á myndir í handritum og víðar og er mjög spennandi. Samhliða kemur út bók um Teiknibókina sem er gefin út af Crymogeu," lýsir Guðrún og getur þess einnig að afmælishátíð verði í Þjóðleikhúsinu í kvöld með þátttöku íslenskra listamanna. Hún verði tekin upp fyrir sjónvarpið svo allir geti notið hennar.

Handritasafn Árna Magnússonar komst á varðveisluskrá UNESCO fyrir fjórum árum. Guðrún segir mikilvægt að miðla innihaldi þess til umheimsins. „Handritin höfða til fólks úti um allan heim og því þurfum við að standa okkur vel í að gera þau aðgengileg, meðal annars í hinum stafræna heimi."

Sýning handritanna í Þjóðmenningarhúsinu er opin nú kringum afmælisdaginn. „Þar er meðal annars merkasta handrit okkar, Konungsbók Eddukvæða," segir Guðrún og hvetur fólk til nota tækifærið og skoða þessar gersemar því síðan verði þær lokaðar niðri um óákveðinn tíma. „Við vonum að það styttist í að hægt verði að búa þeim veglega umgjörð í Húsi íslenskra fræða, þar verði hlúð vel að varðveislu þeirra, umgjörð og sýningarhaldi."

gun@frettabladid.is

# Þau sungu, hinir æptu

TÓNLIST ★★★★★

**Tónlist eftir Verdi**

Óp-hópurinn og Vonarstrætisleikhúsið í Salnum í Kópavogi föstudaginn 8. nóvember.

**LEIKSTJÓRI: SVEINN EINARSSON.**

Óp-hópurinn er ekki hópur æpandi fólks. Hann var stofnaður árið 2009 og samanstendur af nokkrum óperusöngvurum sem hingað til hafa verið minna áberandi en ýmsir aðrir. Markmiðið hópsins er að skapa söngvurunum aukin tækifæri til að koma fram. Hópurinn stóð fyrir sýningu í Salnum í Kópavogi á föstudagskvöldið í tilefni af 200 ára afmæli Verdis. Sýningin var samstarf Óp-hópsins og Vonarstrætisleikhússins; leikstjóri var Sveinn Einarsson.

Eins og ég sagði er ekki æpandi fólk í hópnum. Þvert á móti. Á dagskránni voru atriði úr óperum Verdis, allt frá aríum upp í heilan kór. Hver söngvarinn var öðrum betri. Túlkunin var litrík og kraftmikil, raddirnar ótrúlega fagrar. Fyrsta ber að nefna Rósalind Gísladóttur, sem er frábær söngkona. Ég vona að ég eigi eftir að heyra í henni sem fyrst aftur. Hvílík rödd! Hvílíkur flutningur á aríunni úr Valdi örlaganna, Pace, pace mio Dio! Ef einhver æpti á þessum tónleikum, þá var það ég sjálfur.

Sömu sögu er að segja um Jóhönnu Héðinsdóttur sem er með magnaða rödd og glæsilega sviðsframkomu. Hörn Hrafnsdóttir var líka framúrskarandi, sem og Erla Björg Káradóttir og Bylgja Dís Gunnarsdóttir. Það var unaður að heyra þær syngja.

Karlarnir voru nokkuð færri, tveir talsins auk gestasöngvarans Bjarna Thors Kristinssonar. Valdimar Hilmarsson söng fallega, en fremur lágt. Bjarni Thor var hins vegar líflegur að vanda og Egill Árni Pálsson var afar flottur. Hann er tenór; söngur hans var sérlega kraftmikill og túlkunin áhrifarík. Leikur hans var jafnframt skemmtilegur.



**FULLT HÚS** Tónleikar Óp-hópsins í Salnum á föstudag voru einhverjir skemmtilegustu tónleikar ársins að mati gagnrýnanda. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Sveinn Einarsson virðist hafa leikstýrt söngvurunum af fagmennsku. Þeir voru hóflega dramatískir, blátt áfram og eðlilegir. Gleðin í leiknum var líka smitandi.

Randver Þorláksson lék tónskáldið, sem kynnti hvert atriði og sagði frá ævi sinni í leiðinni. Áheyrendur sem þekktu lítið til ævi Verdis fengu þannig heilmikinn fróðleik með himneskum söngnum. Randver var afslappaður, dálítið þreytulegur. Líkt og Verdi væri þarna sjálfur kominn, saddur lífdaga að segja frá öllu sem hann hafði gert. Randver var prýðilegur í hlutverki sínu.

Loks ber að nefna píanóleikarann Antoniu Hevesi. Frammistaða hennar var aðdáunarverð. Píanóleikurinn var lifandi og safaríkur, svo mjög að það var nánast eins og heil hljómsveit væri að spila. Antonia hefur greinilega æft söngvarana vel. Samsöngsatriðin voru ákaflega vönduð og í góðu jafnvægi. Fyrir utan það hvað flæðið í túlkuninni var óheft og sannfærandi. Óhætt er að segja að þetta hafi verið einhverjir skemmtilegustu tónleikar ársins.

**Jónas Sen**

**NIÐURSTAÐA:** Frábær sýning með frábærum söngvurum.

***Athugasemd***

*Grein mín um tónleika með söngvaranum Gunnari Guðbjörnssyni virðist hafa farið fyrir brjóstið á mörgum. Meginefni greinarinnar var veikindi söngvarans sem hafði gríðarleg áhrif á heildarmynd tónleikanna. Ég spurði í lok greinarinnar af hverju tónleikunum hefði ekki verið aflýst af þeim sökum.*

*Mér hefur verið bent á að ég hafi í greininni hafi ég gert lítið úr ferli Gunnars sem söngvara. Það er nú svo að ég er ekki fullkominn, ég get gert mistök rétt eins og þeir sem ég skrifa um. Ég ber fulla virðingu fyrir Gunnari sem listamanni. Þó að hann hafi verið í slæmu formi þetta kvöld getur allt eins verið að hann verði í fínu formi næsta kvöld. Ég vil því hér með biðja Gunnar og hlutaðeigendur afsökunar á að hafa farið yfir strikið í umfjöllun minni um hann.*







# Skyld'ða vera bókajól?




BÓKSÖLU LISTINN

- Topplistinn
- Kiljulistinn
- Ævisögur
- Íslenskar barnabækur

*SAMKVÆMT METSÖLULISTA FÍBÚT 4.-10.11

FORLAGIÐ
Bókabúð




**www.forlagid.is**
**– alvöru bókabúð á netinu**

Opið alla virka daga kl. 10–18 og laugardaga kl. 11–15
Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | 101 Reykjavík | Sími: 575-5636

LAUGARÁS BÍÓ




| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar | |
|---|---|---|
| CARRIE | 8, 10:10 | 16 |
| PHILOMENA | 5:50, 8, 10:10 | 12 |
| FURÐUFUGLAR 2D | 6 | L |
| CAPTAIN PHILLIPS | 6, 9 | 14 |

SAMBÍÓIN




| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | | |
|---|---|---|
| ESCAPE PLAN | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 16 |
| THOR - DARK WORLD 3D | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| THOR - DARK WORLD VIP 2D | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | VIP |
| BAD GRANDPA | KL. 5:50 - 8 - 10:10 | 12 |
| GRAVITY 2D | KL. 5:50 - 8 | 12 |
| PRISONERS | KL. 6 - 9 - 10:10 | 16 |

| SAMBÍÓIN EGILSHÖLL | | |
|---|---|---|
| ESCAPE PLAN | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 16 |
| THOR - DARK WORLD 3D | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| BAD GRANDPA | KL. 8 - 10:10 | 12 |
| GRAVITY 3D | KL. 5:50 - 8 | 12 |
| PRISONERS | KL. 10:10 | 16 |
| RUSH | KL. 5:25 | 12 |

| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI | | |
|---|---|---|
| TOSCA ÓPERA ENDURFLUTT | KL. 18:00 | L |
| ESCAPE PLAN | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 16 |
| THOR - DARK WORLD 2D | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| DISCONNECT/HEILABROTINN | KL. 5:20 - 10:10 | 12 |

| SAMBÍÓIN KEFLAVÍK | | |
|---|---|---|
| ESCAPE PLAN | KL. 8 - 10:30 | 16 |
| THOR - DARK WORLD 3D | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | 12 |

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | | |
|---|---|---|
| ESCAPE PLAN | KL. 8 - 10:30 | 16 |
| THOR - DARK WORLD 3D | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| BAD GRANDPA | KL. 5:50 | 12 |

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á SAMbio.is

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ




| SMÁRABÍÓ (AUKAKRÓNUR 5%) | | |
|---|---|---|
| THE STARVING GAMES | KL. 6 - 8 - 10 | 10 |
| CARRIE | KL. 8 - 10.15 | 16 |
| THOR 2 | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| THOR 2 LÚXUS | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| FURÐUFUGLAR 2D | KL. 3.20 - 5.40 | L |
| FURÐUFUGLAR 3D | KL. 3.20 | L |
| CAPTAIN PHILIPS | KL. 5 - 8 | 14 |
| INSIDIUS CHAPTER 2 | KL. 10.45 | 16 |
| TÚRBÓ 2D ÍSL.TAL | KL. 3.30 | L |

| HÁSKÓLABÍÓ (AUKAKRÓNUR 5%) | | |
|---|---|---|
| SKYTTEN | KL. 8 -10.30 | 12 |
| PHILOMENA | KL. 5.45 - 8 | 12 |
| CAPTAIN PHILIPS | KL. 10.15 | 14 |
| GRAVITY 3D | KL. 8 - 10.15 | 12 |
| KONAN Í BÚRINU | KL. 5.45 - 10.15 | 16 |
| MÁLMHAUS | KL. 5.45 - 8 | 12 |
| HROSS Í OSS | KL. 6 | 12 |

| BORGARBÍÓ (NÁNAR Á MIÐI.IS) | | |
|---|---|---|
| THE STARVING GAMES | KL. 6 - 8 | 10 |
| CARRIE | KL. 8 - 10 | 16 |
| PHILOMENA | KL. 6 | 12 |
| CAPTAIN PHILIPS | KL. 10 | 14 |




**LÍÐUR AÐ BRÚÐKAUPI** Kate og Matthew hafa verið trúlofuð síðan vorið 2011.

## Brúðkaup á stjörnuheimili

Thomas Kirk, kynningarfulltrúi hljómsveitarinnar Muse, gekk að eiga unnustu sína, Jaclyn Ferber, á heimili stjörnuparsins Kate Hudson leikkonu og Matthews Bellamy, söngvara Muse, um síðustu helgi.

Athöfnin og veislan fór fram í garðinum og fór afar vel um gestina.

Kate og Matthew eru ekki gift en þau hafa verið trúlofuð síðan í apríl árið 2011 og eignuðust soninn Bingham síðar á því sama ári. Þá á Kate soninn Ryder, níu ára, úr fyrra sambandi en heimildir tímaritsins Us Weekly herma að fjölskyldan sé í óðaönn að undirbúa brúðkaup.



**GÓÐUR EIGINMAÐUR** Robert gerði vel við eiginkonu sína á afmælisdaginn.

## Bauð upp á beikonköku

Stórleikarinn Robert Downey Jr. fagnaði fertugsafmæli eiginkonu sinnar, Susan Downey, með stæl síðastliðinn laugardag.

Meðal gesta í veislunni voru Justin Theroux, Jason Bateman, Gwyneth Paltrow, Reese Witherspoon, Gwen Stefani og Gavin Rossdale og var hún haldin á hótelinu Cavallo Point Lodge.

Veislusalurinn var skreyttur myndum af Susan, fjólubláum ljósum og hvítum rósum.

Daginn eftir var boðið upp á hádegismat þar sem afmælisbarnið fékk sérstaka beikonköku, beikonsultu og beikonbita. Af því má draga þá ályktun að hún sé mikil beikonmanneskja.

# Lager af Land Cruiser

**BAKÞANKAR**
Ragnheiðar Tryggvadóttur



Hraðbraut yfir hálendið var eitt af því sem ég grét að ekki var spreðað í í góðærinu. Hálendishraðbraut eða tvöföldun hringvegarins. Slík framkvæmd hefði sjálfsagt sligað okkar auma ríkissjóð en ég meina, af hverju ekki það eins og hvað annað? Það væri þá allavega búið og gert, komið til að vera og til brúks. Sjálfsagt er ekki gáfulegt að hugsa svona, en ég læt það eftir mér.

**AÐ** baki liggja að sjálfsögðu eingöngu mínir eigin hagsmunir, svona eins og tíðkaðist með hugmyndir í góðærinu yfirleitt, var það ekki? Ég á oft erindi norður og kemst sjaldnar en mig langar. Hálendishraðbrautin kæmi niður nánast við bæjardyrnar á æskuheimilinu fyrir norðan, eða svo gott sem. Svo ég leyfi mér bara dagdrauma um skreppitúra yfir Sprengisand, sem tækju einungis brot af þeim tíma sem það tekur mig núna að skrölta þetta kringum hálft landið. Eða það ímynda ég mér allavega. Mér skilst að menn séu að skoða þetta núna. Það er til félag um framkvæmdina, Hálendisvegur ehf.

**EF** svona vegur yrði gerður yrði það einkaframkvæmd og greiða þyrfti gjald til að komast yfir. Eins og er í gegnum Hvalfjarðargöngin, og væntanleg Vaðlaheiðargöng. Ég þyrfti hins vegar ekkert í gegnum þau göng ef ég flengdist beint yfir hálendið og gæti bara notað gangatollinn í hálendistollinn. Það er heldur engin sjoppa á Sprengisandi svo ég myndi líka spara mér rándýr hamborgarakaupin í Staðarskála í leiðinni. Verra yrði það kannski með klósettstoppin, sérstaklega ef veðrið væri vont.

**EN** hvenær er svo sem ekki vont veður á Íslandi? Ég var nú bara rétt um daginn veðurteppt í Borgarnesi þar sem ófært var undir Hafnarfjalli vegna hvassviðris. Og eigum við Íslendingar ekki heimsmet í jeppaeign og það meira að segja án allra fyrirvara um „miðað við höfðatölu"! Keyptum við ekki upp lagerinn af Land Cruiser þegar best lét?

**ÉG** segi að við kýlum á þetta.

# Hyggjast gera upp Keflavik Music Festival

Umboðsmaður hljómsveitanna Skálmaldar og 1860 hefur þó enn ekkert heyrt frá forsvarsmönnum Keflavik Music Festival, þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir.



**HÁTÍÐIN ENDAÐI MEÐ TAPI** Á myndinni eru þeir DJ Óli Geir og Pálmar Þór Erlingsson, forsvarsmenn Keflavik Music Festival. SAMSETT MYND

„Uppgjör á festivalinu stendur núna yfir," segir DJ Óli Geir, en hann komst í fjölmiðla fyrr á árinu sem einn skipuleggjenda Keflavik Music Festival. Eins og margir muna ef til vill eftir voru tónlistarmenn afar ósáttir við skipulag hátíðarinnar og gagnrýndu DJ Óla Geir og félaga hans, Pálma Þór Erlingsson, sem einnig var í forsvari fyrir hátíðina, harðlega fyrir vikið. Fjölmargar hljómsveitir hættu við að spila á hátíðinni þar sem þær töldu tónleikahaldara ekki standa við gerða samninga.

„Við erum að gera upp við þá íslensku tónlistarmenn sem eftir eru þessa dagana. Við erum að gera þetta hægt og rólega eftir allt sem gekk á. Við stefnum að því að vera búnir að gera upp við alla fyrir áramót," bætir Óli Geir við.

„Það var aldrei inni í myndinni að gera ekki upp við eitthvert atriði þó svo að hátíðin hafi endað í stóru tapi sem hljóp á milljónum," segir Óli Geir jafnframt.

Hljómsveitin Skálmöld var meðal þeirra sem komu fram á hátíðinni. Kristinn Thorarensen, umboðsmaður hljómsveitanna Skálmaldar, Vintage Caravan og 1860, segist ekkert hafa heyrt frá forsvarsmönnum hátíðarinnar í langan tíma.

„Þeir komu til okkar að fyrra bragði til þess að gera upp, stuttu eftir hátíðina. Síðan hef ég sent fjölda tölvupósta og meðal annars talað tvisvar við Pálma í síma. Hann var boðinn og búinn til að leysa málið, en síðan hef ég ekkert heyrt. Ég tel mig, og okkur, hafa sýnt þeim mikinn skilning," segir Kristinn.

„Ég hef reynt að fá þá til að setjast niður með okkur í góðu og leysa málin, en hef engin svör fengið enn," bætir Kristinn við. „Ég bíð spenntur við símann," segir hann.

Fréttablaðið ræddi við meðlimi þriggja hljómsveita til viðbótar sem komu fram á hátíðinni en vildu ekki koma fram undir nafni. Hljómsveitirnar höfðu ekkert heyrt frá Óla Geir og Pálma, forsvarsmönnum hátíðarinnar, og vissu ekki hvort eða hvenær von væri á greiðslu. Einn meðlimur hjómsveitar, sem Fréttablaðið nálgaðist, hafði þó heyrt frá þeim en enga greiðslu fengið.

olof@frettabladid.is

# Gáfu 10 þúsund fyrir hvert ár

Hljómsveitin Sálin hans Jóns míns seldi árituð og númeruð veggspjöld á 25 ára afmælistónleikum sínum í Hörpu á laugardag til styrktar BUGL.

„BUGL er ein af þessum stofnunum sem vinna þarft og mikilvægt starf. Við vildum sýna stuðning okkar með þessu," segir Stefán Hilmarsson, forsprakki Sálarinnar hans Jóns míns. Hljómsveitarmeðlimir ákváðu að styðja við bakið á Barna- og unglingageðdeild Landspítalans með því að selja árituð og númeruð veggspjöld á 25 ára afmælistónleikum hljómsveitarinnar í Hörpu á laugardaginn var. Veggspjöldin seldust upp og söfnuðust 250 þúsund krónur, eða tíu þúsund krónur fyrir hvert ár sem Sálin hefur starfað.

„Þetta seldist upp á svipstundu. Ég fékk þessa hugmynd á laugardeginum og lét prenta þetta í hvelli og svo sátum við sveittir við skriftir alveg þar til korter í gigg," segir Stefán. Að sögn hans gengu tónleikarnir ákaflega vel.

„Þarna var troðfullt, hátt í fjögur þúsund mættu og stemningin var mögnuð."

kjartanatli@frettabladid.is



**MÖGNUÐ STEMNING** Stefán Hilmarsson var sáttur við stemninguna í Hörpu um helgina. MYND/GUÐMUNDUR LÚÐVÍKSSON.


BÍÓ ★ PARADÍS EUROPA CINEMAS







Annar hluti paradísarþríleiks Austurríska leikstjórans Ulrich Seid

SJÁ FLEIRI SÝNINGAR Á WWW.BIOPARADÍS.IS - Miðasala: 412 7711 - Hverfisgata 54 - bioparadis.is - Hluti af Europa Cinemas









**SÉRHÆFUM OKKUR Í SMÍÐI Á HEILSURÚMUM**

**RúmGott** · Smiðjuvegi 2 (við hliðina á Bónus) · Kópavogi · Sími 544 2121
Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 11-16 · www.rumgott.is

VERSLUNIN Rúm Gott ÍSLENSK HEILSURÚM

## ÍSLAND KRÓATÍA 2 DAGAR



**FÓTBOLTI** Íslenska landsliðið í knattspyrnu æfði í gær á Kópavogsvelli en liðið býr sig nú af kappi undir leikinn gegn Króötum á föstudagskvöldið í umspilinu um sæti á heimsmeistaramótinu í Brasilíu sem fram fer á næsta ári.

Veðurspáin hefur farið fram og til baka undanfarna daga og óljóst hvernig mun viðra á Reykvíkinga á leikdegi en leikmenn liðsins eru að búa sig undir hvaða aðstæður sem er.

Íslenska liðið æfði til að mynda með appelsínugulan bolta í gær en það gæti komið til þess að slíkur bolti yrði notaður á Laugardalsvellinum á föstudaginn ef snjókoma er mikil.

Strákarnir í landsliðinu munu taka á móti stuðningsmönnum á öllum aldri í Kórnum í Kópavogi í dag á milli klukkan 17 og 17.30. Þeir munu árita veggspjöld og gefa. - sáp

## Framstelpur halda til Ungverjalands

**HANDBOLTI** Kvennalið Fram heldur í dag til Ungverjalands þar sem fram undan eru tveir leikir við heimakonur í Köfem Sport Club í 3. umferð EHF-bikarsins. Fram vann sannfærandi sigur á liði Olympia frá London í 2. umferð. báðir leikirnir fóru fram hér á landi.

Framarar, sem urðu Íslandsmeistarar í vor, þekkja ágætlega til ungversku mótherjanna. Liðin mættust fyrir tveimur árum í Evrópukeppni bikarhafa en þá notaðist liðið við nafnið Alcoa FKC. Líkt og nú fóru báðir leikirnir fram ytra og unnu Ungverjarnir fjórtán marka sigur samanlagt.

Köfem situr í 5. til 6. sæti efstu deildar og verður vafalítið við ramman reip að draga fyrir Safamýrarstúlkur því ungverska kvennadeildin þykir afar öflug.

Sem dæmi um styrkleika deildarinnar má nefna lið eins og Györi sem er taplaust í sínum riðli í meistaradeild Evrópu í vetur.

Fyrri leikurinn fer fram á föstudaginn klukkan 17 að íslenskum tíma. Sá síðari verður á laugardag klukkan 14. - ktd



**MEISTARAR** Framstelpur eiga erfiða leiki fyrir höndum í Ungverjalandi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Getum vel strítt þeim

Kolbeinn fékk frí frá æfingu í gær vegna leikjaálags.

**FÓTBOLTI** „Nei, engir takkaskór í dag, bara rólegheit hjá mér," sagði Kolbeinn Sigþórsson, leikmaður íslenska landsliðsins, á Kópvogsvelli í gær.

Kolbeinn tók ekki þátt á æfingu íslenska landsliðsins í knattspyrnu í gær.

Mikið álag hefur verið á Kolbeini með félagsliði sínu, Ajax í Hollandi, undanfarið en liðið stendur í ströngu í öllum keppnum sem í boði eru.

Íslenska landsliðið kom saman á sinni fyrstu æfingu fyrir umspilsleikina við Króatíu á Kópavogsvelli í gær en liðið mætir því króatíska á föstudagskvöld á Laugardalsvellinum. Þau mætast síðan aftur ytra á þriðjudagskvöldið eftir viku.

„Ég hef verið að spila marga leiki síðustu vikur og því verið undir miklu álagi og þess vegna er gott fyrir mig að fá þetta frí."

Kolbeinn hefur verið nær óstöðvandi með íslenska landsliðinu í undankeppninni og gríðarlega mikilvægur leikmaður fyrir liðið. Kolbeinn hefur skorað 13 mörk í 19 landsleikjum sem er tölfræði sem fáir framherjar geta státað sig af í heiminum.

„Ég er í góðu standi og hlakka gríðarlega til að spila þennan leik, það verður ekki erfitt að gíra sig upp fyrir svona stórleik. Við eigum bara fína möguleika í Króatana. Þeir eru vissulega með sterkt lið en við erum það líka. Ef við náum okkar leik þá getum við vel strítt þeim."

Gríðarlega mikilvægt verður fyrir íslenska landsliðið að halda markinu hreinu á föstudagskvöldið.

„Liðið þarf að leggja upp með að verjast vel sem heild, ekki bara varnarmennirnir. Það þurfa allir að leggja sitt af mörkum." - sáp



**HVÍLDUR** Kolbeinn þarf að fara vel með sig fyrir leikinn. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**ALLSTAÐAR Í UMRÆÐUNNI** Íslenska liðið hefur vakið verðskuldaða athygli allstaðar í heiminum. Eiður Smári er bjartsýnn fyrir leikina gegn Króatíu og vill meina að leikmenn liðsins geti farið óhræddir inn í verkefnið. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Stigateppi
Stigateppi
fyrir húsfélög og sameignir



Hljóðdempandi, létt í þrifum og umgengni.
Mælum og gerum tilboð að kostnaðarlausu
KJARAN GÓLFBÚNAÐUR
SÍÐUMÚLI 14 · 108 REYKJAVÍK
SÍMI 510 5510
OPIÐ VIRKA DAGA KL.8 -18.

# Hef talið niður dagana

Eiður Smári Guðjohnsen er viss um að íslenska landsliðið eigi eftir að vekja enn meiri athygli þegar liðið slær Króatana úr leik. Strákarnir ætla sér til Brasilíu.

**FÓTBOLTI** „Manni finnst eins og það sé meiri tilhlökkun en spenna fyrir þessum leikjum í leikmannahópnum," segir Eiður Smári Guðjohnsen, leikmaður íslenska landsliðsins í knattspyrnu.

Eiður lék sinn fyrsta landsleik fyrir Íslands hönd árið 1996 en hann leikur sinn 77. landsleik á ferlinum á föstudaginn er Ísland tekur á móti Króatíu í fyrri leik liðanna í umspili um laust sæti á heimsmeistaramótinu í Brasilíu sem fram fer næsta sumar.

„Spennan kemur væntanlega í hópinn þegar líður á vikuna. Það hefur verið gríðarlega skemmtileg stemning í kringum þessa leiki og ég hef í raun talið niður dagana eins og fyrir jólin fyrir þennan leik. Það virðist vera mikil stemning í þjóðfélaginu fyrir þessum leikjum og maður er rækilega minntur á það á hverjum degi af hverju maður er enn þá í fótboltanum. Það er líklega meiri tilhlökkun fyrir þessum leik heldur en nokkurn tíma áður," segir markahæsti leikmaður karlaliðsins frá upphafi, með 24 mörk.

Stór hluti þjóðarinnar stendur á öndinni fyrir fyrri leikinn á Laugardalsvelli á föstudagskvöldið. Allir miðarnir seldust upp á rúmum þremur klukkustundum að næturlagi á dögunum.

„Maður hefur sjaldan fundið fyrir jafn miklum áhuga frá fólki hér heima og í raun úti um allan heim. Núna verða menn bara að líta á árangur okkar sem liðna tíð og horfa fram á veginn. Væntingarnar eru vissulega miklar en við höfum alla burði til að standa undir þeim."

Eiður Smári hefur á ferli sínum tekið þátt í gríðarlega mikilvægum leikjum á alþjóðlegan mælikvarða en hann hefur til að mynda unnið ensku og spænsku úrvalsdeildina sem og Meistaradeild Evrópu með Barcelona.

„Það er erfitt að bera þá stórleiki sem ég hef tekið þátt í saman við leikina gegn Króötum. Ég fæ kannski betri tilfinningu fyrir því í næstu viku þegar landsliðsverkefninu er lokið. Það gefur samt augaleið hvað landsliðið varðar að þetta eru stærstu leikir sem ég hef tekið þátt í."

### Ísland er alls staðar í umræðunni

Eiður leikur í dag með belgíska liðinu Club Brugge og berst árangur íslenska landsliðsins oft í tal þar í landi.

„Þessi árangur okkar hefur auðvitað vakið athygli alls staðar og menn hafa haft samband við mig hvaðanæva úr heiminum til að ræða frammistöðu íslenska landsliðsins. Þegar svona lítil þjóð kemst eins langt og við höfum gert, þá fara menn vissulega að spyrja spurninga. Það mun aftur á móti vekja enn meiri athygli þegar við klárum þetta verkefni gegn Króötum."

**„ Við þurfum að notfæra okkur allt stress og adrenalín sem fylgir svona leikjum til góðs.**

*Eiður Smári Guðjohnsen*

Það er hugur í leikmönnum íslenska landsliðsins og menn eru hvergi nærri saddir. Nú eru tíu lotur búnar og tvær eftir.

„Við eigum alltaf möguleika gegn þessari þjóð en við vitum það samt sem áður að liðið þarf sennilega að spila sína bestu leiki til að komast í gegnum þessa hindrun. Við verðum bara að vera bjartsýnir og notfæra okkur allt stress og það adrenalín sem fylgir svona leikjum til góðs. Menn geta farið alveg óhræddir út í þessa leiki. Við erum búnir að koma okkur í þessa stöðu sjálfir og getum vel farið áfram."

stefanp@frettabladid.is


JÓLAPEYSAN
30. OKTÓBER–13. DESEMBER
Jól með Barnaheillum
Save the Children á Íslandi
VERTU MEÐ og styrktu mannréttindi barna

# DAGSKRÁ

## Stöð 2 kl. 21.05
### Grey's Anatomy



Tíunda sería þessa vinsæla dramaþáttar sem gerist á skurðstofu á Grey Sloan spítalanum í Seattle-borg þar sem starfa ungir og bráðefnilegir skurðlæknar. Flókið einkalíf ungu læknanna á það til að gera starfið enn þá erfiðara.

## Í KVÖLD



### Gordon Ramsay Ultimate Cookery Course

**SKJÁR EINN KL. 20.10** Frábærir þættir þar sem Gordon Ramsey snýr aftur í heimaeldhúsið og kennir áhorfendum einfaldar aðferðir við heiðarlega heimaeldamennsku.

IMDb 5,9



### Krabbinn

**SJÓNVARPIÐ KL. 20.45** Bandarísk þáttaröð um húsmóður í úthverfi sem er með krabbamein og reynir að sjá það broslega við sjúkdóminn. Aðalhlutverkið leikur Laura Linney og hlaut hún Golden Globe-verðlaunin fyrir þættina.

TV.COM 8,6 IMDb 8,7



### Two and a Half Men

**STÖÐ 2 GULL KL. 19.35** Sjöunda sería þessa bráðskemmtilega þáttar um bræðurna Charlie og Alan. Charlie er eldhress piparsveinn sem kærir sig ekki um neinar flækjur en Alan er sjúklegur snyrtipinni sem á í stökustu vandræðum með sjálfstraustið.

TV.COM 8,4 IMDb 72

## Rás 2 kl. 12.45
### Poppland



Meðal fastra dagskrárliða eru Tónlistarfréttir, Plötur vikunnar, Nýjasta tækni og vísindi, Einu sinni var, Nýjustu fréttir af Elvis og tunglinu, Bíóumfjöllun á þriðjudögum o.fl. Umsjónarmenn eru Ólafur Páll Gunnarsson og Matthías Már Magnússon.






## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.10 Malcolm In The Middle**
**08.30 Ellen**
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 Doctors**
**10.15 Spurningabomban**
**11.05 Glee**
**11.50 Grey's Anatomy**
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Covert Affairs**
**13.45 Chuck**
**14.30 Last Man Standing**
**14.50 Suburgatory**
**15.15 Tricky TV**
**15.40 Fjörugi teiknimyndatíminn**
**16.05 Kalli kanína og félagar**
**16.25 Ellen**
**17.10 Bold and the Beautiful**
**17.32 Nágrannar**
**17.57 Simpson-fjölskyldan**
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Stelpurnar**
**19.45 The Middle** *(1:24)*
**20.05 Heimsókn**
**20.30 Kolla** Vandaður en fjölbreyttur spjallþáttur með Kollu Björns sem ætlar að spjalla við fólk úr öllum áttum um lífið og tilveruna.
**21.05 Grey's Anatomy** *(8:22)*
**21.50 The Devil Wears Prada**
**23.35 Hung** *(8:10)*
**00.00 The Blacklist**
**00.45 Person of Interest**
**01.25 NCIS. Los Angeles**
**02.10 The Tattoist**
**03.40 Magicians**
**05.10 The TV Set**

## SPORT *besta sætið*

**16.55 Villarreal - Atletico Madrid**
**18.35 Spænsku mörkin 2013/14**
**19.05 Meistaradeild Evrópu - fréttaþáttur**
**19.35 Sportspjallið** Vikulegur þáttur í umsjón íþróttafréttamanna 365.
**20.20 Tottenham - Sheriff Tiraspol**
**22.00 Evrópudeildarmörkin**
**22.55 Þýski handboltinn 2013/2014** Útsending frá leik Hannover og Kiel í þýska handboltanum.
**23.55 Liðið mitt** Sverrir Bergmann kynnist öllum liðunum í Dominos deild karla í körfubolta.

## SPORT 2 *enski boltinn*

**16.05 Football League Show 2013/14**
**16.35 Southampton - Hull**
**18.15 Crystal Palace - Everton**
**19.55 Ensku mörkin - úrvalsdeildin**
**20.50 Messan**
**22.00 Tottenham - Newcastle**
**23.40 Norwich - West Ham**

## ÍNN

**20.00** Prófkjör XD **20.30** Prófkjör XD **21.00** Prófkjör XD **21.30** Prófkjör XD

## STÖÐ 3

**15.50 The X-Factor US**
**17.55 Bunheads**
**18.40 Bob's Burgers**
**19.00 Junior Masterchef Australia**
**19.50 The Carrie Diaries**
**20.30 Arrow** *(5:23)*
**21.15 Damages** *(10:10)*
**22.15 Shameless** *(9:12)*
**23.05 Banshee** *(9:10)* Magnaðir spennuþættir um Lucas Hood sem er fyrrum fangi og afar útsmoginn þjófur. Hann tekur upp nafn og starf látins lögregluvarðstjóra í Amish-bænum Banshee í Pennsylvaníu og heldur þar áfram á glæpabrautinni í skjóli starfs síns.
**23.55 Junior Masterchef Australia**
**00.45 The Carrie Diaries**
**01.30 Arrow**
**02.15 Damages**
**03.10 Tónlistarmyndbönd**

## Krakkastöðin

**07.00** Áfram Diego, áfram! **07.24** Svampur Sveins **07.48** Latibær **08.00** Ævintýri Tinna **08.22** Skoppa og Skrítla **08.35** Strumparnir **09.00** Lukku-Láki **09.24** Ofurhundurinn Krypto **09.45** UKI **09.50** Hvellur keppnisbíll **10.00** Dóra könnuður **10.23** Mörgæsirnar frá Madagaskar **10.45** Doddi litli og Eyrnastór **10.55** Sumardalsmyllan **11.00** Áfram Diego, áfram! **11.24** Svampur Sveins **11.48** Latibær **12.00** Ævintýri Tinna **12.22** Skoppa og Skrítla **12.35** Strumparnir **13.00** Lukku láki **13.24** Ofurhundurinn Krypto **13.45** UKI **13.50** Hvellur keppnisbíll **14.00** Dóra könnuður **14.23** Mörgæsirnar frá Madagaskar **14.45** Doddi litli og Eyrnastór **14.55** Sumardalsmyllan **15.00** Áfram Diego, áfram! **15.24** Svampur Sveins **15.48** Latibær **16.00** Ævintýri Tinna **16.22** Skoppa og Skrítla **16.35** Strumparnir **17.00** Lukku láki **17.24** Ofurhundurinn Krypto **17.45** UKI **17.50** Hvellur keppnisbíll **18.00** Dóra könnuður **18.23** Mörgæsirnar frá Madagaskar **18.45** Doddi litli og Eyrnastór **18.55** Sumardalsmyllan **19.00** Alvin and the Chipmunks **20.25** Sögur fyrir svefninn

## GULL

**17.55 Strákarnir**
**18.25 Friends**
**18.45 Seinfeld**
**19.10 Modern Family**
**19.35 Two and a Half Men** *(15:22)*
**20.00 Kalli Berndsen - Í nýju ljósi** *(8:10)*
**20.20 Örlagadagurinn** *(24:30)*
**20.55 Cold Feet** *(7:8)*
**21.45 Prime Suspect 4** *(3:3)* 3.3)
**23.30 The Drew Carey Show** *(14:24)*
**23.50 Curb Your Enthusiasm** *(9:10)*
**00.20 Kalli Berndsen - Í nýju ljósi**
**00.40 Örlagadagurinn**
**01.15 Cold Feet**
**02.05 Prime Suspect 4**
**03.50 Tónlistarmyndbönd**

## BÍÓ

**12.10 Charlie and Boots**
**13.50 The Deal**
**15.30 Shut Up and Sing**
**17.00 Charlie and Boots**
**18.45 The Deal**
**20.25 Shut Up and Sing**
**22.00 Dark Shadows**
**23.55 Seven**
**02.00 Brooklyn's Finest**
**04.10 Dark Shadows**

## RÚV

**16.40 HM 2014 - umspilið**
**17.10 Friðþjófur forvitni**
**17.33 Nína Pataló**
**17.40 Geymslan**
**18.05 Táknmálsfréttir**
**18.15 Djöflaeyjan**
**18.45 Íþróttir**
**18.54 Víkingalottó**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.00 Neyðarvaktin** *(2:22) (Chicago Fire II)*
**20.45 Krabbinn** *(7:8) (The Big C IV)* Bandarísk þáttaröð um húsmóður í úthverfi sem er með krabbamein og reynir að sjá það broslega við sjúkdóminn. Aðalhlutverkið leikur Laura Linney og hlaut Golden Globe-verðlaunin fyrir þættina.
**21.15 Kiljan** Bókaþáttur Egils Helgasonar. Stjórn upptöku. Ragnheiður Thorsteinsson.
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.20 Kvikmynd til sölu** *(The Greatest Movie Ever Sold)* Heimildarmynd um auglýsingar og vöruinnsetningar sem var fjármögnuð og gerð möguleg með auglýsingum og vöruinnsetningum. Höfundur myndarinnar er Morgan Spurlock sem einnig gerði myndina Super Size Me.
**23.45 Verðlaunamyndir Kvikmyndaskóla Íslands - Plús.Mínus** Leikstjóri. Auður B. Snorradóttir. Verðlaunamynd við útskrift í Kvikmyndaskóla Íslands vorið 2012.
**00.00 Kastljós**
**00.20 Fréttir**
**00.30 Dagskrárlok**

## SKJÁR EINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Cheers**
**08.25 Dr. Phil**
**09.10 Pepsi MAX tónlist**
**16.35 Design Star**
**17.25 Family Guy**
**17.50 Dr. Phil**
**18.30 Kitchen Nightmares**
**19.20 Parks & Recreation**
**19.45 Cheers** *(12:26)*
**20.10 Gordon Ramsay Ultimate Cookery Course** *(14:20)*
**20.40 Borð fyrir fimm** *(5:8)*
**21.10 In Plain Sight** *(2:8)*
**22.00 Ray Donovan** *(8:13)*
**22.50 CSI: Miami** *(8:24)*
**23.40 Sönn íslensk sakamál**
**00.10 Dexter**
**01.00 Borð fyrir fimm**
**01.30 Ray Donovan**
**02.20 The Borgias**
**03.10 Excused**
**03.35 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** Eurosport **08.10** Golfing World **09.00** The McGladrey Classic 2013 **12.00** The McGladrey Classic 2013 **15.00** The McGladrey Classic 2013 **18.00** Golfing World **18.50** The McGladrey Classic 2013 **21.35** Inside the PGA Tour **22.00** Golfing World **22.50** The Open Championship Official Film 1979 **23.45** Eurosport

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** Kaninn
**FM 102,2** Útv. Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun

**TOYO TIRES**
driven to perform




**ÖRYGGI ALLAN HRINGINN**
TOYO TIRES
driven to perform

# „Reynslan kennir mér að vönduð dekk skipta öllu máli"

## Toyo harðskeljadekkin fá hæstu einkunn við íslenskar aðstæður



„Ég legg ríka áherslu á að nemendur mínir geri sér grein fyrir hversu mikilvæg vönduð dekk eru fyrir öryggi allra í umferðinni. Ég bendi á reglur um lágmarks mynsturdýpt á dekkjum og kenni hvernig auka má endinguna, t.d. með því að fara varlega í beygjum og fylgjast með loftþrýstingi. Svo minni ég á að léleg dekk auka eyðslu bílsins. Ef ég er spurður um hvað séu góð dekk, mæli ég hiklaust með harðskeljadekkjum – þau hafa reynst mér frábærlega."

**Sigurður Jónasson** - Ökukennari hjá 17. is

**Söluaðilar um land allt**
Upplýsingar í síma 590 2045
eða á www.benni.is



Reykjavík NESDEKK Reykjanesbæ

Bílabúð Benna
Sérfræðingar í bílum

**BÍÓMYNDIN**



**Ég er mjög hrifin af ævintýramyndum eins og Lord of the Rings og Harry Potter-myndunum. Reyndar erum við mæðgurnar líka mjög hrifnar af Aulinn ég 2, sem við sáum fyrir skömmu.**

Kristjana Stefánsdóttir tónlistarkona.

# Útrýma veseni og vergangi á hæstu tindum

Einn fjölmennasti gönguklúbbur Íslands fagnar tveggja ára afmæli með balli í Iðnó á laugardagskvöldið.

„Mig langaði að ganga á Leggjabrjót fyrir tveimur árum en það er alltaf svo mikið vesen með bíla þegar maður er að ganga frá A til B. Ég nennti varla að standa í þessu veseni en datt í hug að smala fólki saman svo hægt væri að leigja rútu. Á leiðinni heim var ákveðið að fara í aðra göngu og allt í einu var búið að stofna klúbb,“ segir Einar Skúlason, frumkvöðull og einvaldur í gönguklúbbnum Vesen og vergangur. Klúbburinn er einn af fjölmennustu gönguklúbbum landsins og fagnar tveggja ára afmæli um þessar mundir.

„Þegar kom að því að nefna hann varð hann að heita Vesen því það var verið að leysa svo mikið vesen. Einhver vildi líka skíra hann Vergang þannig að við smelltum þessu saman. Við erum í raun að koma í veg fyrir vesen og vergang því það er öruggara að ganga með öðrum.“

Meðlimir í klúbbnum eru rúmlega tvö þúsund og koma úr öllum áttum. Göngurnar eru miserfiðar og því ætti enginn að vera hræddur við að skella sér í klúbbinn.

Einar byrjaði ungur að ganga á fjöll og er með bók um gönguleiðir í bígerð sem kemur út í vor. Hann heldur ball í Iðnó á laugardag til að fagna tveggja ára afmæli gönguklúbbsins.

„Það eru allir velkomnir og þetta gæti verið fyrsta skrefið til inngöngu í klúbbinn – mæta fyrst á ball og fara síðan á fjall,“ segir Einar en allar upplýsingar um klúbbinn og ballið eru að finna á Facebook-síðu Vesens og vergangs.

liljakatrin@frettabladid.is



**BLÆS TIL BALLS** Einar lét undan þrýstingi og heldur ball á laugardag þar sem hljómsveitin Brimnes spilar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Emmsjé Gauti býður í afmæli



**BÝÐUR Í PARTÍ** Afmælisbarnið Emmsjé Gauti er að verða 24 ára.

„Þetta verður stærsta afmælisveislan mín til þessa,“ segir rapparinn Emmsjé Gauti um afmælisveislu sem hann heldur á föstudaginn á Prikinu klukkan 21.

„Lög af nýju plötunni minni verða spiluð og ef stemningin verður góð fer ég upp á svið og tek nokkur vel valin lög,“ segir Emmsjé Gauti. Nú er verið að leggja lokahönd á framleiðslu plötunnar Þeyr.

„Platan er úti í prenti. Ég mun líka gefa hana út á vínyl.“ - kak




Jólamarkaður
Ármúli 22, 2. hæð
Opið frá 13:00-18:00
alla virka daga



Mögnu-
sagan öll

Sagan um Möngu með svartan vanga, systurnar í Baslhaga og fleiri hvunndagshetjur eftir **Ómar Ragnarsson.**




ÚTGÁFUHÓF
í Bókabúð Máls og menningar
á Laugavegi 18 kl. 17 í dag.
Verið velkomin!

www.forlagid.is – alvöru bókabúð á netinu




**SÁTT VIÐ PLÖTUNA** Lovísa Elísabet Sigrúnardóttir, betur þekkt sem Lay Low, sendir frá sér nýja plötu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Lay Low talar um veðrið á nýrri plötu

Tónlistarkonan Lay Low sendir frá sér nýja plötu en hún hefur komið víða við.

„Þetta var áhugavert og skemmtilegt því ég hafði aldrei gert þetta áður svona ein,“ segir tónlistarkonan Lovísa Elísabet Sigrúnardóttir, betur þekkt sem Lay Low, sem er þessa dagana að senda frá sér sína fjórðu breiðskífu. Lovísa vann plötuna, sem ber titilinn Talking About the Weather, að miklu leyti ein, tók hana upp að mestu ein og samdi lög og texta. Þá spilar hún á öll hljóðfærin nema á trommurnar en hún fékk góðan vin sinn, Bassa Ólafsson, til að tromma fyrir sig.

„Ég hefði getað gert plötuna á stuttum tíma ef ég hefði fengið fólk í vinnu með mér en ég vildi gera þetta ein og eyddi miklum tíma í að læra hitt og þetta sem tengist upptökum,“ útskýrir Lovísa. Bretinn Ian Grimble annaðist hljóðblöndun en hann hefur getið sér gott orð við upptökustjórn með hljómsveitum á borð við Daughter, Beth Orton, Benjamin Francis Leftwich og Travis svo fátt eitt sé nefnt.

Nýja platan er á ensku en síðasta plata var á íslensku.

„Mér finnst auðveldara að semja á ensku. Á síðustu plötu átti ég bara einn texta, þetta voru allt íslensk ljóð. Ég spila líka talsvert erlendis og þá hentar enskan oft betur.“

Lovísa starfar jöfnum höndum á Íslandi og erlendis. Hún eyddi drjúgum hluta ársins 2012 á tónleikaferðalögum og hitaði meðal annars upp fyrir Of Monsters and Men bæði á Bandaríkja- og Evrópuferð þeirra.

„Það var rosalega gaman og lærdómsríkt. Ég var bara ein og var það því oft krefjandi og skemmtilegt að spila ein fyrir framan mörg þúsund manns,“ segir Lovísa. Þá hitaði hún einnig upp fyrir hljómsveitina Daughter í Bretlandi í ársbyrjun 2013.

Lovísa ætlar að fylgja nýju plötunni eftir með tríói, sem auk hennar er skipað Bassa Ólafssyni trommuleikara og Birki Rafni Gíslasyni, gítar- og bassaleikara. „Það eru tónleikar í Hofi laugardaginn 16. nóvember og svo í Fríkirkjunni 22. nóvember. Ég hef alltaf haldið útgáfutónleika og finnst mjög gaman að sjá þróunina á milli platna,“ segir Lovísa.

gunnarleo@frettabladid.is

## Ferill Lay Low í hnotskurn

Lay Low kom fyrst fram á sjónarsviðið árið 2006 með fyrstu plötu sína Please Don't Hate Me og titillag plötunnar sló strax í gegn.

Hún sá um tónlistina fyrir leikritið Ökutímar og kvikmyndina Desember.

Hún tók þátt í minningartónleikum Ellýjar Vilhjálmsdóttur, söng dúett með Ragga Bjarna sem skipaði fyrsta sæti á Rás 2 í margar vikur.

Hún kom fram á sextugsafmælistónleikum með Agli Ólafssyni og söng inn á plötu með honum og nú nýverið söng hún inn á plötu með Björgvini Halldórssyni.

Hún efndi til stofutónleika heima hjá sér sem var streymt á netinu. Yfir fjögur þúsund manns um víða veröld sáu tónleikana en fyrr á árinu voru þeir einnig gefnir út á DVD-diski sem nefndist Live at Home. Þetta er í fyrsta skipti sem íslenskur tónlistarmaður stendur að tónleikum með þessum hætti.




→ Fyrsta platan, Please Don't Hate Me, kom út árið 2006.



→ Önnur platan, Farewell Good Night's Sleep, kom út árið 2008.




→ Þriðja platan, Brostinn strengur, kom út árið 2011.



→ Fjórða og nýjasta platan, Talking About The Weather, kemur út núna.

# Sony Center

www.sonycenter.is

**5 ÁRA ÁBYRGÐ FYLGIR ÖLLUM SJÓNVÖRPUM**



# 50"

## risi á frábæru verði

## 259.990.-

- √ Stórt
- √ Gott
- √ Frábært verð
- √ 5 ára ábyrgð

**GLÆSILEG HÖNNUN Á FRÁBÆRU VERÐI**

**50"** LED SJÓNVARP KDL50W656

- Full HD 1920 x1080 punktar
- 200 Hz X-Reality myndvinnslukerfi
- Multimedia HD link fyrir snjallsíma
- Nettengjanlegt og innbyggt WiFi

**Verð 259.990.-**



Tilboð **189.990.-**

**ÖRÞUNNT OG FLOTT**

**42"** LED SJÓNVARP KDL42W653

- Full HD 1920 x1080 punktar
- 200 Hz X-Reality myndvinnslukerfi
- Multimedia HD link fyrir snjallsíma
- Nettengjanlegt og innbyggt WiFi

**Tilboð 189.990.-** Verð áður 199.990.-



Tilboð **299.990.-**

**FRAMÚRSKARANDI MYNDGÆÐI**

**47" 3D** LED SJÓNVARP KDL47W805

- Full HD 1920 x1080 punktar
- 400 Hz X-Reality myndvinnslukerfi
- Multimedia HD link fyrir snjallsíma
- Nettengjanlegt og innbyggt WiFi

**Tilboð 299.990.-** Verð áður 389.990.-




Tilboð **399.990.-**
PS3 fylgir með



**FRÁBÆR KAUPAUKI FYLGIR**

**46" 3D** LED SJÓNVARP KDL46W905

- Full HD 1920 x1080 punktar
- 800 Hz X-Reality myndvinnslukerfi
- Multimedia HD link fyrir snjallsíma
- Nettengjanlegt og innbyggt WiFi

**Tilboð 399.990.-** Verð áður 519.990.-

**Sony Center**
**Verslun Nýherja Borgartúni**
**569 7700**

**Sony Center**
**Verslun Nýherja Kaupangi Akureyri**
**569 7645**

**12 MÁNAÐA VAXTALAUS LÁN VISA***

*3,5% lántökugjald og 340 kr. færslugjald á hvern gjalddaga.

FRÉTTABLAÐIÐ
VIÐ SEGJUM FRÉTTIR • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR
RITSTJÓRN 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is AUGLÝSINGADEILD auglysingar@frettabladid.is PRENTUN Ísafoldarprentsmiðja
9 771670 387005
Póstdreifing
DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

WOW MOMENT
SENDU OKKUR ÞITT Á WOW.IS

## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Verðlaunuð í Þýskalandi

Leikstjórinn **Sólveig Anspach** hlaut ungdómsverðlaunin á frönskum kvikmyndadögum sem voru haldnir í borgunum Tübingen og Stuttgart í Þýskalandi. Verðlaunin fékk hún fyrir frönsku myndina Queen of Montreuil sem kom út í fyrra. Didda Jónsdóttir og Úlfur Ægisson leika stór hlutverk í myndinni, sem var frumsýnd hér á landi á Alþjóðlegu kvikmynda hátíðinni í Reykjavík á síðasta ári.

Nýjasta mynd Sólveigar er hin franska Lulu in the Nude sem fer í almennar sýningar í Frakklandi í byrjun næsta árs. Sólveig leikstýrði sinni fyrstu kvikmynd, Stormviðri, árið 1999 og var myndin valin í flokkinn Un Certain Regard á Cannes-hátíðinni það árið. - fb



### 50 afmæliskort

**Þórhallur Gunnarsson**, yfirmaður dagskrárdeildar Sagafilm, fagnaði fimmtugsafmæli sínu á mánudaginn. Samstarfsfélagar hans ákváðu að koma honum skemmtilega á óvart á þessum merkisdegi og límdu fimmtíu afmæliskort á skrifstofuhurð hans – eitt kort fyrir hvert ár sem hann hefur lifað. - lkg



## Mest lesið VÍSIR

1 Greindist með krabbamein í beinni útsendingu
2 Nýnasisti reyndist þeldökkur að hluta
3 Leika sér að því að rota saklaust fólk
4 Rómantík hjá Írisi Björk og Chris Pine
5 Missti 150 kíló með hjálp konungs
6 Miðalausar fótboltabullur væntanlegar

Börn á Filippseyjum þurfa þína hjálp – NÚNA



Sendu sms-ið **barn** í númerið **1900**
til að styrkja neyðarstarfið um 1900 krónur
unicef

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA 13-3080

WOW
FLUGFÉLAG **FÓLKSINS**

JULEFROKOST
Í KÖBEN EÐA
VERZLA Í MALMÖ




**Flís af feitum sauð, nú eða purusteik!**

Borgirnar við Eyrarsundið eru óviðjafnanlegar á aðventunni. Upplifðu jólaandann í miðbæ Kaupmannahafnar eða Malmö, með bolla af jólaglöggi í annarri og H&M poka í hinni - og komdu jólakettinum fyrir kattarnef.

LÆGRA VERÐ · STUNDVÍSI · NÝRRI VÉLAR · BREIÐASTA BROSIÐ · LOFORÐ WOW

**MALMÖ**
Innifalið:
Gisting í **3 nætur** með morgunverði.
Verð frá: **51.500 kr.**
Flug með sköttum og gjöldum. 10 kg handfarangur.
Ferðatímabil: 21/11, 28/11, 5/12, 12/12, 13/02 og 27/02

**KÖBEN**
Innifalið:
Gisting í **3 nætur** með morgunverði.
**Julefrokost** um kvöldið á Café Petersborg
Verð frá: **77.700 kr.**
Flug með sköttum og gjöldum. 10 kg handfarangur.
Ferðatímabil: 28/11 - 1/12 og 5-8/12

Við fljúgum til >> London >> Kaupmannahafnar >> Parísar >> Berlínar >> í allan vetur

Wowtravel.is | Katrínartún 12 | 105 Reykjavík | 590 3000 | wowtravel@wowtravel.is